# FRÉTTABLAÐIÐ

214. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 10. SEPTEMBER 2016




# Aldrei séð eftir að hafa gefið dóttur sína

**Vigdís Erlingsdóttir** var ung einstæð móðir og tók þá ákvörðun að gefa nýfædda dóttur sína ástríkum foreldrum sem þráðu barn.

→ 22

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## Uppgjör Gauja litla við offituna

→ 26



## Barist í ellefu fylkjum

→ 6



→ 50

## Tækifærin leynast í Miss Universe

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015








## Veður




Stíf norðanátt og mikil rigning norðantil á landinu. Sunnantil á landinu má gera ráð fyrir hægari vindi með rigningu af og til. Hiti 7 til 12 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 38

# Ríkið afnemur bankaábyrgð

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórn Íslands hefur eftir samráð við Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands ákveðið að nema úr gildi yfirlýsingu um ábyrgð ríkissjóðs á innstæðum.

Yfirlýsing var gefin eftir fjármálaáfallið haustið 2008. Í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu segir að innlendar innlánsstofnanir standi í dag traustum fótum, hvað snertir eigið fé, fjármögnun, lausafé eða jafnvægi í rekstri. Þá hafa ýmsar viðamiklar breytingar orðið á lagaumhverfi fjármálamarkaða á síðustu árum frá setningu neyðarlaganna árið 2008.

„Einnig hafa orðið breytingar á lögum um innstæðutryggingar þar sem sú vernd sem innstæðutryggingakerfið veitir er afmörkuð skýrar með áherslu á að vernda innstæður almennings,“ segir í tilkynningu frá ráðuneytinu. **– jhh**

# Birgitta borin þungum sökum

**STJÓRNMÁL** Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, hafnar ásökunum um að hafa reynt að hafa áhrif á prófkjör flokksins í Norðvesturkjördæmi. Birgitta er sögð hafa hringt í flokksfólk eftir fyrstu kosningu og reynt að hafa áhrif á uppröðun á lista flokksins.

Á Facebook-síðu sinni segist Birgitta ekki hafa hringt í fólk í þeim tilgangi að hvetja það til að kjósa á einhvern tiltekinn hátt í prófkjörum Pírata undanfarnar vikur.

Birgitta segist ekki hafa farið fram á að fólki væri raðað á lista eftir tiltekinni röð né að listum yrði hafnað.

Birgitta kveðst vilja funda með hlutaðeigandi við fyrsta tækifæri til að „reyna að skilja hvernig viðkomandi upplifði atburðarás undanfarinna vikna.“


Birgitta

Birgitta svaraði ekki símanum er hringt var í hana í gærkvöldi. **– sg**




# Biebervagnar við Smáralind




Það þurfti ófáa strætisvagna til að ferja gesti á tónleika Justins Bieber í Kórnum. Í gærkvöldi fóru seinni tónleikarnir fram. Áætlað er að allt að nítján þúsund manns hafi sótt þá, örlítið fleiri en kvöldið áður. Fyrstu gestirnir mættu eldsnemma og biðu allan daginn áður en hleypt var inn í höllina klukkan fimm. Bieber brást ekki aðdáendum sínum sem fengu enn líflegri og kraftmeiri tónleika en raunin var í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Allir fordæma Norður-Kóreu

**NORÐUR-KÓREA** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur verið kallað saman til þess að ræða mögulegar aðgerðir vegna kjarnorkutilrauna Norður-Kóreu.

Í fyrrinótt bárust fregnir af því að Norður-Kóreumenn hefðu sprengt kjarnorkusprengju í tilraunaskyni. Sprengjan er talin öflugasta tilraunasprengja þeirra til þessa, en hún framkallaði jarðskjálfta sem mældist 5,3 stig. Um fimmtu kjarnorkutilraun Norður-Kóreumanna er að ræða.

Stjórnvöld víðs vegar um heim hafa fordæmt kjarnorkusprenginguna. Obama Bandaríkjaforseti sagði meðal annars að atburðurinn muni hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér. **– sg**

**» Kjarnorkusprengjan sem Norður-Kóreumenn sprengdu framkallaði öflugan jarðskjálfta.**

# Mikil áskorun að gera öllu þessu efni góð skil

**Sigrún Bára Friðfinnsdóttir, ekkja Ólafs Lárussonar myndlistarmanns, hefur gefið Nýlistasafninu fjölda verka og allt innihald vinnustofu listamannsins. Á nýju ári er fyrirhuguð yfirlitssýning á verkum Ólafs í Marshall-húsinu á Granda.**

**MENNING** Nýlistasafninu barst í vikunni gjöf frá Sigrúnu Báru Friðfinnsdóttur, ekkju Ólafs Lárussonar myndlistarmanns.

Ólafur var á meðal mikilvirkustu myndlistarmanna sinnar kynslóðar en féll frá árið 2014. Hann hefði fagnað 65 ára afmæli sínu í dag, þann 10. september.

Gjöfin inniheldur mikið af efni frá vinnustofu Ólafs frá árunum 1970 til 1990, þar með talinn hluti af persónulegu bókasafni hans, filmusafn, negatífur og upptökur af gjörningum, listaverk, ljósmyndir, skyggnur, verk á hugmyndastigi og fjölmargt fleira.

Þorgerður Ólafsdóttir, safnstjóri Nýlistasafnsins, segir að fyrir dyrum standi yfirlitssýning á verkum Ólafs í upphafi næsta árs í nýju sýningarrými safnsins í Marshall-húsinu úti á Granda.

„Einn mikilvægasti hluti þessarar veglegu gjafar er að söfnin eru að endurskoða hlutverk sitt með það hverju þau eiga að safna. Hérna erum við að tala um allt sem fyrirfinnst á vinnustofu listamanna. Efni sem varpar miklu betra ljósi og veitir betri innsýn í ferli listamanns og þá hugmyndavinnu sem liggur á bak við verkin,“ segir Þorgerður.

Ólafur var einn af stofnendum Nýlistasafnsins og sýningin sem stendur fyrir dyrum hefur verið lengi í burðarliðnum.

„Því miður tókst ekki að koma þessari sýningu upp áður en hann féll frá. Þess vegna á þessi sýning að vera hylling á lífi hans og starfi og draga fram í ljósið öll þessi merku verk sem hann gerði á þessum tíma. Verk sem hafa aldrei verið sýnd saman.“



Becky Forsythe og Þorgerður Ólafsdóttir munu stýra yfirlitssýningu á verkum Ólafs Lárussonar í Marshall-húsinu í upphafi næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Rollingline, verk eftir Ólaf Lárusson.

Þorgerður segir að safnið sé nú með mikið efni, líka frá söfnum og einkasöfnum, og að það verði mikil áskorun að gera því góð skil.

„Ég lét Sigrúnu Báru vita fyrir um ári að þessi sýning stæði fyrir dyrum sem opnunarsýning Marshall-hússins,“ segir Þorgerður. Í vor hafi Sigrún Bára tekið ákvörðun um að afhenda safninu allt þetta efni.

„Við erum ákaflega þakklát fyrir það. Ólafur hafði sjálfur haldið utan um og skráð allt sérstaklega vel. Þannig var hann í raun búinn að leggja línurnar fyrir okkur með hvernig við ættum að varðveita efnið hans.“ **magnus@frettabladid.is**

blómaval | HÚSASMIÐJAN HLUTI AF BYGMA

# AFMÆLIS ÚTSALA

60 ÁRA 1956 - 2016

Bjóðum í sannkallaða útsöluveislu í tilefni 60 ára afmælis Húsasmiðjunnar



## BJÓÐUM ÖLLUM ÓKEYPIS ÍS

Á laugardag í Húsasmiðjunni Skútuvogi kl. 13-16 og Akureyri kl. 10-16

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

- Flísar 20-40% afsláttur
- Pottaplöntur 20-50% afsláttur
- Handverkfæri 20- 30% afsláttur
- Gjafavara Blómaval 20-50% afsláttur
- Verkfæratöskur 20-50% afsláttur
- Ljós 25% afsláttur
- Kerti 20% afsláttur
- Stanley verkfæri 20% afsláttur
- Black & Decker rafmagnsverkfæri 25% afsláttur
- Hitachi rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- DeWalt rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- Álstigar og -tröppur 20% afsláttur
- Garðverkfæri 30% afsláttur
- Ryksugur 20% afsláttur
- Plastkassar 30% afsláttur
- Garðálfar 50% afsláttur
- Plastkörfur 25% afsláttur
- Straubretti 25% afsláttur
- Þvottasnúrur 25% afsláttur
- Luktir 20% afsláttur
- Valdar innihurðir frá Jeld Wen 20% afsláttur
- Nilfisk háþrýstidælur og ryksugur 20% afsláttur
- Henrad miðstöðvarofnar 20% afsláttur
- Stanley loftpressur 25% afsláttur
- Málning 20% afsláttur
- Vegg- og loftaþiljur 20% afsláttur
- Útiarinn 25% afsláttur
- Örbylgjuofnar 20% afsláttur
- Búsáhöld 25-30% afsláttur
- Fatnaður 15-20% afsláttur
- Reiðhjól 30% afsláttur
- Valdar vörur á lækkuðu verði:
  Frystikistur • Parket
  Blöndunartæki • Handlaugar

... og margt fleira!



*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslanna.

- 40% ... % - 40% - 50% - 20% - 30% - 40%

...Ð - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TIL...



Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðju-blaðinu á www.husa.is

Byggjum á betra verði

www.husa.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 04.09.16-10.09.16



**40**
**þúsund**
fuglar er ráðlögð rjúpnaveiði Náttúrufræðistofnunar en hún var 54 þúsund fuglar á síðasta ári.

**2,4**
**milljónir**
verður fjöldi ferðamanna á næsta ári samkvæmt spá Greiningar Íslandsbanka.



**200**
**milljónir**
króna rúmar eru áætlaðar tekjur Hallgrímskirkju af heimsóknum í kirkjuturninn á þessu ári.

**purpose**
**38 þúsundum**
gafst færi á að sækja tónleika Justins Bieber í Kópavogi. Sumir fóru á hvora tveggja tónleikana.



**3 milljónir**
flugsæta verða í boði til og frá Keflavíkurflugvelli á komandi vetri.

**3,6 milljarðar**



er verðmæti hvalaafurða í frystigeymslum Hvals hf. Óseldar birgðir voru að verðmæti 1,8 milljarðar króna fyrir tveimur árum.

## Þrjú í fréttum
### Flokkaskipti, tvöfalt gjald og spilakassar

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
*fv. varaformaður Sjálfstæðisflokksins*



gerðist frambjóðandi Viðreisnar. Hún sagðist ekki líta á framboðið sem klofningsframboð. Einfaldlega væri verið að finna farveg fyrir frjálslyndu öflin til þess að þeirra sjónarmið heyrðust aðeins hærra heldur en verið hefði á umliðnum misserum. Þorsteinn Pálsson, fv. formaður Sjálfstæðisflokksins, gekk einnig til liðs við Viðreisn.

**Rut Þorsteinsdóttir**
*sem er með hreyfihömlun*



þurfti að kaupa sérstakan aðgöngumiða fyrir aðstoðarmanneskju sína á tónleika Justins Bieber þar sem hún nýtur ekki liðveislu eða notendastýrðrar persónuaðstoðar. Rut hafði ekki þrótt til að vera á tónleikunum nema hún væri í hjólastól. Í nágrannalöndunum fá aðstoðarmenn að fylgja með á tónleika án sérstakrar greiðslu.

**Ögmundur Jónasson**
*alþingismaður*



kvaðst taka ofan fyrir einstaklingnum sem sýndi það frumkvæði að stefna íslenska ríkinu og öllum þeim sem reka spilakassa í skjóli hins opinbera. Hann sagði þetta endurspegla framtaksleysi stjórnvalda og Alþingis í þessum efnum. Einstaklingurinn fer fram á 77 milljónir í skaðabætur vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir og 24 milljóna endurgreiðslu. Hann á kvittanir sem sýna að hann hafi spilað fyrir þessa upphæð.

# Fimm fæðingardeildir í Malaví fjármagnaðar með íslensku fé

**William Wayne Peno, yfirhéraðslæknir í Mangochi-héraði í Malaví, segir að íslenska heilbrigðiskerfið eigi við lúxusvandamál að stríða. Í Malaví sé eitt stærsta heilbrigðisvandmálið andlát af barnsförum. Peno er hér á landi að kynna sér íslenskt heilbrigðiskerfi á vegum ICEIDA, alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.**

**SAMFÉLAG** „Vandamál íslenska heilbrigðiskerfisins eru lúxusvandamál,“ segir William Peno, yfirhéraðslæknir í Mangochi-héraði í Malaví. Héraðið er í samstarfi við íslensk stjórnvöld í gegnum ICEIDA, alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Peno er 29 ára gamall og ábyrgur fyrir allri heilbrigðisþjónustu í héraðinu þar sem búa nærri 1,2 milljónir manna. Stúlkur eiga börn mjög ungar í héraðinu, allt niður í 13 ára gamlar, og eru orðnar margra barna mæður fyrir tvítugt.

Verkefni Íslands í héraðinu má skipta í þrjá hluta, lýðheilsuverkefni, menntaverkefni og vatnsveituverkefni. Hluti af lýðheilsuverkefninu er bygging fimm fæðingardeilda til að tryggja betri heilbrigðisþjónustu við verðandi mæður og nýfædd börn þeirra.

„Eitt af stærstu vandamálum okkar eru andlát af barnsförum. Á mínu svæði eru þetta líklega um fimmtíu konur á ári, í samanburði við ykkur sem eruð kannski með eitt andlát á tíu ára fresti,“ segir Peno.

„Ykkar heilbrigðiskerfi í samanburði við okkar kerfi er eins og svart og hvítt, norður og suður. Þið eruð ljósárum frá okkur þegar kemur að tækni. Eins og staðan er í dag þurfum við að reka heilbrigðisþjónustu í mínu héraði fyrir 500 þúsund bandaríkjadali á ári [57 milljónir íslenskra króna] og það er með öllu sem því fylgir fyrir rúmlega milljón manns.“

Peno hefur kynnt sér íslenska heilbrigðiskerfið síðastliðna daga og hitt yfirlækna og stjórnendur á spítölunum. Hann vonast til að fá töluverða þekkingu sem geti nýst til jákvæðra breytinga í heimalandinu.

„Nú er til umræðu að malavískir læknanemar geti komið til Íslands til að öðlast þekkingu og reynslu hér,“ segir Peno.



> **Ykkar heilbrigðiskerfi í samanburði við okkar kerfi er eins og svart og hvítt, norður og suður.**
> William Peno, yfirhéraðslæknir í Mangochi-héraði í Malaví

**William Peno er orðinn yfirhéraðslæknir í stóru héraði í Malawi aðeins 29 ára. Hann er kominn til að læra af íslensku heilbrigðiskerfi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Sjúkrabílar eru meðal þess sem Peno hefur skoðað hér á landi. Þetta eru malavískar sjúkrabörur sem hengja má aftan á reiðhjól og eru merki um þá frumstæðu tækni sem heilbrigðiskerfið þar ytra þarf að búa við.**

Á því svæði sem Peno stýrir eru um 11 prósent íbúa smituð af HIV. Malaríusmit er einnig algengt en svo hafa lífsstílssjúkdómar á borð við sykursýki og háþrýsting aukist þar að sama skapi. Eftir sem áður er það þá dánartíðni mæðra sem veldur hvað mestum áhyggjum.

„Á Íslandi mæta konur um tíu sinnum í mæðraeftirlit á meðgöngunni. Hjá okkur bjóðast konum fjórir tímar í mæðraeftirlit en það er ekki vandamálið. Vandamálið er að aðeins sjö prósent kvennanna geta mætt. Það hefur með aðgengi að þjónustunni að gera en einnig hjátrú um að slíkar heimsóknir geti að einhverju leyti skaðað barnið.“

Í heimsókn sinni til Íslands hefur Peno heyrt marga heilbrigðisstarfsmenn kvarta yfir bágum vinnuaðstæðum. „Ég skil að í ykkar huga séuð þið að glíma við vandamál. En frá mínu sjónarhorni eigið þið ekki við nein vandamál að stríða.“

**snaeros@frettabladid.is**


Prófkjör Sjálfstæðisflokksins 10. september 2016

**Kjósum Helgu í 2. – 4. sætið**




*Helga leggur áherslu á að:*

- *Lækka tryggingagjaldið í 5,35%*
- *Lögfesta rétt barna til dagvistunar frá 1. árs aldri*
- *Afnema skerðingu á bótagreiðslum vegna atvinnutekna öryrkja og eldri borgara að fullu.*

*Prófkjör í Suðvesturkjördæmi*

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

TOYOTA ER KOMIÐ Í

# HAUSTGÍRINN

HJÁ ÖLLUM VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM




ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 80997 08/16

**Avensis Touring Sports með aukahlutapakka:**
Leiðsögukerfi, dráttarbeisli, farangursbox og þverbogar. **Verðmæti: 399.000 kr.**

**Avensis Sedan með aukahlutapakka:**
Leiðsögukerfi, króm á púst, krómlistar á allar hliðar og gluggavindhlífar. **Verðmæti: 322.000 kr.**



**RAV4 2WD dísil eða Hybrid með kaupauka að eigin vali:**
- Ferðaklár með sex manna tjaldi, gasgrilli og fl. í **486.000 kr. ferðapakka.**
- Dráttarklár með kerru og dráttarbeisli í aukahlutapakka að **verðmæti 344.000 kr.**

**Corolla á sérkjörum**
Valdar gerðir úrvalsbíla á áður óséðu sértilboðsverði.

**Auris á sérkjörum**
Valdar gerðir úrvalsbíla á áður óséðu sértilboðsverði.

**AYGO með 2 ára þjónustupakka:**
Skoðun og smurning í tvö ár!

**Glæsileg sértilboð á haustdögum**
Við setjum í haustgír hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.
Nú er rétti tíminn til að gera frábær kaup og ná sér í veglegan kaupauka.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Spurðu söluráðgjafa út í haustgíruð sértilboð!

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## Fylgi forsetaframbjóðendanna í fylkjunum




# Ellefu fylkja slagurinn

**Línur eru farnar að skýrast í baráttunni um forsetaembættið í Bandaríkjunum. Donald Trump og Hillary Clinton verja stærstum hluta fjármagns síns og tíma í aðeins nokkrum lykilfylkjum. Ekkert fylkjanna fær jafnmikla athygli og Ohio.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



**BANDARÍKIN** Aðeins tveir mánuðir eru í forsetakosningar í Bandaríkjunum 8. nóvember næstkomandi. Frambjóðendur eru í fimmta gír og flakka milli ræðuhalla til að halda kosningafundi víða um landið.

Þó fá ekki öll fylki Bandaríkjanna að hýsa kosningafund annars hvors frambjóðendanna tveggja sem njóta mests fylgis, Repúblikanans Donalds Trump og Demókratans Hillary Clinton.

Þess í stað hefur baráttan mestmegnis farið fram í broti þeirra fimmtíu fylkja sem mynda Bandaríkin. Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem RealClear Politics tekur saman eru nefnilega einungis ellefu fylki þar sem munurinn á milli frambjóðendanna tveggja er undir sex prósentustigum. Þau eru: Flórída, Virginía, Ohio, Pennsylvanía, Wisconsin, Iowa, Nevada, Arizona, Georgía, Norður-Karólína og Missouri. Aðrir miðlar á borð við Politico hafa bætt Colorado, Michigan og New Hampshire við þennan lista en þar sýnir meðaltal skoðanakannana ögn meiri mun.

### Fólkið kýs ekki forseta

Ástæða þess að einungis er barist um brot þeirra fylkja sem mynda Bandaríkin er kosningakerfi gjörólíkt því sem við þekkjum hér.

Atkvæði Bandaríkjamanna eru nefnilega ekki talin sem ein heild heldur eru haldnar kosningar í hverju fylki fyrir sig, þó samdægurs. Það er gert vegna þess að kjósendur kjósa ekki forseta heldur svokallaða kjörmenn sem hittast stuttu eftir kosningar og greiða atkvæði líkt og almenningur kaus þá til að gera.

Fylki eru með mismarga kjörmenn, áætlað gróflega eftir fólksfjölda, og því sum fylki í raun verðmætari en önnur fyrir frambjóðendur.

Allir kjörmenn sama fylkis kjósa alla jafna sama frambjóðanda og meirihluti almennings í fylkinu gerði. Þannig fær sá frambjóðandi sem fær flest atkvæði í fylkinu, sama hvort hann vann með einu atkvæði eða milljón, alla kjörmenn fylkisins.

Alls eru 538 kjörmenn í Bandaríkjunum og þarf frambjóðandi því að tryggja sér 270 kjörmenn til að tryggja sér forsetaembættið.

### Clinton með forskot

Líkt og skoðanakannanir hafa sýnt er Clinton með tæplega þriggja prósentustiga forskot á landsvísu. Ef rýnt er í kannanir fyrir hvert fylki fyrir sig má einnig sjá að Clinton er með gott forskot þegar kemur að kjörmönnum, hún þarf því að vinna færri baráttufylki en Trump ef hún vill verða forseti.

Alls mælist Clinton með öruggt forskot í tuttugu fylkjum sem hafa samtals 229 kjörmenn. Trump mælist hins vegar með gott forskot í nítján fylkjum sem hafa samtals 154 kjörmenn.

Allnokkur fylki eru nógu höll undir annan hvorn flokkinn til að hafa kosið frambjóðanda sama flokks allt frá aldamótum. Til að mynda hafa Kaliforníubúar og íbúar New York einungis kosið Demókrata á þeim tíma og Texasbúar ávallt Repúblikana. Þau fylki sem hafa kosið Demókrata alla tíð frá 2000 búa yfir 242 kjörmönnum en fylki Repúblikana 179.

### Ohio fær mesta athygli

Þau þrjú baráttufylki þar sem kjörmenn eru flestir eru Ohio með sína átján, Pennsylvanía með tuttugu og Flórída með 29. Undanfarna mánuði hafa íbúar þeirra fylkja því fengið að sitja undir milljóna bandaríkjadala virði af sjónvarps- og útvarpsauglýsingum sem og tíðum kosningafundum frambjóðenda.

Ohio hefur fengið mesta athygli allra baráttufylkja. Samkvæmt greiningu Politico höfðu hvorki Clinton né Trump heimsótt nokkurt annað fylki oftar á þessu ári, um átta sinnum hvort. Í kjölfarið fylgja Pennsylvanía, Virginía, Norður-Karólína og Flórída með um fimm heimsóknir frá hvoru þeirra.

## Brestir hafa myndast í kerfinu

Kosningakerfið sem stuðst er við í forsetakosningum í Bandaríkjunum útilokar ekki að frambjóðandi sigri án þess að hafa fengið fleiri atkvæði en keppinauturinn. Það hefur raunar gerst fjórum sinnum og síðast árið 2000 þegar Repúblikaninn **George W. Bush** bar sigur úr býtum gegn Demókratanum **Al Gore**.



Mjótt var á munum í þeim kosningum. Bush fékk atkvæði 271 kjörmanns en Gore 266. Hins vegar fékk Gore 48,4 prósent atkvæða en Bush 47,9 prósent. Í kjölfarið fylgdu málaferli þar sem farið var fram á endurtalningu í Flórída sökum afar lítils munar. Hæstiréttur úrskurðaði svo að ekki skyldi telja á ný og vann því Bush alla 25 kjörmenn fylkisins og þar með forsetaembættið. Alls kusu 2.912.790 Bush en 2.912.253 kusu Gore og verður það að teljast afar lítill munur.



Áður höfðu þeir John Quincy Adams, árið 1824, Rutherford B. Hayes, árið 1876, og Benjamin Harrison, árið 1888, orðið forsetar án þess að fá fleiri atkvæði en keppinauturinn.

Einnig eru allnokkur fylki í Bandaríkjunum þar sem löglegt er fyrir kjörmann að kjósa gegn vilja fólksins. Frá aldamótum hefur það gerst tvisvar. Annars vegar árið 2000 þegar kjörmaður frá Washingtonborg neitaði að kjósa Gore og hins vegar árið 2004 þegar kjörmaður frá Minnesota kaus óvart John Edwards, varaforsetaefni Johns Kerry frambjóðanda Demókrata.

KIA Ábyrgð fylgir!
ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is




Kia Sportage
Árgerð 7/2015, ekinn 37 þús km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,9 l/100 km.
4.990.000 kr.
41.290 kr. á mánuði*




Kia Soul EX
Árgerð 12/2014, ekinn 33 þús. km, dísil, 1582 cc, 128 hö, beinskiptur, eyðsla 5,2 l/100 km.
2.990.000 kr.
24.934 kr. á mánuði*




Kia Sorento EX Luxury
Árgerð 1/2015, ekinn 47 þús. km, dísil, 2199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, eyðsla 6,7 l/100 km.
6.750.000 kr.
55.498 kr. á mánuði*




Kia Sorento
Árgerð 2/2013, ekinn 72 þús. km, dísil, 2199 cc, 198 hö, sjálfskiptur eyðsla 6,7 l/100 km.
4.990.000 kr.
41.124 kr. á mánuði*

* Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 84 mánuði. Vextir 8,75% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,5%. Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 8.-12. SEPTEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fyrstu heyrnartækin sem taka eðlilegri heyrn fram í háværu umhverfi

Siemens Pure binax eru fyrstu heyrnartæki veraldar sem gera þér kleift að heyra betur en fólk með eðlilega heyrn. Þessi nýju tæki nota háþróaða binaural tækni sem dregur sjálfvirkt fram einmitt það sem þú vilt heyra en síar jafnframt burt eða dempar þau óþarfa hljóð sem þú vilt ekki heyra. Þú getur einnig stefnumiðað hlustunarsviði tækjanna og þannig beint hlustun þinni að einmitt þeirri manneskju sem þú ræðir við hverju sinni. Þannig gera tækin þér auðveldara að halda uppi samræðum í háværu fjölmenni.

Rannsóknir sýna ennfremur að binax tækin greina tal betur í hávaða en fólk með eðlilega heyrn getur. Binax tækin tengjast einnig snjallsímanum þínum svo þú getur stjórnað styrk, hlustunarkerfum og fleiru í gegnum símann.




Siemens heyrnartækin
Söluaðili á Íslandi: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Háaleitisbraut 1, s:5813855, www.hti.is

LISTAMANNALAUN
• The Artists' Salaries •

**Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2017 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.**

**Umsóknarfrestur er til og með 30. september, kl. 17:00.**

- launasjóður hönnuða
- launasjóður myndlistarmanna
- launasjóður rithöfunda
- launasjóður sviðslistafólks
- launasjóður tónlistarflytjenda
- launasjóður tónskálda

**Umsóknir skiptast í eftirfarandi flokka:**
- Starfslaun fyrir einn listamann í einn launasjóð – eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð
- Starfslaun fyrir skilgreint samstarf listamanna í einn launasjóð – eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð
- Starfslaun fyrir sviðslistahópa – athugið að sú breyting hefur verið gerð að sviðslistahópa-umsókn er felld inn í atvinnuleikhópa-umsókn.

Umsókn um starfslaun, lög og reglugerðir eru á vefslóðinni www.listamannalaun.is. Nota þarf íslykil / rafræn skilríki við umsóknina.

Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef framvinduskýrslu vegna fyrri starfslauna hefur verið skilað til stjórnar listamannalauna, sbr. ákvæði 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

**Breytingar frá síðustu úthlutun**
- Ekki er tekið við umsóknum um ferðastyrki
- Eingöngu verður tekið við rafrænum fylgigögnum í gegnum umsóknarkerfið. Ekki er hægt að skila gögnum á skrifstofu Rannís

**Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Zoëga á skrifstofu Rannís, listamannalaun@rannis.is**

**Stjórn listamannalauna, ágúst 2016**

rannís www.rannis.is

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.
Barnaheill Save the Children á Íslandi

# Vill komast að rót stríðsins í Sýrlandi



Angeline Jolie, leikkona og sérstakur sendiherra Sameinuðu þjóðanna, heimsótti sýrlenskar flóttamannabúðir í Azraq í norðurhluta Jórdaníu í gær. Þar skoraði Jolie á leiðtoga heims að binda enda á þjáningar milljóna barna, kvenna og karla í stríðinu í Sýrlandi. Greina þurfi rót stríðsins og finna lausnir. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Grunnskólastjórar lýsa „grafalvarlegu“ ástandi

**Skólastjórafélag Íslands segir ástandið í mörgum grunnskólum grafalvarlegt. Fé skorti til daglegs reksturs. Skerða þurfi lögbundin hlutverk. Meirihlutinn í borgarstjórn er óhæfur til að takast á við vandann, segir oddviti minnihlutans.**

**MENNTAMÁL** Stjórn Skólastjórafélags Íslands, SÍ, lýsir yfir þungum áhyggjum af fjárhagsstöðu fjölda grunnskóla í landinu. Fjárútlát séu óraunhæf og niðurskurður leiði til skerðingar á lögbundinni þjónustu.

„Það er búið að skera niður inn að beini fyrir löngu,“ segir Kristinn Breiðfjörð, formaður Skólastjórafélagsins.

Skólastjórar í Reykjavík hafa lýst mikilli óánægju með fjárveitingar til þeirra. Ekki sé hægt að bjóða upp á sómasamlegan mat fyrir nemendur í bæði leik- og grunnskólum. Meirihlutinn hefur sagt þær óánægjuraddir ósanngjarnar.

„Mörg sveitarfélög hafa forgangsraðað í þágu nemenda við gerð fjárhagsáætlana en önnur hafa á síðustu árum skorið niður fjármagn til reksturs skólanna. Þetta virðist einkum eiga við nokkur af stærstu sveitarfélögunum. Má þar nefna að í höfuðborginni er að mati SÍ notað óraunhæft og úrelt reiknilíkan til að deila út fjármunum til grunnskólanna,“ segir í ályktun Skólastjórafélagsins.

Kristinn segir sum stóru sveitarfélögin einfaldlega ekki hafa forgangsraðað í þágu grunnskólanna.

„Margir skólar eru með neikvæðan fjárhag og kröfu um hagræðingu sem er löngu komin inn að beini,“ segir Kristinn. „Það þarf að gera skólastjórnendum það kleift að reka skólana án þess að klípa of mikið af lögbundinni þjónustu.“

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, telur meirihlutann ekki hæfan til að reka borgina.

„Ég sagði við kosningar fyrir rúmum tveimur árum að það stefndi í rekstrarlegt skipbrot borgarinnar og við erum að sjá þann spádóm rætast,“ segir hann.

Að sögn Halldórs margfaldast vandinn þegar forgangsröðunin er röng.

„Annars vegar erum við með vondan rekstur og ofan á það ranga forgangsröðun. Það þarf að skera burt gæluverkefni meirihlutans og forgangsraða í grunnþjónustuna.“

Að mati Halldórs er Reykjavíkurborg komin að endamörkum hvað varðar niðurskurð til skólanna.

„Það er gott og blessað að lækka gjöld foreldra en þá verður fjármagn að koma annars staðar frá,“ segir Halldór. „Ef það gerist ekki er betra að foreldragjöld standi í stað til að hægt sé að gefa börnum sómasamlegan mat til að mynda.“

sveinn@frettabladid.is

> Það þarf að skera burt gæluverkefni meirihlutans og forgangsraða í grunnþjónustuna.



Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn

> Það þarf að gera skólastjórnendum það kleift að reka skólana án þess að klípa of mikið af lögbundinni þjónustu.



Kristinn Breiðfjörð, formaður Skólastjórafélagsins




mazda

Mazda2 er einn sá allra glæsilegasti í sínum flokki. Sportlegt útlit og spennandi akstursеiginleikar spila þar stórt hlutverk. Mazda2 er meðal annars fáanlegur með 7" snertiskjá, margmiðlunarkerfi með GPS vegaleiðsögn, nálægðarskynjurum, Bluetooth, 16" álfelgum og leðursætum. Þú getur jafnframt fengið Mazda2 með ýmsum öryggisbúnaði líkt og veglínuskynjara, LED aðalljósum með sjálfvirkri hæðarstýringu og snjallhemlunarkerfi sem varar ökumann við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Byltingarkennd SkyActiv tæknin sem sameinar mikinn vélarkraft, lága eyðslu og takmarkalausa akstursgleði er alltaf staðalbúnaður í Mazda.

*Komdu og reynsluaktu Mazda2*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*







# Veiðimenn undrandi á Náttúrufræðistofnun

**Umhverfisstofnun og Skotveiðifélag Íslands gagnrýna aðferðir Náttúrufræðistofnunar við rannsóknir og tilhögun veiða á rjúpu. Varpstofninn er talinn 47 þúsund til 1,2 milljónir fugla. Rannsóknir kostuðu yfir 100 milljónir á 20 árum.**



Mat Náttúrufræðistofnunar á varpstofni rjúpu er afar vítt. Fréttablaðið/Pjetur

**RANNSÓKNIR** Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) og Umhverfisstofnun eru ósammála um fyrirkomulag veiða á rjúpu í vetur. Skotveiðifélag Íslands átelur vinnubrögð NÍ. Rannsóknir á varpstofni rjúpunnar séu ámælisverðar.

Náttúrufræðistofnun ráðlagði Sigrúnu Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, í vikunni, að heimila veiði á um 40 þúsund fuglum og að veiðidagarnir yrðu aðeins tólf. Umhverfisstofnun vill hins vegar 18 veiðidaga og rjúpnaveiðibann fari varpstofninn undir 90 þúsund fugla.

Dúi Landmark, formaður Skotvís félags skotveiðiáhugamanna, segir Umhverfisstofnun sjá um veiðistjórnun. NÍ eigi ekki að koma með tillögur um veiðitilhögun heldur einvörðungu að meta stofnstærðir nytjastofna á landi.

„NÍ seilist þar með eitt árið til inn á starfssvið Umhverfisstofnunar sem er veiðistjórnun,“ segir Dúi.

> NÍ seilist þar með eitt árið til inn á starfssvið Umhverfisstofnunar sem er veiðistjórnun.
>
> Dúi Landmark, formaður Skotvís



Á síðustu árum hafa farið á annað hundrað milljónir króna úr veiðikortasjóði til að meta varpstofn rjúpu sem er einn sá mest rannsakaði á landinu. Í vor mat NÍ varpstofninn á bilinu 47 þúsund til 1,2 milljónir fugla. Í því virðist lítil vísbending um raunstærðina.

„Við veiðimenn viljum sjálfbærar veiðar og styðjum rannsóknir á stofninum. Það er hins vegar skrýtið eftir allan þennan tíma þar sem veiðimenn hafa greitt fyrir rannsóknir með kaupum á veiðikortum, að þekking NÍ á varpstofni rjúpu er mjög lítil,“ segir Dúi.

Ólafur K. Níelsson, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir unnið að því að bæta mælitækin og aðferðirnar til að meta nákvæmar varpstofn rjúpunnar.

„Unnið hefur verið að því að þrengja öryggismörk en það hefur aðeins verið gert með gögnum frá Norðausturlandi án þess að yfirfæra það á landið allt. Náttúrufræðistofnun er ein þeirra stofnana sem senda umhverfisráðuneytinu tillögur um tilhögun rjúpnaveiða og ákvörðunin er síðan í höndum umhverfisráðherra,“ segir Ólafur.

sveinn@frettabladid.is




**Mitsubishi ASX 4X4** er litla leynivopnið frá Mitsubishi. Hann býr yfir miklum styrk og aksturseiginleikum sem njóta sín vel bæði á mölinni og malbikinu. Svo er hann líka rúmgóður og tæknilega vel búinn. Gíraðu þig inn á lífið og láttu það leika við þig á nýjum Mitsubishi ASX.

**Mitsubishi ASX** Intense Dísil
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

**4.990.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




**Föstudags- og laugardagskvöld 18. nóvember - 10. desember**
Hátíðleg matarupplifun frá matreiðslumeisturum Hilton. Jógvan Hansen, Vignir Snær, Kalli Olgeirs og Stefanía Svavarsdóttir flytja vandaða tónleikadagskrá yfir borðhaldi og að því loknu slá þau upp stórdansleik með hljómsveit og góðum gestum fram eftir kvöldi. **Verð 10.900 kr.**

**Jólin á VOX Restaurant hefjast 19. nóvember**
Hið sívinsæla jólahádegishlaðborð er í boði á virkum dögum, **verð 4.950 kr.** og jólabrunch um helgar, **verð 5.200 kr.**
Stórglæsilegur jólamatseðill er í boði á kvöldin frá 23. nóvember til jóla.

Við bjóðum einnig upp á fjölbreytta möguleika og þjónustu fyrir sérhópa af öllum stærðum og gerðum. Hafðu samband við söludeildina okkar á meetings@icehotels.is og fáðu nánari upplýsingar og tilboð fyrir hópa.

Jólahlaðborðið er jafnan einn vinsælasti viðburður ársins á Hilton. Það borgar sig því að panta borð tímanlega. Þú færð nánari upplýsingar í síma: 444 5052 eða á hilton@hilton.is
**Viltu gera meira úr kvöldinu?** Bókaðu gistingu á www.hilton.is

VOX
RESTAURANT

Hilton
REYKJAVIK NORDICA

Til Kína með konu sem kann sitt Kína

KÍNA

1.-19. nóv. 2016, á ári Apans.

Farið verður til SHANGHAI, SUZHOU, TONGLI, GUILIN, XIAN og BEIJING. Einnig siglt á LI fljótinu og farið upp á KÍNAMÚRINN.

Verð á mann: Kr. 660 þúsund

ALLT innifalið.

Þetta verður 38. hópferðin sem Unnur Guðjónsdóttir skipuleggur og leiðir um Kína.

Skoðaðu vefsíðuna eða hringdu.

Kínaklúbbur Unnar
Njálsgötu 33, 101 Reykjavík
sími: 551 2596, farsími: 868 2726
Vefsíða: kinaklubbur.weebly.com
Netfang: kinaklubbur@simnet.is



Minjaverðir með sverðið sem talið er vera frá 10. öld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fleytti jafnvel kerlingar í Skaftárhlaupi í fyrra

**Þeim möguleika er nú velt upp að sverðið, sem fannst í Skaftárhreppi á dögunum, hafi aðeins legið þar í stutta stund. Hlaup í ánni gæti hafa numið það með sér og fært til. Tóftir á nesi sem áin svarf á brott höfðu aldrei verið kannaðar.**

**SAGA** Sá möguleiki er fyrir hendi að sverðið, sem fannst í vikunni á víðavangi á árbakka í landi Ytri-Ása í Skaftárhreppi, hafi þar til í fyrra legið grafið í jörðu á öðrum stað ofar við ánna.

Líkt og menn muna glöggt varð hlaup í Skaftá í fyrra sem var langstærsta Skaftárhlaup í manna minnum. Hlaupið var ríflega þrefalt stærra en menn hafa vanist í gegnum tíðina og reif með sér mikinn jarðveg úr árbökkum. Stundum var um að ræða stórar jarðvegstorfur sem losnuðu frá í heilu lagi og flutu með vatnsflaumnum.

„Nokkuð ofan við fundarstaðinn var, þar til í fyrra, nes út í ána þar sem var að finna gamlar tóftir og fornminjar," segir Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, við Fréttablaðið. „Í hlaupinu hvarf umrætt nes. Það gæti vel verið að leifar þess hafi endað á þessum stað, ágangur vatnsins hafi haldið áfram og sverðið komið í ljós."



Miklar skemmdir urðu á landi í Skaftárhlaupi í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nesið, sem áin svarf á brott, var um hálfur hektari á stærð en tóftirnar þar höfðu aldrei verið skráðar eða kannaðar sérstaklega. Því er ekki vitað hvort þar var á ferðinni gamalt bæjarstæði, sel eða kuml.

„Þetta sýnir manni mikilvægi þess að skrá fornleifar. Það er blóðugt núna að þetta hafi ekki verið kannað," segir Uggi.

> Þetta sýnir manni mikilvægi þess að skrá fornleifar. Það er blóðugt núna að þetta hafi ekki verið kannað.
>
> Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands

Hvort sem vangaveltur Ugga reynast á rökum reistar eður ei er ljóst að Skaftárhlaup hafa sett mark sitt á þennan fornleifafund. Minniháttar hlaup hófst í ánni í fyrradag og svæðið, þar sem sverðið fannst, er nú undir vatni. Hefði sverðið ekki fundist í vikunni væri alls kostar óvíst að það hefði nokkurn tíma gerst.

„Við náðum að grafa þarna aðeins inn í bakkann og niður áður en hlaupið kom," segir Uggi. Stefnt er að því að fara aftur á staðinn þegar hlaupinu slotar og kanna aðstæður.

„Við búumst síður við því að neitt komi í ljós. Það var algjört lán að þetta sverð kom í ljós en allir aðrir munir eru bara bónus."

johannoli@frettabladid.is

Styrkir til atvinnuleikhópa
Umsóknarfrestur til 30. september

Leiklistarráð auglýsir eftir umsóknum um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa á árinu 2017. Veittir eru styrkir til einstakra verkefna eða starfssamninga til tveggja ára.

**Umsóknarfrestur er til kl. 17:00 þann 30. september 2016. Umsóknum skal skilað rafrænt á www.rannis.is.**
Einungis er tekið við rafrænum fylgigögnum með umsókn.

Athugið að umsókn um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa getur einnig gilt sem umsókn til Listamannalauna ef umsækjandi merkir við þar til gerðan reit í umsóknarformi.

Samkvæmt leiklistarlögum nr. 138/1998 skilar Leiklistarráð tillögu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úthlutun fjár til stuðnings atvinnuleikhópum.

**Nánari upplýsingar:**
atvinnuleikhopar@rannis.is, www.rannis.is
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
Tengiliður: Ragnhildur Zoëga,
sími: 515 5838.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

365 óskar eftir góðu fólki

VERKEFNASTJÓRI FJARSKIPTASÖLU

**Vegna aukinna umsvifa leitum við að röskum og metnaðarfullum sölu- og verkefnastjóra.**

**Góð laun í boði fyrir góðan árangur í sölu.**

Helstu kröfur:
- Reynsla af fjarskiptum og sölu æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: sigrun@365.is.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 78190 08/16




**Er Toronto þín borg?**

Áhugafólk um allskonar finnur sig í Toronto. Það kemur á óvart hvað menning, hönnun og arkitektúr skipa veglegan sess í hjörtum heimamanna. Hér geturðu hleypt á sprett af bestu lyst.

Bentu í vestur. Toronto bíður eftir þér.

Þú getur tekið tvær töskur með þér á leiðinni til og frá Norður-Ameríku.

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.




**DEVON**
Tungusvefnsófi. Geymsla undir tungu.
Stærð: 241 x 160 x 86 cm

**149.990 kr.** ~~199.990 kr.~~



**NORA** Borðstofustóll.
Svart PU leður og viðarfætur.

**29.990 kr.** ~~39.990 kr.~~











1. watt&VEKE
2. bovictus
3. broste COPENHAGEN
4.
5.

**1.** ALEX ljósakróna Ø: 24 cm. Svört **15.990 kr.** Brass **17.990 kr.** **2.** Peili skálar með loki svartar, gráar, ljósar, bleikar eða grænar. 0,25 l **1.992 kr.** ~~2.490 kr.~~, 1,0 l **4.232 kr.** ~~5.290 kr.~~, 4,5 l **7.992 kr.** ~~9.990 kr.~~, 9,0 l **10.312 kr.** ~~12.890 kr~~. **3.** VARLA kertalukt Ø: 32 cm H: 36 cm **12.990 kr.** **4.** BOUBOU skál Ø: 50 cm **13.990 kr.** **5.** **5.** OLLE lukt. 16x46 cm H: 28 cm. **14.990 kr.**



**NORA**
Skemmtilegur bekkur t.d. við eldhúsborð eða stakur. Svart PU leður og viðarfætur.
Stærð: 159 x 56 x 86 cm.

**64.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



**RIMINI**
Barstóll, svartur.

**19.990 kr.** ~~24.990 kr.~~



**ANCONA**
Barstóll, grár og svartur.

**23.990 kr.** ~~29.990 kr.~~



**FRIDAY**
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm

**249.990 kr.** ~~299.990 kr.~~



**MIRAGE**
Þriggja sæta sófi. Einnig fáanlegur fimm sæta. Ljósgrátt áklæði. Stærð: 218 x 96 x 90 cm

**139.990 kr.** ~~179.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*




## ELLY

Þriggja sæta sófi. Litir: Sandbleikur, dusty grænn og ljós- og dökkgrár.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**79.990 kr.**
~~99.990 kr.~~

# Ævintýralegt haust í Höllinni

## Skoðaðu úrvalið í blaðinu okkar

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*



AFSLÁTTUR KR.
**50.000**

## RAYNA

Nettur hægindastóll með Camel-brúnu slitsterku áklæði.
Stærð: 70 × 88 × 104 cm

**39.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



## ASPEN

Hægindastóll. Brúnt leður.
Stærð: 80 x 85 x 102 cm.

**109.990 kr.** ~~159.990 kr.~~



## PINNACLE

Þægilegur 3ja sæta La-Z-Boy sjónvarpssófi með niðurfellanlegu borði.
Fæst í brúnu og dökkgráu áklæði.
Stærð: 210 × 95 × 105 cm



**249.990 kr.**
~~319.990 kr.~~




Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Merki um styrk



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Þorsteinn Pálsson gengu úr Sjálfstæðisflokknum til liðs við Viðreisn í vikunni. Þegar fyrrverandi formaður og varaformaður, sem eru hvort af sinni kynslóðinni, finna skoðunum sínum ekki lengur farveg í rótgrónasta stjórnmálaafli landsins eru á ferðinni pólitísk stórtíðindi.

Þorgerður Katrín mun leiða lista Viðreisnar í Kraganum, en Þorsteinn hyggst fylgjast með af hliðarlínunni og veita móralskan stuðning ef svo má að orði komast.

Röksemdafærsla Þorgerðar Katrínar fyrir vistaskiptunum er áhugaverð. Hún telur að Viðreisn sé vettvangur fyrir frjálslynd viðhorf. Nefnir hún þar áherslur á alþjóðlega samvinnu, þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna við Evrópusambandið og meiri áherslu á heilbrigðis- og velferðarmál. Hún nefnir líka breytingar í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum.

Þorsteinn hefur um árabil verið einarður Evrópusinni – stundum eins og hrópandi í eyðimörkinni í sínum gamla flokki. Þótt Þorsteinn hafi sagt færra en Þorgerður Katrín má draga þá ályktun að hann hafi komist að sambærilegri niðurstöðu. Þeirra stefnumál eiga ekki hljómgrunn innan Sjálfstæðisflokksins, og því sjá þau þann kost vænstan að berjast fyrir þeim á öðrum vettvangi.

Viðbrögðin hafa verið fyrirsjáanleg. Gamlir flokksfélagar segjast ekki skilja ákvörðun þeirra, aðrir segja þau einskis virði eftir liðhlaupið og enn aðrir saka þau um að taka erlenda hagsmuni fram yfir innlenda, hvað sem það nú þýðir. Í mörgum tilvikum er undirtónninn sá að það sé einhvers konar karakterbrestur, merki um skort á hollustu að skipta um skoðun.

Slík viðhorf eru íslenskum stjórnmálum ekki til framdráttar. Stjórnmálaflokkar eru ekki íþróttalið heldur vettvangur til að berjast fyrir skoðunum og hugsjónum. Þorgerður Katrín og Þorsteinn Pálsson hafa komist að þeirri niðurstöðu að Sjálfstæðisflokkurinn sé ekki lengur réttur vettvangur fyrir þeirra baráttumál.

Sjálfstæðismenn þurfa líka að rifja upp að formaður flokksins, menntamálaráðherra og margir fleiri hafa skipt um skoðun í Evrópumálinu. Það er skýrt með breytingum á aðstæðum bæði hérlendis og í Evrópu. Formaðurinn tilgreinir málefnalegar ástæður fyrir sinnaskiptum sínum. Varla verður hann minni maður fyrir vikið?

Það þarf hugrekki til að byrja aftur á nýjum vettvangi. Sérstaklega í tilviki Þorgerðar Katrínar. Hún hraktist á sínum tíma úr stjórnmálum vegna fjármála eiginmanns síns. Umfjöllun um þau var oft á tíðum óvægin og ósanngjörn. Sumir halda því fram að karl í hennar stöðu hefði hrist slíka umræðu léttilega af sér – að harðar sé sótt að konum. Í þeim efnum veit Þorgerður Katrín hvað bíður hennar eins og hún komst sjálf að orði.

Breski hagfræðingurinn John Maynard Keynes á að hafa sagt eitthvað á þá leið að þegar staðreyndir breyttust, þá breyttist skoðun hans. Þetta er ágæt áminning fyrir íslenska stjórnmálamenn.

**Sumir halda því fram að karl í hennar stöðu hefði hrist slíka umræðu léttilega af sér – að harðar sé sótt að konum.**



Bryndísi Loftsdóttur í 3.-5. sæti
í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í SV-kjördæmi 10. september

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Bogi Ágústsson, sölumaður fótanuddtækja

Undirbúningurinn hafði staðið í meira en ár. Hugmyndasmiðurinn sagði áætlun sína „umbyltingu“. En svo tók nýr forsætisráðherra við. Theresa May, nýskipaður forsætisráðherra Bretlands, greip á dögunum harkalega fram fyrir hendurnar á Jeremy Hunt, heilbrigðisráðherra landsins. Hunt hugðist skera upp herör gegn offitu barna með róttækum aðgerðum. Loks skyldi leggja fyrirtækjum í matvælaframleiðslu línurnar. Skylda átti fyrirtæki til að minnka sykur í matvöru, takmarka auglýsingar á óhollum mat sem beint var að börnum og banna magntilboð á óhollustu.

En nei. Eitt af fyrstu verkum hins nýja forsætisráðherra var að gefa börnum landsins fingurinn og henda hugmyndum Hunts beint á ruslahaug fagurra fyrirheita. May þvertók fyrir að setja matvælaframleiðendum leikreglur. Og hvers vegna? Jú, hún vildi ekki íþyngja hagkerfinu.

### Hamingja hagkerfisins

Fyrr í vikunni blönduðu hagsmunasamtök auglýsingabransans sér óvænt í umræðuna um Ríkisútvarpið og auglýsingar. Samband íslenskra auglýsingastofa, Birtingahúsið og MediaCom sendu frá sér yfirlýsingu þar sem varað var við því að RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði. Um var að ræða sannkallaða dómsdagsspá. Sagði í tilkynningunni að ef ekki væri hægt að auglýsa á miðlum RÚV gæti það leitt til þess að neytendur yrðu af „mikilvægum upplýsingum um vörur og þjónustu“ og það yrði erfiðara fyrir fyrirtæki „að byggja upp virði vörumerkja sinna“.

Af gefnu tilefni er vert að spyrja: Hvort kom á undan, hænan eða eggið?

Svo virðist sem Theresa May telji jarðvist okkar mannanna þjóna þeim tilgangi að viðhalda hagkerfinu. Í anda mannfórna Asteka skal heilsu barnanna okkar blótað á altari efnahagslífsins því það er heilbrigði og hamingja hagkerfisins sem lífið gengur út á. Að sama skapi virðist sem íslenskir auglýsingamógúlar telji að Bogi Ágústsson setji daglega upp bindi og planti sér fyrir framan myndavélar í sjónvarpssal í þeim mikilvæga tilgangi að minna landsmenn á að fjárfesta í safapressum, SS-pylsum og Ikea-kertastjökum.

Einhverjir kynnu að halda því fram að hlutunum væri öfugt farið; að í stað þess að við fóðruðum hagkerfið eins og þýðir þegnar með sístækkandi mittismáli og forða af fitufrumum, ætti hagkerfið að þjóna okkur; og – að sama skapi – að RÚV hefði verið stofnað til að færa landsmönnum fréttir, rækta íslenska tungu, sögu þjóðar og menningararfleifð en ekki til að selja landsmönnum ígildi fótanuddtækja 21. aldarinnar.

### Sauðfjárbændur og símavarsla

Sitt sýnist hverjum um Ríkisútvarpið og hvort það eigi erindi á auglýsingamarkað. Umræðan um málið er oft hatrömm, flækt í flókinn vef hagsmuna og hugmyndafræði. Markmiðið er þó einfalt. Einu hagsmunirnir sem bera á fyrir brjósti þegar kemur að stefnumótun sem varðar RÚV og auglýsingar eru hagsmunir landsmanna. Hvernig má halda úti öflugu Ríkisútvarpi en jafnframt tryggja það að aðrir fjölmiðlar nái ekki aðeins að bera sig, heldur blómstra?

Skoðun auglýsingastofa á rekstrarfyrirkomulagi RÚV er málinu óviðkomandi. Innlegg þeirra í umræðuna er jafn út úr kú og ef Bændasamtök Íslands sendu frá sér yfirlýsingu þess efnis að RÚV mætti ekki leyfa fólki að hafa samband við stofnunina gegnum samfélagsmiðla; aðeins mætti hringja á gamla mátann því að hún Stella á símanum fengi sér alltaf lambasteik í hádegismat í mötuneytinu og símavarsla væri því stuðningur sem RÚV bæri að veita sauðfjárbændum.

### Hænan og eggið

Ég veit ekki hvort kom á undan, hænan eða eggið. En ég veit að síðast þegar „svo mikilvægar upplýsingar um vörur og þjónustu“ komu fram í auglýsingu að ég mátti ekki missa af þeim var: Aldrei.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

**Fjórhjóladrifinn** *dísiljeppi með*
**SYNC II** *samskiptakerfi,* **8" snertiskjá**
*og* **íslensku leiðsögukerfi**




# NÝR FORD KUGA AWD

> Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Staðalbúnaðurinn er sérstaklega glæsilegur. Þar á meðal er skynvætt tölvustýrt fjórhjóladrif sem lagar sig að undirlagi og ástandi vega, SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, íslenskt leiðsögukerfi, 8" snertiskjár í miðjustokk, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu og 17" álfelgur.

Ford Kuga er tilvalinn til ferðalaga. Dráttargetan er mikil eða 2.100 kg. Veghæðin er jafnframt mikil eða um 20 cm undir lægsta punkt.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Kuga AWD - komdu og prófaðu**

## FORD **KUGA AWD**

BEINSKIPTUR AWD DÍSIL
FRÁ **5.490.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR AWD DÍSIL
FRÁ **5.690.000** KR.

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Kuga er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: starthnappur, hraðastillir, brekkuaðstoð, LED lýsing í farþegarými, leðurklætt stýrishjól og gírstangarhnúður, rafstillanlegir og upphitanlegir útispeglar, þokuljós og Easy Fuel. Öryggi Ford Kuga er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. Ford Kuga er fáanlegur í þremur útfærslum: Trend Edition, Titanium og Titanium S. ◆ Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 150 hö. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,2/5,4 l/100 km. $CO_2$ losun 135/140 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



## Heimavöllurinn hentugur

„Það skiptir máli fyrir Stjörnuna að leikurinn er á þeirra heimavelli. Það er búin að vera mikil umræða fyrir leikinn um Hörpu en ég reikna með að hún spili. Bæði lið skora í þessum leik, hann endar aldrei markalaus. Ég held samt að þetta verði varnarsinnaður leikur. Jafntefli er sigur fyrir Stjörnuna og því held ég að Garðbæingar leggi upp með að verja markið og nýta þá sénsa sem þeir fá og þar nýtist Harpa. Þetta endar 1-1 sem er gott fyrir Stjörnuna og því endar titillinn í Garðabænum.“

**Helena Ólafsdóttir**
sérfræðingur Stöð 2 Sport.

## Leikur tveggja sókna




**Stjarnan - Breiðablik**
Laugardag kl. 14.00

## FH landar því sem þarf

„Ég býst við að FH klári þetta með sigri en sé alveg jafntefli fyrir mér. FH þekkir þessa leiki og landar vanalega því sem þarf að landa hvort sem um ræðir jafntefli eða sigur. Ég tel að Heimir byrji á að pressa Blikana en svo fáum við að sjá þennan varnarleik og þetta hugarfar sem hefur einkennt FH á tímabilinu. Blikarnir fá líklega að vera með boltann en það er spennandi fyrir Arnar að fara með sína stráka út í svona leik. Það getur vel verið að Blikarnir sleppi bara fram af sér beislinu undir lok leiks.“

**Reynir Leósson**
sérfræðingur Stöð 2 Sport.

## Leikur tveggja varna




**FH - Breiðablik**
Sunnudagur kl. 17.00

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



# Blikarnir sækja að titlunum

**Breiðablik getur haft mikil áhrif á toppbaráttu Pepsi-deildanna í stórleikjum helgarinnar bæði í karla- og kvennaflokki. Strákarnir geta gert toppbaráttuna aftur spennandi og stelpurnar geta komist á toppinn.**

**FÓTBOLTI** Íslandsmótin í Pepsi-deild karla- og kvenna geta hreinlega ráðist um helgina. FH í karlaflokki og Stjarnan í kvennaflokki verða komin með níu fingur á titilinn ef Breiðabliksliðin gera ekkert í málunum. Vonin er veik fyrir strákana en þeir gera lokasprettinn spennandi takist þeim að leggja FH að velli í Krikanum á sunnudaginn.

Blikastelpurnar, aftur á móti, geta gert gott betur en að hleypa bara spennu í mótið með sigri. Eins og strákarnir fara þær í heimsókn til toppliðsins á útivelli en í boði fyrir Blikastúlkur er toppsætið og góður möguleiki á að verja Íslandsmeistaratitilinn sinn.

**Halda mótinu á lífi**

FH er með sjö stiga forskot á toppnum í Pepsi-deild karla þegar fimm umferðir og fimmtán stig eru eftir í pottinum. Mestan möguleika á að ná meisturunum eiga Blikar sem eru í öðru sæti, en þeir geta minnkað forskotið niður í fjögur stig með sigri í Krikanum á sunnudaginn.

Þegar liðin mættust síðast í Kópavogi vann FH 1-0 iðnaðarsigur með marki Emils Pálssonar. Sá sigur var svolítið lýsandi fyrir FH-liðið sem hefur varla komist úr þriðja gírnum í sumar en er samt að rusla upp mótinu. Frábær varnarleikur FH hefur unnið fyrir það sæg af leikjum og það sama má segja um Blikana.

Líkt og í fyrri leiknum er ekki að búast við mörgum mörkum því þarna mætast tvö langbestu varnarlið deildarinnar. FH er aðeins búið að fá á sig ellefu mörk í 17 leikjum og Blikarnir ekki nema fjórtán mörk í jafnmörgum leikjum. Það er svo varla á neinn hallað þegar fullyrt er að markverðir liðanna, Gunnar Nielsen og Gunnleifur Gunnleifsson, séu þeir bestu í deildinni.

Breiðablik verður að vinna leikinn til að eygja áfram veika von um titilinn og líka bara til að halda mótinu á lífi. Þó að Valur vinni sinn leik verður FH með níu stiga forskot með sigri að minnsta kosti þegar tólf stig verða eftir í pottinum. Blikar þurfa nokkuð augljóslega að skora en það hefur verið akkilesarhæll liðsins. Það er aðeins búið að skora 22 mörk, jafnmörg og Víkingur sem er í sjöunda sæti.

**Markalið en engin markasúpa**

Áður en kemur að stórleiknum hjá körlunum eiga stelpurnar sviðið á laugardaginn en klukkan 14.00 á Samsung-vellinum í Garðabæ hefst leikurinn sem getur hreinlega ráðið úrslitum í Pepsi-deild kvenna þegar Stjarnan tekur á móti Breiðabliki. Þetta eru tvö efstu liðin en Garðbæingar eru með tveggja stiga forskot á Blika þegar þrír leikir eru eftir.

Breiðabliki dugar ekkert minna en sigur. Jafntefli yrðu frábær úrslit fyrir Stjörnuna því hún á eftir leiki gegn KR og FH, mótherja sem liðið vann samtals 7-2 í fyrri umferðinni. Ef Stjarnan tapar bara ekki fyrir Breiðabliki verður leiðin að titlinum greið fyrir Garðbæinga.

Blikar verða ekki alveg komnir með titilinn þó að þeir vinni og verði með eins stigs forskot því Kópavogsstúlkur eiga eftir snúinn útileik gegn Val í lokaumferðinni. Valskonur mættu í Kópavoginn og hirtu stig af Blikunum í níundu umferðinni.

Stjarnan (38) og Breiðablik (32) eru liðin sem hafa skorað mest í deildinni (Valur einnig skorað 32). Þrátt fyrir það má ekki búast við neinum markaleik heldur frekar að þetta ráðist á einu marki eins og síðast. Því þó liðin skori duglega gegn flestum mótherjum sínum eru þetta liðin sem hafa fengið á sig langfæst mörkin til þessa.

Stjarnan er búin að fá á sig aðeins tíu mörk í 15 leikjum en Blikar ekki nema sex mörk. Breiðablik fékk aðeins á sig fjögur mörk í fyrra og hefur því aðeins þurft að sækja boltann tíu sinnum í netið í síðustu 33 deildarleikjum.

Þessi öfluga varnarlína þarf að hafa hemil á hinni óléttu Hörpu Þorsteinsdóttur sem mun örugglega spila síðasta leik sinn fyrir Stjörnuna í bili.

Báðir leikir verða í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport HD.

## Nýjast

**Inkasso-deild karla**

**Selfoss - Fram 0-0**

Hvorugu liðinu tókst að skora í bragðdaufum leik á Selfossi. Bæði lið sigla lygnan sjó í deildinni.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| KA | 42 | Fram | 26 |
| Grindavík | 41 | Selfoss | 24 |
| Keflavík | 30 | Huginn | 20 |
| Þór | 29 | HK | 18 |
| Leiknir R. | 27 | Fjarðabyggð | 17 |
| Haukar | 26 | Leiknir F. | 15 |

**ANÍTA KOM FYRST Í MARK**
Aníta Hinriksdóttir varð hlutskörpust í 800 metra hlaupi í U23-flokki á móti í Brüssel sem er hluti af Demantamótaröðinni. Aníta kom fyrst í mark á 2:03,65 mínútum sem er þó talsvert frá Íslandsmetinu sem hún setti á Ólympíuleikunum í síðasta mánuði. Aníta hljóp þá á 2:00,14 mínútum.

**HELGI KOMST Í ÚRSLIT**
Spjótkastarinn Helgi Sveinsson keppti fyrstur Íslendinganna á Ólympíumóti fatlaðra í Ríó í gærkvöldi. Helgi kastaði 53,96 metra strax í fyrsta kasti og var lengi vel þriðji. Hann datt svo niður í 4. sæti en komst samt örugglega í átta manna úrslit. Hann kastaði 53,45 metra í sínu fyrsta kasti í úrslitunum og var í 4. sæti þegar blaðið fór í prentun.



## Um helgina

**Það helsta á Sportrásum Stöðvar 2**
L11.10 Man. Utd - Man. City Sport
L13.30 Arsenal - S'ton Sport
L13.55 Real M. - Osasuna Sport2
L16.00 BMW-mótið Golfstöðin
L16.15 Stoke - Tottenham Sport4
L18.25 Barcelona - Alavés Sport3
S01.00 Cuadras vs Gonzales Sport2
S02.00 UFC: Miocic v. Overem Sport
S13.25 Bremen - Augsburg Sport
S14.50 Swansea - Chelsea Sport2
S20.25 Cowboys - Giants Sport2
S22.00 Pepsi-mörkin Sport

**Pepsi-deild karla**
L16.00 KR - ÍBV Alvongenvöllur
L17.00 Víkingur - Fjölnir Víkin
S17.00 Fylkir - Vík Ó. Floridanavöllur
S17.00 FH - Breiðablik Kaplakriki
S19.15 Þróttur - ÍA Þróttarvöllur
S20.00 Stjarnan - Valur Samsungv.

**Pepsi-deild kvenna,**
L14.00 Fylkir - FH Floridanavöllur
L14.00 Stjarnan - Breiðab. Samsung
L14.00 Valur - ÍA Valsvöllur
L15.00 ÍBV - KR Hásteinsv.
S16.00 Selfoss - Þór/KA JÁVERKv.

**Inkasso-deildin**
L13.00 Leiknir R. - Huginn Leiknisv.
L14.00 Þór - Grindavík Þórsvöllur
L15.00 Fjarðab. - KA Eskjuvöllur
L16.00 Keflavík - Leiknir F. Nettóv.

**Olís-deild karla**
L16.00 Stjarnan - Akureyri TM-höll
L16.00 ÍBV - Haukar Eyjar
S17.00 FH - Valur Kaplakriki

**Olís-deild kvenna**
L13.30 Stjarnan - Haukar TM-höll
L13.30 ÍBV - Grótta Eyjar
L14.00 Selfoss - Fram Selfoss




**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf** Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is



Sextíu réttir fara fram um helgina um allt land. Í mörgum þeirra er áhugasömum velkomið að koma og hjálpa til við að draga í dilka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Réttir að hefjast um land allt

**Sextíu réttir fara fram um land allt um helgina og búast má við því að hundruð Íslendinga og forvitnir ferðamenn geri sér ferð út á land til að draga í dilka, hlaupa uppi óþekkt fé og uppskera ærlega.**

Ég er einmitt í göngum núna. Ég fer bara hingað upp á hól svo ég sjái yfir,“ sagði Jóhannes H. Ríkharðsson, bóndi á Brúnastöðum í Fljótum, þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Samkvæmt talningu Bændablaðsins verða sextíu réttir haldnar um land allt um helgina, 35 í dag, laugardag, og 25 á morgun, sunnudag.

Það getur verið nokkrum vandkvæðum bundið að smala snemma árs í jafn hlýju veðri og verið hefur undanfarið um land allt. Ástæðan er sú að kindurnar vilja síður koma niður af fjallinu þegar vel viðrar. Þegar kólnar í veðri færa þær sig hægt og rólega niður fjallið og eru þá nær réttinni. „Þær eru alveg lausar við að vilja koma heim. Mér sýnist þær vera lengst uppi á eggjum í grjóti einhvers staðar. Þær hafa engan áhuga á því að koma heim strax,“ segir Jóhannes.

Í Fljótum er alltaf smalað aðra helgina í september. „Við erum að smala þrjár eða fjórar helgar í röð svo við komumst þokkalega yfir það sem við erum að gera. Svo þarf að koma lömbunum í slátrun sem er orðið mjög skipulagt þannig að það eru ekki margir dagar í boði.“

Í lok smalatíðar er svo venjan að slá upp heljarinnar réttaballi. Í Fljótum fer ballið fram í félagsheimilinu Ketilási. „Það er eins mikið stuð og það getur orðið. Við réttum núna þrjá daga í röð og svo er aðalréttin okkar við hliðina á félagsheimilinu þannig að það er stutt á ballið. Það mega allir koma á ballið en það er mest stuðið í þeim sem hafa verið lengst í göngum og eru orðnir þreyttastir. Þeir verða að halda sér á dansgólfinu því annars sofna þeir bara.“ Á réttarballinu koma allir aldurshópar saman. Jóhannes má ekki vera að því að spjalla lengur því hann á fullt í fangi með ærnar. „Þær eru að gera árás á mig.“

Upplýsingar um réttir landsins um helgina má nálgast á vef Bændasamtakanna, bbl.is. Í mörgum þeirra eru gestir velkomnir að aðstoða en best er að hringja á undan sér.

**snaeros@frettabladid.is**



Jóhannes H. Ragnarsson, bóndi á Brúnastöðum í Fljótum.

> ÞAÐ MEGA ALLIR KOMA Á BALLIÐ EN ÞAÐ ER MEST STUÐIÐ Í ÞEIM SEM HAFA VERIÐ LENGST Í GÖNGUM.

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði til leigu

FESTI



REYKJAVÍKURVEGUR HAFNARFJÖRÐUR

Til leigu um 1.100m² atvinnuhúsnæði á mjög sýnilegum stað í Hafnarfirði við Reykjavíkurveg. Mjög góð aðkoma er að húsnæðinu og gengið er beint inn af stóru bílastæði. Húsið er atvinnuhúsnæði á jarðhæð en íbúðir á efri hæðum. Laust í ágúst 2016.



SKEMMUVEGUR KÓPAVOGUR

Til leigu um 430m² skrifstofuhúsnæði/lager á jarðhæð á Skemmuvegi í Kópavogi. Góð aðstaða fyrir 20-30 starfsmenn í opnu rými, fjórar lokaðar skrifstofur eða fundarherbergi, möguleiki á að nýta bæði sem skrifstofur og lager. Skrifborð og stólar á staðnum. Eldhús og salernisaðstaða með sturtu. Hér er hægt að hefja rekstur strax.



DALBRAUT AKRANES

Til leigu um 360 m² verslunar- eða veitingahúsnæði á góðum stað á Dalbraut á Akranesi. Mjög góð aðkoma er að húsnæðinu og gengið er beint inn af stóru bílastæði. Í verslunarkjarnanum er m.a. Krónan, Penninn Eymundsson, Tryggingarmiðstöðin, Subway, snyrtistofa, blómabúð, bókasafn, tónlistarskóli og Íslandsbanki. Hér er hægt að hefja rekstur strax.



GOÐAHRAUN VESTMANNEYJAR

Til leigu um 360 m² atvinnuhúsnæði á góðum stað við Goðahraun í Vestmanneyjum. Mjög góð aðkoma er að húsnæðinu, gengið er beint inn af stóru bílastæði. Hér er hægt að hefja rekstur strax.



FLETTISKILTI BÍLDSHÖFÐA 20

Laust auglýsingasvæði á flettiskilti á einum besta stað í borginni.

Nánari upplýsingar: leiga@festi.is




DÖMU STÆRÐIR

21.990



HERRA STÆRÐIR

**NIKE** METCON 2
Æfingaskór. Dömustærðir: 36-41. Herrastærðir: 42-46. **Fæst aðeins á Bíldshöfða.**

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

# Gaf dóttur sína svo hún fengi betri framtíð

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



**Vigdís Erlingsdóttir sá fram á að vera einstæð móðir tveggja barna aðeins 21 árs gömul. Þess í stað tók hún ákvörðun um að gefa ófædda dóttur sína. Á fæðingardeildinni þurfti Vigdís að þola augngotur ljósmæðra en hefur aldrei séð eftir þessari ákvörðun.**

Það er bara einn dagur á ári sem ég leyfi mér að gráta og það er í september. Á afmælinu hennar. Ég græt ekki af söknuði eða eftirsjá. Ég græt af því að ég leyfi mér þennan eina dag til að gráta,“ segir Vigdís Erlingsdóttir sem gaf dagsgamla dóttur sína til ættleiðingar fyrir 25 árum.

Vigdís er fædd og uppalin í Hlíðunum í Reykjavík en hugurinn leitaði alltaf til ömmu á Flateyri þar sem hún eyddi öllum sumrum og stórhátíðum. „Mamma mín var einstæð móðir, vann sem kennari og var svo í aukavinnu á sumrin svo það voru ekki aðstæður hjá henni til að vera með barn hjá sér á sumrin.

Mamma og pabbi skildu þegar ég var þriggja ára. Amma varð ekkja þegar mamma mín var sex ára þannig að það var mikil kvennaþrautaganga kynslóðanna að halda öllu rúllandi. Við höfum fjórar kynslóðir kvenna staðið í því að ala upp börnin okkar einar. Langamma og amma urðu ekkjur með ung börn.“

Ákvörðunin um að gefa næstelstu dóttur sína til ættleiðingar var að sumu leyti ákvörðun um að endurtaka ekki líf móður sinnar. „Ég ætlaði ekki að lenda í sömu aðstæðum og móðir mín og standa í þessu endalausa harki. Ég óttaðist að barnið mitt myndi upplifa það sama og ég, að alast upp föðurlaust.“

**Flateyri kallaði**

„Ég fann mig mikið betur fyrir vestan en í Reykjavík. Ég tórði í menntaskóla í Reykjavík í þrjár vikur en svo fór ég bara vestur að vinna. Skólaganga mín var ekki lengri en það svo ég fór í fiskinn. Það var enginn sem reyndi að stoppa mig í þeirri ákvörðun,“ segir Vigdís.

Móðir Vigdísar og amma héldu þétt utan um hana en faðir hennar var ekki til staðar. „Pabbi var mikill drykkjumaður. Ég var þriggja ára þegar foreldrar mínir skildu. Faðir minn vann ýmis afrek í lífinu, en föðurhlutverkið var ekki eitt af þeim. Ég kynntist honum ekki nema þegar hann hringdi ljót símtöl undir áhrifum. Ég varð svona millistykki á milli mömmu og pabba. Það var ofboðslegt áreiti frá honum en ég átti erfitt með að skella á hann. Ég upplifði aldrei neina tengingu við hann eða stuðning. Bara þessi reiðisímtöl sem hann hringdi frá því að ég var sex eða sjö ára gömul til að tala illa um mömmu. Þetta hafði allt saman djúpstæð áhrif á mig og mínar ákvarðanir, sem ég í raun og veru fór ekki að vinna úr fyrr en fyrir nokkrum árum.“

Vigdís vann í frystihúsinu fyrir vestan í eitt ár en fór svo á flakk með móður sinni sem stundaði nám í Noregi og Bandaríkjunum á þeim tíma. „Ég gafst upp á að vera í Bandaríkjunum á nokkrum mánuðum og fékk það í gegn að fljúga heim og fara aftur vestur í fiskinn. Það sumar tók ég svo ákvörðun um að fara í heimavistarskóla í Reykholti.“



Vigdís Erlingsdóttir var aðeins 21 árs gömul þegar barnsfaðir hennar ákvað að sambandi þeirra væri lokið. Hún fann nýja foreldra fyrir dóttur sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Kynntist barnsföður sínum**

Á fyrstu önninni í Reykholti kom í ljós að Vigdís var komin fjóra mánuði á leið með elstu dóttur sína. Þá var hún nýlega búin að kynnast strák sem síðar varð barnsfaðir hennar. „Ég hafði sem sagt orðið ófrísk áður en ég kynntist honum. Þarna stóðum við, ég átján ára og hann sautján ára, og tókum bæði ákvörðun um að hætta í skólanum og fara suður. Ég fékk vinnu á leikskóla í janúar og ætlaði heldur betur að taka þetta með stæl en ég vann í rúman mánuð þar þangað til ég fann það mjög sterkt að ég vildi fara vestur til ömmu. Hann kom með mér vestur og við byrjuðum að búa. Hann tók þá ákvörðun að standa með mér vitandi að hann ætti ekki barnið sem ég gekk með.“

Í maí fæddist elsta dóttir Vigdísar, María Rut Kristinsdóttir, sem hefur vakið athygli fyrir baráttu sína gegn kynferðisofbeldi og einlæga frásögn af slíku ofbeldi sem hún varð fyrir í æsku. María hefur verið einn skipuleggjenda Druslugöngunnar undanfarin ár og starfar nú í innanríkisráðuneytinu við að gera aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins.

„Við þrjú héldum áfram að búa saman á Flateyri og það gekk bara ljómandi vel. En ef maður horfir til baka þá vorum við óttalegir krakkar. Það var alltaf einhver þrá í mér til að fara í skóla en það var ekki í boði búandi á Flateyri þannig að ég fór að vinna í frystihúsinu og hann fór á sjóinn. Þetta týpíska þorpslíf.“

Einu og hálfu ári eftir fæðingu Maríu varð Vigdís aftur ólétt. „Ég er gengin fjóra mánuði þegar hann bara fer.“ Barnsfaðirinn sem hafði staðið með henni í gegnum meðgöngu fyrsta barnsins gekk óvænt út einn daginn. Sambandinu var lokið.

**Ákvörðun í sónar**

„Þetta var rosalegt áfall. Ég sá fram á að standa uppi ein 21 árs með tvö föðurlaus börn. Ég sat með sjálfri mér og vissi ekkert hvernig ég ætti að horfast í augu við það sem myndi taka við. Ég var það langt gengin að ég átti ekki marga möguleika. En ég man svo greinilega eftir því þegar ég fór sjálf að hugsa að einhver annar gæti tekið við því sem þá var byrjað.“

Vigdís var sett í lok september og var á leið í ómskoðun á Ísafjörð í maí það sama ár. „Það voru ekki komin göng á milli fjarða og bróðir minn, sem er átta árum eldri en ég, keyrði mig í sónarinn. Við vorum stödd uppi á Breiðadalsheiði og ég man nákvæmlega á hvaða stað við vorum á heiðinni þegar hann snýr sér að mér og segir: „Vigga, þú hefur aðra kosti.“ Ég hafði ekki sagt einum einasta manni frá því sem ég hafði verið að hugsa. Ég vildi engum segja að ég hefði íhugað að kannski væri betra fyrir barnið að fá framhald annars staðar.“

Bróðir Vigdísar stakk upp á þeim möguleika að gefa barnið til ættleiðingar. Sjálf væri hún ung og óvíst hvað framtíðin bæri í skauti sér. „Hann var voðalega bróðurlegur í þessu samtali.




Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjórhjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson – verð frá 4.590.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

**Hyundai Tucson** / Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



Vigdís Erlingsdóttir þurfti að þola augngotur frá ljósmæðrum á Landspítalanum við fæðingu dóttur sinnar sem hún ætlaði að ættleiða frá sér. Hún hefur aldrei látið illmælgi vegna ættleiðingarnar hafa áhrif á sig FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég var auðvitað búin að hugsa þetta en það að bróðir minn skyldi nefna þetta við mig hjálpaði mér mikið og sannfærði mig um að þetta væri ekki óeðlileg hugsun hjá mér. Ég var búin að sjá fyrir mér, í mínum einkahugsunum, hvað ég væri að gefa þessum einstaklingi í maganum á mér mikið tækifæri. Svo ég fór í sónarinn sem gekk vel og þegar ég kom aftur út í bíl var ég búin að taka ákvörðun."

**Sótti falinn styrk**

Fljótlega sagði Vigdís mömmu sinni frá ákvörðuninni. „Henni brá auðvitað en hún kyngdi þessu," segir Vigdís.

Við tóku vangaveltur um það hvernig hún ætti að bera sig að, stödd á Flateyri. Internetið var ekki komið til kastanna og hún hafði ekki hugmynd um hvernig íslensk börn væru ættleidd. Úr varð að hún fékk tíma hjá félagsráðgjafa í Reykjavík.

„Það var ekki meira en svona hálfur mánuður frá því að ég fór í sónar og þar til ég kom suður í fyrsta tímann til félagsráðgjafans. Yndisleg kona. Ég var opin og hreinskilin eins og ég hef verið síðastliðin 25 ár varðandi þetta. Ég hef aldrei verið hrædd við að tala um þetta, aldrei falið mig. Það hefur kannski verið í þriðja eða fjórða tíma sem félagsráðgjafinn sagðist sjá að mér yrði ekki snúið. Innst inni var ég búin að taka þessa ákvörðun svo hún spurði hvort ég vildi fá hjálp við að finna foreldra."

Sjálf hafði Vigdís ímyndað sér að hún þyrfti að setja sig í samband við barnavernd og fara yfir lista af foreldrum sem biðu eftir barni. „Þá segir félagsráðgjafinn mér að nokkrum árum áður hafi hún hjálpað til við að aðstoða íslensk hjón við að ættleiða barn og spyr hvort hún eigi ekki bara að hringja í þau og athuga hvort þau séu til í að skoða þetta.

Þegar ég kem í næsta tíma segir hún mér frá þeirri skemmtilegu tilviljun að hjónin hafi verið nýbúin að setja sig aftur á lista yfir foreldra sem hafi áhuga á að ættleiða íslenskt barn. Ég bað bara um að fá að hitta þau."

Og úr varð að Vigdís fór ein að hitta hjónin, komin átta mánuði á leið. „Enn þann dag í dag veit ég ekki hvar ég fann allan þennan styrk. Ég fylgdi alltaf straumnum, var ekki fremst í flokki að segja fólki til heldur vildi ég vera á milli og hafa mig ekki of mikið í frammi. En þarna fer ég ein í heimsókn til þeirra og segi þeim að ég eigi að eiga eftir mánuð. Ég sagði það ekki við þau þá en þarna fann ég að þetta var fólkið sem ég vildi að æli upp barnið mitt.

Ég hafði lagt upp með það í viðtölum að ég fengi að fylgjast með og hafa þetta opið. Ég vildi ekki afhenda barnið mitt einhverjum og svo yrði lokað á mig. Það skipti mig máli að fá að fylgjast með og að barnið myndi alltaf vita að það væri ættleitt og ég væri líffræðileg móðir þess."

**Augngotur ljósmæðra**

Vigdís átti að eiga í lok september en var sett af stað snemma þess mánaðar. Stúlkan kom í heiminn 6. september. „Ég er ein af þessum heppnu sem þurfa ekkert að hafa fyrir fæðingunum. Mamma var viðstödd og um leið og stelpan fæddist bað ég hana að hringja í foreldra hennar. Enn þann dag í dag veit ég ekki hvort ég var svona tilbúin að gefa barnið eða hvort þetta var þroskaleysi. En mér fannst ég svo ofboðslega tilbúin að gefa þessa gjöf að það þyrfti að gerast hratt."

> ÉG HEYRÐI ÞAÐ ÚT UNDAN MÉR OG HAFT EFTIR ÖÐRUM ÚR GUFUNNI, SJOPPUNNI EÐA AF KAFFISTOFUNUM AÐ MAÐUR GÆFI EKKI BARNIÐ SITT.

Stúlkan var ekki sett á brjóst og ljósmæður deildarinnar reyndu að koma í veg fyrir að Vigdís myndaði tengsl við stúlkuna. „Ég var lengi að jafna mig á því að mér fannst ég vera eins og annars flokks móðir í augum ljósmæðranna. Mér fannst augngoturnar gefa til kynna að ég væri stelpan sem væri að gefa barnið sjálfviljug frá sér og það gerði maður ekki.

Það var tekin ákvörðun um að ég færi niður á krabbameinsdeild en barnið fór á vökudeildina. Það var talið betra að ég væri ekki nálægt barninu. Mér fannst hræðilegt að vera á krabbameinsdeildinni. Þar var veikt fólk. Ég sagðist vilja fara upp og hitta barnið. Þann tíma sem ég væri á spítalanum vildi ég fá að umgangast hana og fannst mikilvægt að ég væri manneskjan sem afhenti nýjum foreldrum hana."

Úr varð að þær mæðgur fengu lítið herbergi á spítalanum þar sem þær dvöldu tvær einar. „Það var yndislegur tími. Ég var þar drjúgum stundum. Hún var ekki nema ellefu merkur, langminnst minna barna."

**Á milli tannanna á fólki**

„Daginn eftir komu foreldrarnir. Ég kom þarna inn, tók stelpuna upp og rétti þeim hana. Það var mjög mikilvægt í mínum huga að ég myndi afhenda hana. Síðar var haldinn formlegur fundur þar sem farið var yfir formsatriði og vel að honum staðið af hálfu fagaðila sem sáu um ferlið. Ég hef aldrei fundið fyrir eftirsjá. Ferillinn var eins og þetta væri skrifað handrit."

Síðar sama dag fór Vigdís af spítalanum og aðeins nokkrum dögum síðar keyrði hún vestur til Flateyrar aftur. Stúlkan varð eftir hjá nýjum foreldrum í Reykjavík.

„Ég fór snemmsumars að vestan ófrísk og kom heim með ekkert barn. Ég vissi að þetta var umtalað á eyrinni. Auðvitað. Það væri ekkert samfélag þar ef þetta hefði ekki verið rætt. Það ræddi þetta enginn við mig en ég heyrði það út undan mér og haft eftir öðrum úr gufunni, sjoppunni eða af kaffistofunum að maður gæfi ekki barnið sitt.

Ég var mjög undirbúin fyrir þetta þegar ég kom vestur og svaraði því bara til að jú, maður gefur barnið sitt ef maður trúir því að barninu kæmi til með að líða betur annars staðar. Þá getur maður alveg gert það. Þetta var í smá tíma á allra vörum en svo var þetta bara búið. Ég hélt áfram að ganga með Maju mína í leikskólann og lífið hélt áfram."

Vigdís var í daglegum samskiptum við nýja foreldra dóttur sinnar fyrstu vikurnar. Fyrst og fremst til að uppfylla þörf annarra fyrir að vita hvernig





Samgangurinn á milli fjölskyldnanna hélt áfram fyrstu árin og dóttirin sem var ættleidd fékk að kynnast systkinum sínum. Vigdís átti dóttur, Maríu Rut Kristinsdóttur, fyrir en eignaðist önnur tvö börn eftir fæðingu dótturinnar sem hún gaf.



Vigdís og litla stúlkan hennar á fæðingardeildinni í herberginu sem þeim var úthlutað til að þær fengju næði frá öðrum.



Ættleiðingin var opin og fyrstu ár dótturinnar voru samskiptin þó nokkur. Hér sést Vigdís með dóttur sinni á fyrsta ári. Í seinni tíð hafa samskiptin minnkað en Vigdís segir að það hafi gerst á eðlilegan máta og án allra særinda.

gengi. „Ég fann aldrei fyrir því að ég væri fyrir þeim með því að hafa samband og fyrir það er ég þakklát. Þau gáfu sér alltaf tíma til að tala við mig. En ég hef einhvern veginn aldrei litið á hana sem dóttur mína, kannski af því að þetta gekk allt svo vel. Þetta er eins og skrifað handrit. Það er eins og hún hafi sjálf valið sér foreldra og ég, kynmóðir hennar, hafi aðstoðað hana við að komast heim.“

**Engin eftirsjá**

Eins og áður segir leyfir Vigdís sér einn dag á ári til að gráta vegna stúlkunnar, en það er á afmælinu hennar. Þann dag hefur allt ferlið verið ofarlega í huga hennar, og hún grátið, ekki síst vegna þakklætis yfir því hvað allt gekk vel. Samskiptin hafa verið nokkur í gegnum tíðina en minni eftir að stúlkan varð fullorðin og þá fyrst og fremst á afmælum og stórhátíðum undanfarin ár. „Ég hef aldrei fundið fyrir eftirsjá. Aldrei velt því fyrir mér af hverju ég gerði þetta eða fundið fyrir neinni reiði út af ákvörðuninni. Ég var ekki í neyslu eða óreglu. Ég var því kannski ekki þessi staðalmynd af verðandi móður sem neyðist til að fara þessa leið vegna óviðunandi aðstæðna. Ég tikkaði þannig ekki í neitt af þeim boxum. En ég veit að þó fólk hafi ekki hent steinum í mig þá var talað um mig. Og ég leyfði því ekki að hafa nein áhrif á mig. Ef einhver kom og spurði mig út í þetta þá svaraði ég hreinskilnislega hver ástæðan væri fyrir því að ég tók þessa ákvörðun.“

Þrátt fyrir að samskiptin við stúlkuna hafi verið góð hafa þær aldrei rætt ættleiðinguna í raun og veru. „Núna síðustu ár hefur kannski komið smá kvíði fyrir því að einn daginn hringi hún bjöllunni hjá mér og vilji fá svör við því af hverju ég gaf hana. Ég kvíði því af þeirri einföldu ástæðu að ég geti ekki gefið henni nægilega góð svör. En kannski er besta svarið bara að þetta hafi átt að gerast. Þessi saga okkar er falleg vegna þess að það var hægt að gera þetta á yfirveguðum og faglegum nótum.“

Þegar Vigdís er spurð hvað hún eigi mörg börn og hvað þau heiti telur Vigdís stúlkuna alltaf með. „Mér þykir ofboðslega vænt um hana. Þegar ég fór að heimsækja hana, tók hana í fangið og faðmaði hana þá var samt aldrei erfitt að kveðja hana því ég vissi hvað hún var á góðum stað. Ég hef aldrei falið mig en ég finn alveg og skil að það er ekki öllum sem finnst þetta jafn eðlilegt og fallegt og mér. Það eru 25 ár síðan og ég veit að þetta átti bara að gerast.“

**visir.is** Lengri útgáfa af viðtalinu birtist á Vísi um helgina


ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is



# Sölu-sýning





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Feitir orðnir að sirkusdýrum

Gaui litli birtist alþjóð á hvítum nærbuxum einum klæða – þá 170 kíló. Hann gerir upp 20 ára baráttu gegn offitu og segir okkur á skelfilegum villigötum með ýmsum töfralausnum. Offita er sprottin af fíkn og ber að nálgast svo.

Jakob Bjarnar Grétarsson
jakob@frettabladid.is



Fyrir tuttugu árum saup þjóðin hveljur þegar Gaui litli, Guðjón Sigmundsson, birtist þjóðinni í fjölmiðlum á hvítum nærbuxum einum klæða, alltof þungur eða heil 170 kíló. Hvað var að gerast?

Enn er offita að einhverju leyti feimnismál, um það er deilt hvernig beri að taka á henni og hvernig tilhlýðilegt sé að tala um hana. Þar á meðvirkni stóran þátt, að mati Gauja litla. En, fyrir 20 árum voru orð eins og líkamsvirðing ekki til. Feitir voru hafðir að háði og spotti. Þeir voru fórnarlömb stimplunar og stereótýpugervingar; þeir áttu að vera feitir og fyndnir en máttu að öðru leyti þola háð og spott.

Með opinni framgöngu og jákvæðni lagði Gaui litli þjóðina að fótum sér. Umsvifalaust. Umsvifalaust varð hann þjóðþekktur, var reglulega í fjölmiðlum en hann var vikulega í magasínþætti Ríkissjónvarpsins, Dagsljósi, og var vigtaður þar og talaði af miklu hispursleysi um offituvanda sinn.

Gaui litli sneri viðhorfi heillar þjóðar gangvart þessum vanda á haus á skammri stundu. En þetta tók sinn toll. Gaui litli hefur þurft að eiga við margvíslegan vanda svo sem þann að hafa lent í búlemíu – nokkuð sem hann talaði aldrei um.

### Við erum í miklu bulli

En þrátt fyrir að Gaui litli, merkilega laus við spéhræðsluna, hafi lyft Grettistaki með sinni eðlilegu framgöngu er það svo að offita er orðin að faraldri; þetta er langstærsti heilbrigðisvandi sem Vesturlönd eiga við að stríða. Nú deyja fleiri af völdum offitu en hungurs í heiminum öllum. Bara á Íslandi veltir offitubransinn mörgum milljörðum. En Gaui litli segir flestar aðferðirnar vera gagnslausar skyndilausnir. Hann gagnrýnir harðlega það hvernig offita er orðin að ríkum þætti í skemmtanamenningu, til að mynda í þáttum eins og Biggest Loser; hann segir að við séum að nálgast þennan risavaxna vanda á rangan og jafnvel skaðlegan hátt. Hann segir offitu stafa af fíkn. „Við erum í djöfulsins bulli."

### Fitubollur á færibandi inn í ofn

Þættirnir með Gauja í Dagsljósi slógu rækilega í gegn. Öll þjóðin fylgdist með Gauja litla takast á við aukakílóin. Þó þetta væri fyrir tíð orða á borð við fitufordóma og líkamsvirðingu var það þó svo að ýmsir aðilar voru farnir að gera sér mat úr þessum vanda sem þá þegar var vaxandi.

„Við tókum fyrir eitt og annað sem menn væru að bjóða upp á til að bræða af manni spikið. Á þeim tíma hét þetta allt fitubrennslunámskeið. Markaðssett eins og fitubollurnar væru á færibandi inni í einhverjum ofni og þar myndi bráðna af okkur hægt og rólega. Svo voru seldar alls kyns pillur og duft og fylgihlutir. Bumbubaninn og ég veit ekki hvað og hvað. Við ákváðum að ég myndi láta reyna á hinar ýmsu aðferðir, mynda það og vera með umfjöllun. Samhliða því að stunda líkamsrækt með leiðsögn einkaþjálfara. Og vigta síðan fyrir alþjóð á stóru vigtinni sem var úti á Reykjavíkurflugvelli, sem við fengum lánaða en hún vigtaði 250 kíló."

> Á ÞEIM TÍMA HÉT ÞETTA ALLT FITUBRENNSLUNÁMSKEIÐ. MARKAÐSSETT EINS OG FITUBOLLURNAR VÆRU Á FÆRIBANDI INNI Í EINHVERJUM OFNI OG ÞAR MYNDI BRÁÐNA AF OKKUR HÆGT OG RÓLEGA. SVO VORU SELDAR ALLS KYNS PILLUR OG DUFT OG FYLGIHLUTIR.

### Gaui kljáist við búlemíu

En þetta var erfitt einnig. Gaui æfði sex daga vikunnar, einn og hálfan tíma í senn. „Markmiðið var náttúrlega að reyna að sýna fram á þyngdartap en ekki aukningu. Og það gekk nú stundum upp og ofan. Þannig að, að öllu jöfnu léttist ég í hverri viku, stundum stóð ég í stað eða þyngdist lítillega. Og þegar fram í sótti, eða í janúar, var ég kominn með búlemíueinkenni."

Þarna hefðu allar viðvörunarbjöllur átt að hringja. Gaui var farinn að kasta upp fæðunni. Og fór í gegnum gríðarlega erfitt tímabil. Sem hann leyndi.

„Það er rosalegt stjórnleysi. Þú hefur enga stjórn. Þetta er gríðarlegt álag og andleg vanlíðan. Og það er kannski vegna þess að ég hafði stundað andlegar íþróttir til áratuga, hugleiðslu og annað slíkt, sem ég náði stjórn á þessu. Ég náði að fókusera og koma mér út úr þessu ástandi. Eftir á að hyggja hefði ég átt að leita mér hjálpar en gerði það ekki. Ég talaði aldrei um þetta, því þetta er í bland við að vera sjúklegt ástand og skömm."

### Auðvelt að selja töfralausnir

Offitubransinn veltir gríðarlega miklum fjármunum og Gaui segir gert út á örvæntingu með gylliboðum.

„Þetta er mikil velta. Og kemur ekki á óvart. Það var alltaf verið að reyna að selja mér alls konar hluti til að ná árangri. Í formi dufts, eða pillur, offituplástra, brennslu þetta og brennslu hitt. Og það er náttúrlega þannig með okkur sem eigum við þetta vandamál að stríða, það blakta á okkur eyrun í hvert skipti sem við heyrum af einhverjum nýjum töfralausnum sem gætu hugsanlega hjálpað okkur að komast í gegnum þetta," segir Gaui.

Gaui bendir á að vandinn sé býsna víðtækur. Ekki sé svo langt síðan til dæmis Marz-súkkulaðistykkið stækkaði um 25 prósent. Allir skammtar stækkuðu. „Og menn voru að fá meira fyrir minna. Skammtarnir urðu stærri. Og






## Turbo Club Apartments

**Frá kr. 217.105**
**m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 217.105 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 231.795 m.v. 2 fullorðna í íbúð.

23. október í 24 nætur.




## Tisalaya Park

**Frá kr. 124.515**
**m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 124.515 m.v. 3 fullorðna í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 149.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.

23. október í 24 nætur.




## Roque Nublo

**Frá kr. 76.275**
**m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 76.275 m.v. 3 fullorðna í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 82.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð.

16. nóvember í 14 nætur.




## Hotel Rondo

**Frá kr. 125.090**
**m/hálft fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 125.090 m.v. 3 fullorðna í herb.
Netverð á mann frá kr. 133.995 m.v. 2 fullorðna í herb.

16. nóvember í 14 nætur.



## Beverly Park Hotel

**Frá kr. 128.775**
**m/hálft fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr.128.775 m.v. 3 fullorðna í herb.
Netverð á mann frá kr.134.395 m.v. 2 fullorðna í herb.

30. nóvember í 20 nætur.



## Jardin del Atlantico Apartments

**Frá kr. 80.450**
**m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 80.450 m.v. 3 fullorðna í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 100.595 m.v. 2 fullorðna í íbúð.

30. nóvember í 20 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM77229

Heimsferðir




## Í SVIÐSLJÓSINU

Úr úrklippubókinni. Fjölmiðlarnir elskuðu Gauja litla og hann var lengi vel fastagestur á síðum Séð og heyrt. Hér má sjá hann í ýmsum hlutverkum.

maður hefur látið glepjast af alls konar gylliboðum.

„Stöðugt bætast fleiri við, sem vilja gefa sig út fyrir að vera með töfralausnir fyrir okkur hina feitu. Aðilar sem gera út á veikleika þessara einstaklinga með gylliboðum og gervilausnum og hagnast á því. Þetta hefur ekkert breyst, ef eitthvað er tel ég að þetta hafi versnað. Og ástæðan er náttúrlega sú að við neitum að horfast í augu við vandann. Sem er andleg líðan. Það er bara miklu erfiðara og flóknara að takast á við það. Ekki eins einfalt og að gefa mér eina pillu til lausnar á þessu vandamáli."

### Fíknin fóðruð

Gaui tekur nýlegt dæmi um læknismeðferð í boði fyrir of feita. „Það var til dæmis í sjónvarpinu nú um daginn; skurðlæknir að kynna eitthvert utanáliggjandi tæki þannig að þú borðaðir fulla máltíð en gætir dælt af maganum einum þriðja þess sem þú settir ofan í þig. Mér finnst mikið nær en að ganga í gegnum þá þolraun, með öllum þeim fylgikvillum sem augljóslega fylgja slíkum hrossalækningum, að hvetja fólk til að borða frekar annan hvern bita. Hvaða bull er þetta? Þarna er verið að fóðra fíknina með brjálæðislega hættulegu, að mínu mati, inngripi."

Gaui hefur í sjálfu sér engar hugmyndir um hvernig hægt er að taka á slíku, nema þá með bráðnauðsynlegri viðhorfsbreytingu.

### Ofneysla matar er fíkn

Gaui litli segir málið einfaldlega þannig að þeir sem eru of feitir séu fíklar.

„Þetta er sama hlutfall og hlutfall alkóhólista. Þetta er í það minnsta mjög há tala. Nú sjáum við reglulega fréttir: Missti 50 kíló! Sjáið myndirnar! En, því miður segja staðreyndirnar okkur það að fólk verði komið á sama stað og það var á, vel flest. Auðvitað frábært ef fólk er að ná mjög góðum árangri. Það er auðvitað æðislegt. En, sigurinn er ekki unninn við það að missa þessi kíló."

> VIÐ EIGUM VIÐ ÞAÐ VANDAMÁL AÐ STRÍÐA AÐ VIÐ HUGSUM EKKI UM OKKUR SEM EINSTAKLINGA, ALLTAF SVO UPPTEKIN AÐ ÞVÍ AÐ VERA EINHVERS STAÐAR ANNARS STAÐAR MEÐ HUGANN. ÞETTA ER FLÓTTI

> HVAÐA BULL ER ÞETTA? ÞARNA ER VERIÐ AÐ FÓÐRA FÍKNINA MEÐ BRJÁLÆÐISLEGA HÆTTULEGU, AÐ MÍNU MATI, INNGRIPI

Og það er jafnvel ekki æskilegt að ná þeim af sér með svo bröttum hætti sem sagt er frá með reglubundnum hætti? „Nei. Það er hið besta mál að lifa heilbrigðu lífi, hreyfa sig og breyta um mataræði. En hreyfingin ein, ef þú ert að missa kíló, hefur lítið að segja og mataræðið eitt hefur lítið að segja. Þú þarft að breyta mataræðinu og stunda samhliða hreyfingu ef þú ætlar að ná árangri. En fyrst og síðast: Til þess að ná varanlegum árangri þarftu að vinna með hausinn á þér. Þú þarft að spyrja þig: Hvers vegna ertu að misnota mat? Aðrir misnota aðra hluti, fjárhættuspil, áfengi, sem tengjast einhverju sem er fíkn. Við höfum ekki stjórn, við borðum í sorg og í gleði."

### Fer að síga á ógæfuhliðina

Gaui getur trútt um talað. Hann hefur reynsluna og hann hefur velt þessu fyrir sér nú í tuttugu ár. Markvisst.

„Ég tók af mér 52 kíló á sjö mánuðum. Hélt því lengi vel eftir að ég byrjaði að kenna og halda mér vel við. Síðan fór að halla undan fæti. Bættist á mig hægt og rólega. Maður gefur eftir. Telur sér trú um að maður þoli einn bjór, geti alveg tekið einn kleinuhring, ég hjóla bara og brenni honum. Byrja að rökræða við mig þar til komið er í óefni. Ég fór að telja mér trú um að þessi hlutir séu í lagi."

„Þetta rokkaði. En, ég fór aldrei á núllpunkt aftur. Þyngstur var ég 175 kíló. Ég var 108 kíló þegar ég er hvað grennstur eftir sjónvarpið. Ef þú ert sáttur ertu í góðum málum. Ég get verið í góðu formi feitur, og í betra formi en grannur og í lélegu formi. Fitan kemur þar málinu ekkert við.

Við eigum að bera virðingu fyrir líkama okkar, ekki refsa honum eða tala hann niður. Um leið og þú ert orðinn sáttur í eigin skinni er eftirleikurinn alltaf auðveldari. Hins vegar finnst mér ekki verið að taka vandann alveg réttum tökum."

### Meðvirkni samfélagsins

Og þá komum við að því atriði sem er Þrándur í Götu, að mati Gauja, stækri meðvirkninni sem gegnsýrir alla þessa umræðu. Meðvirkni er reyndar nokkuð sem hefur látið Gauja ósnortinn, og hugsanlega ástæðan fyrir því hversu opinskátt honum tókst að ræða þennan vanda sem fólk vill fara í kringum eins og köttur í kringum heitan graut.

„Við erum eins og hverjir aðrir fíklar og heimtum meðvirkni samfélagsins. Við erum ekkert að fetta fingur út í það þó einhver sé ekki að ná einhverjum brjálæðislegum árangri. Ekki að tala hann niður rétt á meðan en við hrósum honum þegar menn ná árangri. Undir eðlilegum kringumstæðum kemur þessi meðvirkni inn í dæmið. En þegjum þegar illa gengur. Ekki að ég sé að kjósa að menn séu alltaf að tala um að það þegar maður er að fitna og menn að fetta fingur út í það, það getur verið mjög hvimleitt. Og hrós er jákvætt. Það sem rífur mann áfram í að standa sig í því sem maður er að gera. En við erum mjög meðvirk í öllu sem við gerum. Það er okkar vandamál. Og það að við sitjum uppi með frjálsan vilja til að velja og hafna er erfitt."

### Feitir orðnir að sirkusdýrum

En Biggest Loser-þættirnir; nú virðist sem að í stað þess að nálgast þennan vanda af einhverju viti sé vilji samfélagsins að sætta sig við hann með því að gera hann að einhvers konar skemmtiefni. Eru feitir orðnir að einhvers konar sirkusdýrum?

„Já, það hefur komið í ljós að þeir sem hafa tekið þátt eru ekki alls kostar ánægðir. Að þetta hafi verið of erfitt og bratt. Menn eru pískaðir áfram, þetta er einkum keppni þjálfaranna meðan hinir feitu eru eins og viðföng. Það kemur stundum fram að þjálfarinn er verulega óánægður, eins og sá feiti hafi brugðist honum. Mér finnst þetta neikvæðir þættir."

### Baráttunni við aukakílóin lýkur aldrei

Undanfarin ár hefur Gaui litli haldið til í Hvalfirði þar sem hann rekur Hernámssetur í félagsheimilinu Hlöðum á Hvalfjarðarströnd. „Ég er þar með tjaldsvæði og veitingaaðstöðu. Er með dagskrá hér fyrir fyrirtæki, stofnanir og hópefli. Námskeið og fyrirlestra, brúðkaup, ættarmót og þetta hefur gengið ágætlega. Höfum verið að byggja þetta upp síðustu árin og alltaf er aukning. Stórt og mikið safn sem segir sögu hernámsins á Íslandi; söguna sem gerðist hér í Hvalfirði sem er stórmerk. Þetta er að vísu einkasafn en metnaðurinn er mikill. Hér fæ ég útrás fyrir það sem mér finnst skemmtilegt sem er leikmyndagerð og söfnunarárattan, sem ég hef verið haldinn alla tíða."

En, baráttan við aukakílóin, hún er vart að baki? „Nei, ég glími við þetta eins og hver annar einstaklingur, sem á við þetta vandamál að stríða, að fitna. Og þarf að vera meðvitaður um það alla daga. Eitt af því sem ég þarf að passa mjög vel upp á er að borða og borða reglulega. Sá sem borðar reglulega og ekki eftir átta á kvöldin er í góðum málum. Þetta er eins og hver önnur brennsluvél og þú þarft að moka kolum á hana til að halda henni gangandi. Þeim mun betur sem þú hugsar um líkamann, þeim mun auðveldari er eftirleikurinn. Við eigum við það vandamál að stríða að við sjáum okkur ekki sem einstaklinga, alltaf svo upptekin af því að vera einhvers staðar annars staðar með hugann. Þetta er flótti."

### Feitir orðnir fleiri

Í dag líður Gauja litla vel, hann er í góðu jafnvægi og lítur alltof vel út. „Sko, ég myndi samt sem áður flokkast sem of feitur, en ekki þannig að ég þjáist af offitu.

Viðmiðin hafa breyst sökum aukinnar umræðu um líkamsvirðingu. Menn eigi að vera sáttir í eigin skinni. Og að andlega hliðin leiki stórt hlutverk í líkamlegu atgervi. Andlegt jafnvægi hjálpar til við að menn nái tökum á matarfíkn.

Þyngd er ekki aðalatriðið, eins og við sjáum alltaf slegið upp, heldur ummálið. Og andleg líðan."

**vísir.is** Viðtalið má lesa í lengri útgáfu inni á Vísi.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
10. SEPTEMBER 2016 LAUGARDAGUR

# ACTIVE LIVER VIRKAR FYRIR MIG

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin, þar á meðal lifrina.



Icecare Active Liver

Jóna Hjálmarsdóttir fann fljótt mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn Active Liver. Margar ástæður geta verið fyrir því að fita safnast upp í lifrinni, til dæmis áfengisneysla.

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruefnin í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

**NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?**

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.

Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina,“ útskýrir Ólöf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri hjá IceCare.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætiþistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósystein.

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is**


Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle.





Femarelle skiptir Valgerði miklu máli.





Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle.




**40+**
**FEMARELLE REJUVENATE**
- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári

**50+**
**FEMARELLE RECHARGE**
- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi

**60+**
**FEMARELLE UNSTOPPABLE**
- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigði slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi



**Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast – vertu með okkur**

**Elskaðu.Lifðu.Njóttu.** Femarelle® vörulínan

# FLUGFREYJUR OG FYRIRSÆTUR SELJA FÖT Í IÐNÓ

Líflegur fatamarkaður verður haldinn í Iðnó á morgun en þá koma saman annálaðar smekkkonur og selja út úr skápunum. Brynja Nordquist og Rut Róberts halda utan um viðburðinn og lofa úrvali flottra merkja, skarts og fylgihluta.



Rut Róberts og Brynja Nordquist halda fatamarkað ásamt annáluðu smekkfólki í Iðnó á morgun milli klukkan 13 og 18. MYND/EYÞÓR

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Við verðum tíu til tólf stelpur, vinkonuhópar, sem tengjast innbyrðis. Við höfum einu sinni áður haldið svona markað og erum bara með okkar Facebook-síðu þar sem við tölum okkur saman. Við ákváðum að drífa þetta upp,“ segir Brynja Nordquist, fyrrverandi fyrirsæta og flugfreyja, en hún ætlar að selja út úr fataskápnum sínum í Iðnó á morgun ásamt fleirum.

Föt, skór, töskur og skart verður meðal þess sem gestir geta gramsað í og þá verður Brynja með litlar vasabækur og smáhluti til sölu. Þarna verður hægt að gera góð kaup á flottum merkjavörum enda annálaðar smekkkonur á ferðinni.

„Þetta eru allt saman flugfreyjur, listakonur, hárgreiðslukonur, fyrrverandi fegurðardrottningar og fleiri sem hreinsa þarna úr skápunum,“ segir Brynja. „Þarna verða merkjavörur, bæði dömu og herra. Ég er nú aðeins að vaxa upp úr þessu sjálf en þetta eru allt konur sem eru duglegar að kaupa sér nýtt og mikið af flottum merkjum. Ég fæ svona að fljóta með. Svo er einn karlmaður með okkur á markaðnum, Simbi, hinn eini sanni,“ bætir hún við og á við Sigmund Sigurðsson hárgreiðslumann.

„Ég veit að hann er duglegur að kaupa flott merki, Gucci og Prada til dæmis. Þessi hópur hefur líka verið iðinn við að selja á Facebook-síðunni Merkjavara föt, skór & aukahlutir, sem Stefán Svan Aðalheiðarson heldur úti en þarna gefst tækifæri á að koma við flíkurnar og skoða. Þetta verður rosalega gaman. Iðnó er fallegt hús og tilvalið að líta við á röltinu í miðbænum, það verður opið fyrir kaffið,“ segir Brynja og hlakkar til. „Þetta er afskaplega skemmtilegur félagsskapur, við hittumst oft og förum út að borða. Við ætlum öll að vera þarna á staðnum á morgun, og ég á hækjunni,“ segir Brynja hlæjandi en hún er tiltölulega nýkomin úr hnéaðgerð og fer sinna ferða á hækjum.

Ásamt Brynju á markaðnum verða Rut Róberts, Elísabet Ásberg, Nína Björk Gunnarsdóttir og Rúna Magdalena, Magnea Snorradóttir, Hulda Sigurjónsdóttir og Gunnhildur Mekkinósson svo einhverjar séu nefndar.

„Við opnum klukkan 13 og höfum opið fram eftir degi. Allavega til klukkan 18,“ segir Brynja.








## MORGUNMÚSLÍ HELGARINNAR

Heimalagað morgunkorn út á jógúrt eða skyr að viðbættum ávöxtum er dúndurgóður morgunmatur á laugardegi.

**3 bollar grófvalsaðir hafrar**
**1 bolli möndlur, saxaðar gróft**
**1 bolli kasjúhnetur**
**¾ bollar kókosflögur**
**¼ bolli + 2 msk. púðursykur, dökkur**
**¼ bolli + 2 msk. hlynsýróp**
**¼ bolli grænmetisolía**
**¾ tsk. salt**
**1 bolli rúsínur**

Forhitið bökunarofninn í 120 gráður. Blandið höfrum, hnetum, kókosflögum og púðursykri saman í stóra skál og setjið til hliðar. Blandið þá í minni skál sýrópi, olíu og salti saman og hellið yfir þurrblönduna. Veltið blöndunni í skálinni. Dreifið svo innihaldinu í tvær ofnskúffur. Bakið í 1 klst. og 15 mínútur. Hrærið í með spaða á korters fresti svo allt fái jafnan lit.

Takið svo úr ofninum og hellið í skál. Bætið að endingu rúsínum út í.

Uppskriftin er fengin af www.foodnetwork.com


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*




Sími: 527-1060 | Langholtsvegi 111

Veiðiflugur

# SVITI OG PÚL FRAM UNDAN

Nú er sá árstími runninn upp þegar flestir landsmenn fara að huga að hreyfingu og líkamsrækt yfir veturinn. Fólk tekur sér ýmislegt fyrir hendur í þeim efnum eins og sjá má. Sumir velja kraftlyftingar en aðrir skíðagöngu eða jóga.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



**ÆFIR Í MJÖLNI**

**Hrefna Sætran:** Ég æfi í Mjölni með þjálfara sem heitir Gerða og er snillingur. Þar sem ég er svo lágvaxin passar mér illa að æfa í tækjasal og því er Mjölnir minn staður. Þar nota ég eigin líkamsþyngd, ketilbjöllur, sippuband, kaðla og fleira skemmtilegt. Markmiðið er að komast í handahlaup en það hef ég aldrei gert á ævinni.

Einnig kíki ég í Goðaafl, Kickbox og Víkingaþrekið þar inn á milli. Ég er líka með klippikort í Sólum þar sem ég fer í jóga og jóga nidra sem er svefnjóga. Ég geri líka jóga nidra heima fyrir en finnst eiginlega betra að fara út úr húsi til að æfa.

Ég fór í sjósund um daginn og var í 20 mínútur ofan í sjónum. Mig langar til að prófa það oftar í vetur en ég fann strax hvað það gerir manni gott. Svo er líka svo hollt að fara út fyrir þægindarammann því það heldur manni við efnið.

**SARTVERJI**

**Þórdís Lóa Þórhallsdóttir:** Ég er Spartverji og æfi Metabolic í Spörtu heilsurækt. Öll hreyfing mín gengur út á heilbrigði og að vera í góðu formi svo ég geti stundað áhugamálin mín, s.s. veiðar, skíði, ferðalög, göngur og aðra útivist.

Undanfarið hef ég verið að undirbúa mig fyrir hreindýraveiðar í september þannig að ég hef verið að ganga ásamt því að koma mér aftur af stað í Metabolic eftir sumarið.

Í vetur langar mig einnig að bæta við jóga. Það er mikil vinna fram undan og mikilvægt fyrir mig að hreyfa mig mikið því þá eykst orkan mín og fókus.

Auk þess að hreyfa mig mikið borða ég hollan og góðan mat og sem minnst unninn. Ég veiði mikið og rækta allt grænmeti sjálf þannig að maturinn minn er „slow food“ matur. Fram undan er spennandi tími þar sem við vinnum „gourmet“ mat úr því sem við veiðum, t.d. silungi, laxi, gæs, rjúpu og hreindýri.



> Þar sem ég er lágvaxin passar mér illa að æfa í tækjasal og því er Mjölnir minn staður. Þar nota ég eigin líkamsþyngd, ketilbjöllur, sippuband, kaðla og fleira skemmtilegt."
>
> Hrefna Sætran



> Öll hreyfing mín gengur út á heilbrigði og að vera í góðu formi svo ég geti stundað áhugamálin mín eins og veiðar, skíði, ferðalög, göngur og aðra útivist."
>
> Þórdís Lóa Þórhallsdóttir



> Ég fór vel út fyrir þægindarammann og öðlaðist nafnbótina Landvættur í sumar. Þessi ástundun og félagsskapur gaf mér mikið og nú er markmiðið að gera þetta allt saman aftur og bæta alla tímana mína."
>
> Lukka Pálsdóttir.

**LANDVÆTTUR**

**Lukka Pálsdóttir:** Um jólaleytið í fyrra datt ég inn í einn skemmtilegasta heilsuræktarhóp sem ég hef kynnst. Þetta var hópur fólks sem setti sér það markmið að verða Landvættir og stundaði skíðagöngu, hjólreiðar, náttúruhlaup og vatnasund saman undir styrkri handleiðslu Ferðafélags Íslands. Ég fór því vel út fyrir minn þægindaramma og öðlaðist nafnbótina Landvættur í sumar. Þessi ástundun og félagsskapur gaf mér mikið og nú er markmið mitt að gera þetta allt saman aftur og bæta alla tímana mína. Það er fátt meira nærandi en holl hreyfing í íslenskri náttúru með gefandi fólki.

Hollt mataræði skiptir auðvitað miklu máli en í mínum huga snýst það ekki um nýjasta tískukúrinn eða ofurfæðu. Ég er handviss um að því minna unnin sem fæðan er, því hollari er hún, og við getum borðað úr öllum fæðuflokkum ef við veljum hreint hráefni og óunnið.

Trendið í vetur verður klárlega út með sykur, inn með holla fitu og mat sem nærir góða bakteríuflóru. Við verðum að fara að opna augun fyrir því að við getum ekki valið bæði: mikinn sykur og góða heilsu.






## HEIMAGERT KRÆKIBERJAVÍN

Íslendingar vita að krækiber eru sérlega holl og góð. Enn er hægt að tína þau en berin vaxa um allt land. Berin vaxa í köldu loftslagi og finnast víða á Norðurlöndum. Krækiberin eru stútfull af andoxunarefnum, þau eru járn- og trefjarík, innihalda C- og E-vítamín. Þess utan eru þau vatnslosandi.

Fyrir fólk sem er úti í náttúrunni í göngum eru berin ákaflega góð til að slökkva þorsta. Þau eru vatnsmikil. Berin geymast í tvær vikur í ísskáp og þau má nota í bakstur, í sósur eða marineringar, í þeytinga, út á hafragraut, jógúrt eða skyr. Talið er að krækiber hafi mjög góð áhrif á meltinguna.

Svo er gaman að eiga krækiberjavín um jólin.

**Krækiberjavín**

**1,5 kg krækiber**
**1 flaska vodka**
**1,2 kg sykur**
**7 dl vatn**

Setjið berin í smávegis vatn og látið standa yfir nótt. Þá er vodkanu hellt yfir berin og látið standa aðra nótt. Þá er soðið sigtað í gegnum bleiugas.

Sjóðið 7 dl af vatni með sykri í fimm mínútur. Látið kólna.

Þá er vodka- og berjasaftin sett saman við sykurvatnið. Þetta ætti að gefa um 3 lítra. Geymið í að minnsta kosti sex vikur áður en drykkurinn er borinn fram.


GLÆNÝ skósending!
Góðir skór fyrir veturinn á FRÁBÆRU verði eða frá 8.990 til 11.990kr!
ÚTIVISTAR-DAGAR!
Gott úrval af úlpum og skóm á FRÁBÆRU verði
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
Einnig til í svörtu, vínrauðu og bláu!
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
Einnig til í svörtu, fjólubláu og vínrauðu!
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
Einnig til í svörtu, fjólubláu og bláu!
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
ZIKZAK TÍSKUHÚS
Verð 11.990,- st. 36-41
Verð 8.990,- st. 36-41
Verð 11.990,- st. 36-41
Ný skósending!
Verð 8.990,- st. 36-41
Verð 9.990,- st. 36-41
Verð 8.990,- st. 36-41
Verð 8.990,- st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314



IÐNFYRIRTÆKI TIL SÖLU

Rótgróið iðn- og þjónustufyrirtæki með 34 ára sögu er nú til sölu.

Um er að ræða skerpingarverkstæði og rekstur verslunar í Kópavogi. Fyrirtækið vinnur fyrir álver og stærstu trésmíðaverkstæði landsins og hefur leiðandi stöðu á sínu sviði. Góð vaxtartækifæri.

Rekstur fyrirtækisins er nú til sölu ásamt stórum vélasal. Væntanleg ársvelta 2016 um 50 milljónir króna. Hjá fyrirtækinu starfa tveir starfsmenn.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 840-3425.




Jón Hilmar hélt BLIND tónleika fyrir nemendur Landakotsskóla í gær. Í kvöld munu gestir Hörpu verða með bundið fyrir augun á tónleikum hans. MYND/GVA

# HLUSTA BETUR MEÐ BUNDIÐ FYRIR AUGU

Gestir Hörpu í kvöld eiga óvissuferð fyrir höndum þegar Innrásin úr Austri fer þar fram. Þar verða áheyrendur með bundið fyrir augun hluta af tónleikunum og hlusta líka á blús, rokk og elektróníska tónlist.


Lilja Björk Hauksdóttir
liljabjork@365.is




Fyrir þremur árum þurfti tónlistarmaðurinn Jón Hilmar Kárason hugmynd fyrir hádegistónleika sem hann ætlaði að halda. „Ég settist því niður og af þessum fundi með sjálfum mér þá fæddist hugmyndin um BLIND verkefnið,“ útskýrir Jón Hilmar. Á BLIND tónleikum upplifa gestir tónlist, sögur, hljóð og ýmislegt fleira með bundið fyrir augun. Sagnaþulan Berglind Ósk, gítarleikarinn Jón Hilmar og hljóðlistamaðurinn Guðjón Birgir fara með þá í sérstakt ferðalag. Þessi nálgun gefur listamönnunum óteljandi tækifæri á að koma gestum á óvart. BLIND tónleikarnir eru partur af Innrás úr Austri sem fram fer í Hörpu í kvöld. Ásamt BLIND munu hljómsveitirnar FURA, VAX og DÚTL koma fram en öll þessi atriði eiga rætur að rekja til Austurlands. Tónleikarnir verða fjölbreyttir þar sem gestir fá að upplifa ævintýraheim BLIND, gítarbræðing frá DÚTLI, rokk og ról frá VAXI og elektróníska tóna með vídeólistaverkum frá FURU.

## SÉRSTÖK UPPLIFUN

„Við höfum fengið mismunandi listamenn til að spila á BLIND tónleikunum. Í rauninni upplifir bæði gesturinn og tónlistarmaðurinn tónleikana á allt annan hátt en venjulega tónleika. Þegar bundið er fyrir augun þá er ekkert að trufla hlustunina, augun eru ekki að teyma hugann neitt annað og upplifunin verður mjög sérstök. Við dæmum svo mikið með augunum en allir fordómar hverfa á BLIND. Við höfum spilað á kaktus og allir hlusta. Við höfum spilað á saumavél og enginn hlær,“ segir Jón Hilmar.

## ENGAR MYNDIR

Hann segir gesti tónleikanna eiga von á bæði góðri skemmtun og því að verða svolítið hissa í kvöld. „Þetta verður að hluta til svolítil óvissuferð og fólk þarf að treysta okkur. Þetta er spurning um traust þegar fólk sest niður með fullt af öðru ókunnugu fólki og ætlar að binda fyrir augun á sér og ekki sjá neitt í tuttugu mínútur.



Jón Hilmar kemur líka fram á tónleikunum í kvöld með hljómsveitinni DÚTL sem leikur melódískan blús og fönkskotna gítartónlist.

Það getur verið óþægilegt ef það nær ekki að treysta mér, ef ég næ ekki að segja eitthvað fallegt við það þannig að það treysti því að það sé öruggt á tónleikunum. Ég byrja því tónleikana með smá tölu og fæ gesti á mitt band. Þegar við höfum sýnt fyrir útlendinga þá hafa þeir margir verið órólegir en yfirleitt nær fólk að slaka á og njóta. En það þarf að treysta.“ Þess vegna hefur ekki verið leyft að taka myndir á BLIND tónleikum. „Sennilega eru þetta einu tónleikarnir í heiminum þar sem enginn hefur nokkurn tíma tekið upp hljóð eða mynd á símann sinn. Við höfum aldrei sýnt BLIND fyrir fimm hundruð manns í einu eins og von er á í kvöld og það verður spennandi að flytja tónleikana fyrir svo marga.“

## BLÚS, FÖNK, ROKK OG RÓL

Auk BLIND tónleikanna munu þrjár hljómsveitir koma fram í kvöld. DÚTL sem leikur melódískan blús og fönkskotna gítartónlist og þar verður gítarleikarinn Jón Hilmar í broddi fylkingar, VAX sem leikur rokk og ról af bestu gerð í anda sjöunda áratugarins og hefur leikið víða um heim og á flestum helstu rokkhátíðum landsins, eins og Aldrei fór ég suður og Bræðslunni, og hljómsveitin FURA sem er hljómsveit Seyðfirðingsins Bjartar Sigfinnsdóttur sem nýlega gaf út sína fyrstu plötu sem ber nafn sveitarinnar. FURA starfar í Danmörku og hefur verið að spila á hátíðum víða um heim. Með hljómsveitinni koma vídeólistamennirnir Rasmus Ottesen Stride og Hilmar Guðjónsson fram en annars skipa sveitina, auk Bjartar, Emil Vissing og Troels Holdt.




RARIK

## RARIK - sérfræðingur í Orkuviðskiptahóp

*RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.*

*Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið*

*Upplýsingatæknideild sinnir rekstri og þróun vél- og hugbúnaðar RARIK, þar á meðal rekstri viðskiptakerfis fyrirtækisins í nánu samstarfi við tækni- og fjármálasvið fyrirtækisins og sinna 8 starfsmenn þessum verkum.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.rarik.is***

RARIK óskar eftir að ráða sérfræðing inn í Orkuviðskiptahóp Upplýsingatæknideildar. Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í innleiðingu, þróun og rekstri á nýju Orkuviðskiptakerfi innan Dynamics Ax. Um er að ræða fullt starf og er starfsstöðin í Reykjavík.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Þátttaka í þróun og rekstri orkuviðskiptakerfis
- Þátttaka í innleiðingu á nýju kerfi innan Dynamics Ax
- Samskipti við ytri aðila og starfsmenn Rarik
- Skýrslugerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Viðskiptamenntun ásamt þekkingu á upplýsingatækni eða kerfisfræði-/ tölvunarfræðimenntun með viðskiptaþekkingu
- Reynsla á sviði viðskipta og/eða upplýsingatækni er æskileg
- Reynsla af innleiðingu nýs kerfis er æskileg
- Þekking og reynsla af Dynamics Ax
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

*Nánari upplýsingar veita Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 26. september. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*

***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is*** *og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

## Verkefnastjórar í þróun framtíðar

Upplýsingatæknideild Kópavogsbæjar leitar að verkefnastjórum. Umsækjendur þurfa að hafa getu til að stýra flóknum og nýstárlegum hugbúnaðarverkefnum í samvinnu við stóran hóp starfsmanna. Við leitum að:

### Verkefnastjóra með áherslu á fjármála- og mannauðskerfi

Megin lausnir sem unnið er með í dag eru:

- SAP í launa- og mannauðskerfi
- MS Dynamics Nav fjárhagskerfi
- Vöruhús gagna byggir á MS SQL og timeXtender

### Verkefnastjóra með áherslu á skjala- og málakerfi

Megin lausnir sem unnið er með í dag eru:

- OneSystems mála- og skjalakerfi
- OneSystems íbúagátt
- OneSystems fundarmannagátt
- Vöruhús gagna byggir á MS SQL og timeXtender

Góð reynsla og árangur af verkefnastjórnun hugbúnaðarverkefna er mikilvægur og jafnframt að umsækjendur hafi menntun á sviði tölvunarfræða eða aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi. Kópavogsbær býður upp á traustan, skemmtilegan, jákvæðan og nútímalegan vinnustað þar sem mikill metnaður er til að mæta ólíkum þörfum íbúa bæjarfélagsins.

### Meginhlutverk verkefnastjóra eru:

- Greina fyrirliggjandi þarfir notenda og íbúa til hugbúnaðarlausna
- Greina og meta heppilegustu leiðir til að mæta þörfum notenda og íbúa
- Semja við hugbúnaðarbirgja og halda utan um samskipti við þá
- Verkstýra framkvæmd umbótaverkefna og innleiðingu þeirra
- Vinna með þróunarráðum hugbúnaðarlausna og leiða saman ólík viðhorf
- Tryggja nauðsynlega þekkingu starfsmanna á breyttum vinnubrögðum

Með umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til þess að sækja um.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 25. september 2016.**

Nánari upplýsingar um störfin veitir Ingimar Þór Friðriksson, forstöðumaður upplýsingatæknideildar Kópavogsbæjar, **ingimar@kopavogur.is**. Fyllstum trúnaði er heitið varðandi allar fyrirspurnir.

Kópavogsbær

kopavogur.is

## Starfsmaður vanur netagerð óskast

**Óskum eftir að ráða starfsfólk vant netagerð til vinnu við almenna neta- og víravinnu á netaverkstæði félagsins í Hafnarfirði. Um framtíðarstörf er að ræða.**

**Umsóknarfrestur er til 19. september næstkomandi.**

***Umsóknir skal senda til:***
Oddgeirs Oddgeirssonar, rekstrarstjóra með tölvupósti
oddgeir@isfell.is

*Ísfells netaverkstæðin eru alls átta talsins og veita alla þjónustu er varðar uppsetningu og viðhald veiðarfæra. Ísfell kappkostar að veita viðskiptavinum félagsins heildarlausnir með breiðu úrvali veiðarfæra.*

*Ísfell er í samstarfi við Iðuna fræðslusetur, varðandi raunfærnimat til sveinsprófi í netagerð.*

ÍSFELL

**Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hf • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is**

---

## STARFSFÓLK ÓSKAST!

**Við óskum eftir hressu og harðduglegu starfsfólki í 60 til 100% störf á veitingastöðum okkar við Hagasmára og Grjóthàls.**

Ef þú ert 18 ára eða eldri og langar að vinna á skemmtilegum vinnustað með góðu fólki, sæktu þá endilega um á **10-11.is/starfsumsokn** og mundu að láta ferilskrána fylgja með.

BAD BOYS BURGERS & GRILL

---

## Starfsfólk óskast!

Við auglýsum eftir hressu og skemmtilegu starfsfólki í vaktavinnu.

Við leitum að einstaklingum sem:

- hafa framúrskarandi þjónustulund
- eru stundvísir, reglusamir og geta unnið undir álagi
- hafa góða færni í mannlegum samskiptum
- hafa náð 18 ára aldri

Reynsla af öðrum þjónustu-störfum er mikill kostur. Áhugasamir sendi umsókn, mynd og ferilskrá á 10-11.is/starfsumsokn.

10-11 *Fljótlegt og þægilegt*

---

Viltu starfa innan Vatnajökulsþjóðgarðs?

# Bókari

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir starf bókara laust til umsóknar. Hér er um fullt starf að ræða á starfsstöðvum þjóðgarðsins.

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur
**26. september**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3666**

Starfssvið

- Umsjón með bókhaldi stofnunarinnar.
- Fjárhagsuppgjör.
- Afstemmingar og aðkoma að frágangi lokauppgjörs.
- Reikningagerð.
- Virðisaukaskattsuppgjör.
- Umjón með launavinnslu gerð ráðningarsamninga og túlkun kjaramála.
- Ábyrgð á skjalavistun.
- Önnur verkefni í samráði við fjármálastjóra, sem er næsti yfirmaður viðkomandi.

Hæfniskröfur

- Reynsla af bókhaldsstörfum skilyrði.
- Menntun á sviði bókhalds æskileg, t.d. Viðurkenndur bókari, B.Sc. í viðskiptafræði með áherslu á endurskoðun og reikningsskil.
- Reynsla af fjárhagsuppgjöri skilyrði.
- Þekking og reynsla af ORRA bókhaldskerfi ríkisins æskilegt.
- Góð almenn tölvukunnátta, sérstaklega Excel.
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar.
- Sveigjanleiki og vilji til að ganga í fjölbreytt verkefni.
- Góð íslenskukunnátta.

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun. Þjóðgarðurinn skiptist í fjögur rekstrarsvæði, sem rekin eru sem aðskildar einingar og eru mörk þeirra tilgreind í reglugerð um þjóðgarðinn. Þetta eru norðursvæði, austursvæði, suðursvæði og vestursvæði. Sjá nánar: www.vjp.is

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

---

Viltu starfa hjá TR?

# Upplýsingafulltrúi

TRYGGINGASTOFNUN

Tryggingarstofnun auglýsir laust til umsóknar nýtt starf upplýsingafulltrúa. Leitað er að einstaklingi sem hefur metnað til að ná árangri í starfi, þekkir vel íslenskt þjóðfélag og hefur áhuga fyrir samfélags- og réttindamálum. Viðkomandi mun starfa á skrifstofu forstjóra.
Um fullt starf er að ræða og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur
**26. september**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3669**

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Samskipti við fjölmiðla.
- Frétta- og greinaskrif fyrir ytri og innri miðla.
- Ábyrgð á mótun stefnu í samfélagsmiðlun.
- Umsjón með útgáfumálum.
- Efling innri upplýsingagjafa.
- Aðstoð við upplýsingamál innan TR og ráðgjöf til stjórnenda.
- Markviss vöktun á umræðu um málaflokk TR.
- Ritstjórn ársskýrslu.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af fjölmiðlum.
- Reynsla af kynningarstarfsemi.
- Góð greiningarhæfni og geta til að lesa aðstæður.
- Afburða íslenskukunnátta í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti, æskileg færni í einu Norðurlandamáli.
- Góð samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í miðlun upplýsinga með fjölbreyttum aðferðum.
- Frumkvæði, drifkraftur, sveigjanleiki og heilindi.

Tryggingastofnun heyrir undir velferðarráðuneytið og er ein stærsta þjónustustofnun landsins.
Hlutverk Tryggingastofnunar er að framfylgja lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna auk þess að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin hverju sinni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ertu öflugur

# Fjármálastjóri?

Akraneskaupstaður

Fjármálastjóri hefur yfirumsjón með áætlanagerð og uppgjöri sveitarfélagsins og samhæfingu verkefna á sviði fjármála. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri stjórnsýslu-og fjármálasviðs og er fjármálastjóri staðgengill hans.

Með vísan til laga um jafnan rétt kynjanna eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur
**30. september**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3667**

Starfssvið
- Ábyrgð á daglegri fjármálastjórn sveitarfélagsins.
- Undirbúningur, gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana.
- Yfirumsjón með fjárreiðum, innkaupum og reikningshaldi.
- Yfirumsjón með framlagningu árshlutareikninga og ársreikninga.
- Greiningarvinna og miðlun upplýsinga til kjörinna fulltrúa og stjórnenda.
- Ýmis umbótaverkefni sem snúa m.a. að innleiðingu nýrra kerfa og gerð verkferla.

Hæfniskröfur
- Háskólapróf í viðskiptafræði, framhaldsmenntun æskileg.
- Reynsla af reikningshaldi, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Stjórnunarreynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Góð samskipta- og leiðtogahæfni.
- Afar góð greiningarhæfni og færni í notkun upplýsingatækni til að halda utan um töluleg gögn og miðlun upplýsinga.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Akraneskaupstaður er ört vaxandi bæjarfélag með sjö þúsund íbúa. Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð í stjórnsýslunni. Einkunnarorð sveitarfélagsins eru jákvæðni, metnaður og víðsýni.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Viltu starfa innan Vatnajökulsþjóðgarðs?

# Fjármálastjóri

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir starf fjármálastjóra laust til umsóknar. Hér er um fullt starf að ræða á starfsstöðvum þjóðgarðsins.

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur
**26. september**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3665**

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Gerð fjárhagsáætlana og samantekt áætlana í samvinnu við framkvæmdastjóra.
- Kostnaðareftirlit og eftirfylgni svo og frávikagreining.
- Vinnsla og framsetning upplýsinga um stöðu fjármála og fjárhagsuppgjör.
- Aðstoð við stjórnendur í mannauðs- og kjaramálum.
- Aðstoð við gerð starfsmannahandbókar, starfslýsinga og stofnanasamninga.
- Umsjón með undirbúningi endurskoðunar, gerð ársreiknings og ársskýrslu og fjárhagslegri skýrslugerð.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra, sem er næsti yfirmaður viðkomandi.

Hæfniskröfur
- Viðskipafræðimenntun á háskólastigi eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum.
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórnun er æskileg.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og opinberum fjármálum æskileg.
- Reynsla af mannauðs- og kjaramálum er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Frekari tungumálakunnátta er kostur.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og góð samstarfshæfni.
- Skipulagshæfni og gott verklag.
- Þekking á umhverfismálum og náttúruvernd er æskileg.

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun. Þjóðgarðurinn skiptist í fjögur rekstrarsvæði, sem rekin eru sem aðskildar einingar og eru mörk þeirra tilgreind í reglugerð um þjóðgarðinn. Þetta eru norðursvæði, austursvæði, suðursvæði og vestursvæði. Sjá nánar: www.vjp.is

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

## BRIMHÓTEL óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu.

Öll almenn skrifstofustörf eins og bókhald, fjármál, áætlanagerð, innheimta, gerð leigu og lánasamninga umsjón með útleigu og fleiri tilfallandi störf.

**Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt ferilskrá fyrir 16. september á sverrir@brimhotel.is**

BRIM HOTEL

**BRIMHÓTEL / SKIPHOLTI 27**

---

Byggingarfélagið Bestla

## Húsasmiðir

óskum eftir að ráða öfluga og sjálfstæða húsasmiði

## Verkamenn

óskum eftir öflugum verkamönnum með reynslu af byggingariðnaði

Áhugasamir sendi inn umsókn á netfangið: jon@bestla.is
Upplýsingar í síma: Guðjón 895-7673

---

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

**Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi.**

Má bjóða þér að vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum.

**Vegna forfalla vantar okkur enskukennara við unglingadeild skólans í 92% starfshlutfall út skólaárið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.**

Upplýsingar um ofangreind störf veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200/8968230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur um starfið er til 23. september 2016**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

---

RARIK

## RARIK - upplýsingatækniþjónusta

*RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.*

*Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið*

*Upplýsingatæknideild sinnir rekstri og þróun vél- og hugbúnaðar RARIK, þar á meðal rekstri viðskiptakerfis fyrirtækisins í nánu samstarfi við tækni- og fjármálasvið fyrirtækisins og sinna 8 starfsmenn þessum verkum.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.rarik.is***

RARIK óskar eftir að ráða duglegan og lipran einstakling á Upplýsingatæknideild. Viðkomandi mun fyrst og fremst sinna upplýsingatækniþjónustu við aðra starfsmenn RARIK. Um er að ræða fullt starf og er starfsstöðin í Reykjavík.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Almenn þjónusta og samskipti við notendur
- Uppsetning á tölvum, IP símum, snjallsímum og hugbúnaði
- Þátttaka í rekstri netþjóna
- Þátttaka í rekstri netbúnaðar/víðnets
- Þátttaka í almennum rekstri tölvukerfa

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Nám í kerfisfræði eða sambærilegt nám er kostur
- Reynsla af upplýsingatækniþjónustu / kerfisrekstri er kostur
- Til greina kemur að ráða sjálfmenntaðan einstakling sem býr að góðri starfsreynslu úr sambærilegu starfi
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

*Nánari upplýsingar veita Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 26. september. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*

***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is*** *og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

---

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Lífeyrissjóður verzlunarmanna var stofnaður 1. febrúar 1956 á grundvelli kjarasamninga. Sjóðurinn er stærsti lífeyrissjóður á almennum vinnumarkaði. Eignir hans nema um 600 milljörðum króna. Um 48 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðsins á liðnu ári og lífeyrisþegar eru rúmlega 13 þúsund. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Á skrifstofu sjóðsins starfa fjórtíu starfsmenn. Vinnutíminn er frá kl. 8.30 – 16.30.

# Kerfisstjóri

Lífeyrissjóður verzlunarmanna leitar að kerfisstjóra í öflugt teymi í tölvudeild sjóðsins.

**Starfssvið**

- Dagleg umsjón og eftirlit með tölvukerfi sjóðsins
- Umsjón með kerfishugbúnaði
- Notendaþjónusta
- Uppsetning og uppfærsla á vélum og hugbúnaði
- Samskipti við þjónustuaðila og birgja

**Hæfniskröfur**

- Menntun og reynsla á sviði kerfisfræði
- Reynsla af rekstri Microsoft og Linux umhverfa
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Þekking á rekstri gagnagrunna er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

**Upplýsingar veitir:**
**Inga S. Arnardótttir**
inga@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 18. sept. nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Verkalýðsfélag Vestfirðinga – Verk Vest tók til starfa 1. janúar 2002. Verk Vest er blandað stéttarfélag á almennum vinnumarkaði með um 1.700 félagsmenn. Frá árinu 2005 nær starfssvæði félagsins til allra Vestfjarða, en í Bolungarvík eru eingöngu verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarmenn í Verk-Vest. Starfsstöðvar félagsins eru tvær, á Ísafirði og Patreksfirði og starfa 8 starfsmenn hjá félaginu.

# Þjónustufulltrúi

Verkalýðsfélag Vestfirðinga auglýsir eftir þjónustufulltrúa í 50% stöðu á skrifstofu félagsins á Ísafirði. Vinnutími er frá kl. 12-16 og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. desember 2016.

**Ábyrgðarsvið**

- Almenn þjónusta við félagsmenn
- Aðstoð í vinnuréttindamálum
- Upplýsingagjöf til félagsmanna
- Aðstoð við skýrslugerð
- Aðstoð við innheimtu og rafrænar skráningar
- Símsvörun og önnur tilfallandi skrifstofustörf
- Vinnustaðaheimsóknir

**Hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á starfsemi stéttarfélaga er kostur
- Reynsla af skýrslugerð og innheimtu er kostur
- Þekking á dk bókhaldskerfi er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli. Önnur tungumál kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund

**Upplýsingar veitir:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 25. sept. nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN Á VESTURLANDI

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi er sjálfseignarstofnun, starfar á sviði fullorðinsfræðslu og rekur þrjár starfsstöðvar á Vesturlandi – á Akranesi, í Borgarnesi og á Snæfellsnesi.

Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar hefur farið vaxandi undanfarin ár og fjölmörg tækifæri eru til staðar til að starfa að fjölbreyttum og áhugaverðum verkefnum í landshlutanum innan fullorðinsfræðslunnar og í samstarfi við hagsmunaaðila hverju sinni. **www.simenntun.is**

# Verkefnastjóri

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi óskar eftir að ráða verkefnastjóra. Starfsstöðin er á Akranesi en verkefnastjóri mun starfa að verkefnum á öllu Vesturlandi þótt sérstök áhersla sé lögð á Akranes og nágrenni.

Í boði eru fjölmörg tækifæri til að starfa að fjölbreyttum og áhugaverðum verkefnum á Vesturlandi. Viltu vera með okkur og sækja fram?

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Skipulagning, umsjón og kennsla á námskeiðum Símenntunarmiðstöðvarinnar
- Ráðgjöf og upplýsingamiðlun til stofnana, fyrirtækja og einstaklinga varðandi sí- og endurmenntun
- Úttekt á sí- og endurmenntun innan fyrirtækja og gerð símenntunaráætlana
- Uppbygging á samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu
- Þátttaka í ýmsum þróunar- og samstarfsverkefnum á sviði framhaldsfræðslu
- Ýmis önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking á atvinnulífi á Vesturlandi er kostur og þá sérstaklega á Akranesi og nágrenni
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Frumkvæði, framsýni og skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta

**Upplýsingar veitir:**
**Sveina Berglind Jónsdóttir**
sveina@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 25. sept. nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

## Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



# Garðyrkjufræðingar óskast

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir garðyrkjufræðingi til starfa hjá skrifstofu reksturs og umhirðu. Um er að ræða starf á verkbækistöð I, Skrúðgarðar Reykjavíkur. Skrúðgarðar sjá meðal annars um að sinna skrúðgörðum borgarinnar og öllum gróðri á opnum svæðum og stofnanalóðum borgarinnar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Hafa umsjón með gróðri í ákveðnum borgarhluta og allt sem snýr að honum gróðurlega séð, t.d. klippingar, plantanir í trjám, runnum og sumarblómum, grasslætti, viðhaldi, endurnýjun á beðum, bekkjum, tunnum, ruslatínslu, og margt fleira.

**Hæfniskröfur**

- Garðyrkjufræðingur úr Landbúnaðarháskóla Íslands eða sambærileg menntun.
- Reynsla af störfum í garðyrkju æskileg.
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Lipurð í samskiptum og hæfni til að vinna í teymi.
- Almenn ökuréttindi.
- Reglusemi og stundvísi.
- Líkamlegt hreysti.

Umsóknarfrestur er til og með **18. september n.k.** Um að ræða 100% starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Atli Marel Vokes deildarstjóri í síma 411-1111 og tölvupósti ***atli.marel.vokes@reykjavik.is***
Sótt er um störfin á innri vef Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is*** undir flipanum **„Laus störf"** og öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

## ELDHÚS - Hjá Dóra í Mjódd

Matsölustaðurinn Hjá Dóra í Mjódd óskar eftir að ráða starfskraft í afgreiðslu og þrif virka daga frá kl. 10-16. **Upplýsingar á staðnum eða í síma 5573910 virka daga og á dorikokkur@visir.is** Íslenskukunnátta nauðsynleg.

DAGNÝ & CO

FERSKT FRESH FRAIS FRISK · GOTT GOOD BON GOD · HOLLT HEALTHY SAINT SUNDT

# Fjármálastjóri

**Dagný & co leitar að reyndum og öflugum fjármálastjóra í fullt starf, með viðskiptafræðimenntun eða sambærilegt.**

**Viðkomandi þarf að búa yfir:**
- Bókhaldsþekkingu og reynslu
- Reynslu af fjárhagsáætlanagerð
- Getu til að vinna undir álagi
- Frumkvæði
- Jákvæðni

Við bjóðum góð laun og aðstöðu fyrir réttan aðila.
Við hvetjum fólk af báðum kynjum og á öllum aldri til að sækja um.

Vinsamlega sendið okkur ferilskrá á dagny@dagnyehf.is þar sem fram kemur menntun og reynsla. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf fyrir 20. september næstkomandi.

*Dagný & co er matvælafyrirtæki í örum vexti. Við framleiðum samlokur, tilbúna rétti, salöt, eftirrétti og fleira. Við erum til húsa að Flatahrauni 27 í Hafnarfirði í húsnæði sem er sérhannað undir vinnslu af þessu tagi. Við hreykjum okkur af góðum vinnuanda og skemmtilegum og fjölþjóðlegum hópi starfsmanna.*

# SÉRFRÆÐINGAR

expectus

**Vegna aukinna verkefna óskar Expectus eftir að bæta við sig sérfræðingum í öflugt teymi fyrirtækisins á sviði hugbúnaðar- og rekstrarlausna. Leitað er að lausnamiðuðum og árangursdrifnum einstaklingum með jákvætt viðmót og hæfni til að starfa í hópi sérfræðinga.**

## SÉRFRÆÐINGUR - VIÐSKIPTAGREIND / STJÓRNENDAUPPLÝSINGAR

Starfið felur m.a. í sér greiningu á þörfum viðskiptavina, verkefnastjórn og innleiðingu lausna á sviði viðskiptagreindar.

HELSTU VERKEFNI:
- Rekstur og þróun á gagnavöruhúsi og árangursmælikvörðum
- Þróun ferla tengdum áætlanagerð
- Greining gagna og skýrslugerð
- Önnur verkefni á sviði viðskiptagreindar

HÆFNISKRÖFUR:
- Reynsla/þekking af gagnagrunnsfræðum er æskileg
- Reynsla af úrvinnslu gagna og skilningur á upplýsingum um rekstur fyrirtækja
- Þekking á Dynamics NAV / AX eða öðrum bókhaldskerfum er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki skilyrði

## SÉRFRÆÐINGUR - SHAREPOINT TEYMI

Starfið felur í sér þróun og uppsetningu hugbúnaðarlausna í SharePoint. Meðal verkefna sem teymið hefur þróað eru staðlaðar lausnir sem snúa að verkefnastjórnun, sölustjórnun, rafrænum verkferlum og samvinnu.

HELSTU VERKEFNI:
- Þróun og smíði exPoint lausna Expectus í SharePoint
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavini
- Verkefnastjórnun og ferlagreining
- Aðrar séraðlaganir í SharePoint

HÆFNISKRÖFUR:
- A.m.k. 2ja ára reynsla af þróun og uppsetningu á lausnum fyrir notendur í SharePoint
- Reynsla/þekking á viðurkenndum aðferðum við hugbúnaðarþróun
- Þekking og skilningur á HTML, CSS og Javascript
- Þekking og reynsla af uppsetningarferli hugbúnaðarlausna
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og góð samskipta- og samvinnuhæfni
- Þekking á söluferlum og ráðgjöf til viðskiptavina
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki skilyrði

Expectus er ráðgjafafyrirtæki sem þjónar fyrirtækjum, opinberum aðilum og stofnunum með því að aðstoða þau við að greina og bregðast við breytingum í umhverfi sínu, marka stefnu og koma henni í framkvæmd með því að nýta kjarnahæfni sína og upplýsingatækni og auka þannig árangur sinn á völdum sviðum.

Gildi Expectus eru kraftur, heiðarleiki og samvinna.

Expectus var valið fyrirtæki ársins 2016 í hópi millistórra fyrirtækja hjá VR og eru starfsmenn stoltir af þeirri nafnbót sem er í samræmi við þá framtíðarsýn sem Expectus setti sér í upphafi að vera fyrirmynd annarra þekkingarfyrirtækja.
www.expectus.is.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2016

SÆKJA UM:

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, agla@radum.is.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

ráðum ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk.

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is




CITYSIGHTSEEING OFFICIAL TOUR

# Bílstjórar óskast

**Kynnisferðir leita að hressum bílstjórum með ríka þjónustulund til að keyra tveggja hæða Reykjavik City Sightseeing útsýnisvagna um Reykjavík.**

**STARFSSVIÐ**

- Akstur og þjónusta við farþega.
- Umsjón og umhirða bifreiða.
- Vinna eftir umhverfis-, öryggis- og gæðastöðlum fyrirtæksins.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Aukin ökuréttindi D.
- Gilt ökuritakort.
- Reynsla af akstri hópferðabíla er æskileg.
- Hreint sakavottorð.
- Enskumælandi.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska og stundvísi.
- Jákvæðni, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð.

# We are looking for drivers

**Reykjavik Excursions is looking to hire positive and service minded drivers to drive Reykjavik City Sightseeing buses around Reykjavík.**

**ROLE AND RESPONSIBILITIES**

- Drive double-deckers and customer service.
- Daily supervision and care of vehicles.
- Work according to environmental-, safety and quality standards.

**QUALIFICATIONS**

- Valid driver's licence D.
- Tachograph card.
- Driving experience.
- Clean criminal record.
- Speak English, Icelandic is a plus.
- Be service minded and have good communication skills.
- Neatness and punctuality.
- Positive attitude, energetic and self reliant.

**Hop On - Hop Off • Reykjavik Excursions • Umferðarmiðstöðin BSÍ**
**101 Reykjavík • ☎ 580 5400 • www.citysightseeing.is • www.re.is**

**Tekið er á móti umsóknum rafrænt á jobs.re.is**
**Ferilskrá, kynningarbréf og mynd skal fylgja.**

**Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.**
**Umsóknarfrestur er til og með 20. september 2016.**

**Application form available on jobs.re.is**
**CV, cover letter and picture must be included.**

**Women and men are equally encouraged to apply.**
**Applications close on 20 September 2016.**



# Sérfræðingur í skipulagsmálum

Þróunarsvið Orkuveitu Reykjavíkur óskar eftir að ráða sérfræðing í skipulagsmálum til liðs við öflugan hóp sem hefur það hlutverk að horfa til framtíðar í starfsemi samstæðunnar. Við leitum að manneskju með góða samstarfshæfni, frumkvæði og hæfileika til að vinna í þverfaglegum teymum og ýta verkefnum áfram.

Starfið felst í umsjón með skipulags- og leyfismálum á starfssvæðum samstæðunnar. Viðkomandi mun vinna að undirbúningi skipulags svæðanna í samstarfi við sérfræðinga, sveitarfélög, leyfisveitendur og aðra hagsmunaðila.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf í skipulagsfræði, umhverfis- og auðlindafræði, landfræði eða öðrum greinum sem nýtast í starfi
- Reynsla í skipulags- og/eða leyfismálum er nauðsynleg
- Góð kunnátta í íslensku er nauðsynleg
- Þekking og reynsla af orkumálum er kostur

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

Frekari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með 19. september 2016.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015 JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

OR Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími · Tel. +354 516 6100 · www.or.is

# NAV sérfræðingur - einstakt tækifæri

Við leitum að Microsoft Dynamics NAV sérfræðingi fyrir stórt og leiðandi þjónustufyrirtæki í umfangsmikilli starfsemi.

Starfið felst í þarfagreiningum, innleiðingum, samskiptum við verktaka og þróun lausna. Stór og spennandi verkefni framundan. Einstakt tækifæri og framtíðarstarf í boði fyrir reyndan NAV forritara/ráðgjafa sem nýtur sín í kröfuhörðu umhverfi.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.
Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

HEILSUGÆSLAN



# Fagstjóri lækninga

## Heilsugæslan Mosfellsumdæmi

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf fagstjóra lækninga við Heilsugæsluna Mosfellsumdæmi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika. Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. nóvember nk. eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. september 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á. Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum. Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipulag, verkstjórn og samhæfing innan fagsviðs með svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Hefur umsjón með sérnámslæknum stöðvar, veitir fræðslu til nema, nýliða og starfsmanna fagsviðs í samvinnu við aðra starfsmenn stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða

### Hæfnikröfur

- Sérfræðingur í heimilislækningum
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu

### Frekari upplýsingar um starfið

Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Þengilsdóttir, svæðisstjóri Heilsugæslu Mosfellsumdæmis – 510-0700
svanhildur.thengilsdottir@heilsugaeslan.is.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Allar umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Jafnframt skal fylla út eyðublaðið „Umsókn um læknisstöðu" og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) undir útgefið efni.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

# Áfengis- og vímuefnaráðgjafi óskast til starfa við Sjúkrahúsið Vog

Laus er til umsóknar staða áfengis- og vímuefnaráðgjafa við Sjúkrahúsið Vog. Starfshlutfall er 100%. Staðan er laus nú þegar eða eftir samkomulagi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Þátttaka í daglegri ráðgjöf á Sjúkrahúsinu Vogi og öðrum starfsstöðum SÁÁ. Þetta innifelur m.a. vaktskyldu, samskipti og þjónustu við sjúklinga auk þverfaglegrar samvinnu.

**Hæfniskröfur**

- Löggilding til starfa sem áfengis- og vímuefnaráðgjafi á Íslandi.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð.

Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og SFR. Umsóknum skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á: hjalti@saa.is

**Nánari upplýsingar veitir**
Hjalti Björnsson, dagskrárstjóri
s. 8247620, netfang: hjalti@saa.is

SÁÁ

# VANTAR ÞIG VINNU?

## Nettó Granda

Óskum eftir starfsfólki á dagvaktir, kvöldvaktir og í hlutastörf

Reynsla af verslunarstörfum kostur

Umsóknir sendist á grandi@netto.is fyrir 18. sep 2016

Nánari upplýsingar veitir Ellert Gestsson verslunarstjóri Nettó Sími: 773-3007

nettó

## AÐSTOÐ Í MÖTUNEYTI
## 50% STARF

Aðföng leitar að duglegum og jákvæðum aðila í 50% starf aðstoðarmanns í mötuneyti. Starfið felst í uppvaski, frágangi og þrifum. Vinnutími er frá 10-14 alla virka daga.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. september** og hægt er að sækja um starfið á heimasíðu okkar, www.adfong.is. Óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

AÐFÖNG

---

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## Starfsmaður í mötuneyti í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða starfsmann í mötuneyti skólans. Um er að ræða fullt starf og er vinnutími frá kl. 08:00-16:00. Starfið felur í sér afgreiðslu, undirbúning málsverða og frágang. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun á þessu sviði s.s. matartæknanám eða matsveinanám eða reynslu af vinnu í mötuneyti.

Áríðandi er að viðkomandi eigi gott með samskipti og sé þjónustulipur. Laun eru skv. sérstökum samningi Starfsmannafélags ríkisins og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða umsjónarmanni mötuneytis.

*Skólameistari*

---

## STARFSMAÐUR Í MÓTTÖKU ÓSKAST



ARKÍS arkitektar

*ARKÍS arkitektar er framsækin arkitektastofa á sviði byggingarlistar, hönnunar, skipulags og vistvænnar hönnunar. Frá stofnun, árið 1997, hefur ARKÍS starfað bæði innanlands og á alþjóðamarkaði og unnið að fjölbreytilegum verkefnum fyrir einkaaðila og opinberar stofnanir.*

*ARKÍS starfar eftir þeirri meginhugsun að öll hönnun mannvirkja snúist um að skapa umhverfi og aðstæður sem auka lífsgæði okkar. Þá skuldbindur ARKÍS sig til að stuðla að auknu vægi vistvænnar hönnunar.*

*ARKÍS hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín.*

www.ark.is

## STARFSMAÐUR Í MÓTTÖKU

Arkís arkitektar ehf. auglýsa eftir starfsmanni í móttöku fyrirtækisins. Um er að ræða fullt starf. Leitað er að einstaklingi sem er gæddur þjónustulund, lipur í mannlegum samskiptum og hefur létta lund.

Starfið felst m.a. í símsvörun, móttöku viðskiptavina, fjölföldun, umsjón með fundarherbergjum og öðru tilfallandi ásamt því að sinna tækniteiknun.

Æskilegt er að viðkomandi sé tækniteiknari með þekkingu á bæði Revit og AutoCAD og geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn ásamt upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist með tölvupósti á netfangið **arkis@ark.is. Umsóknir skulu berast fyrir 16. september 2016**.

---

## VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

### **SÉRFRÆÐINGUR ÖRYGGIS- OG GÆÐAMÁLA** Í STAÐLA- OG GÆÐADEILD

Við leitum að talnaglöggum sérfræðingi til starfa í staðla- og gæðadeild. Meðal helstu verkefna eru skipulag og framkvæmd úttekta fyrirtækisins, umsjón með þjálfun úttektaraðila og þátttaka í stefnumörkun og uppbyggingu gæða- og öryggismála fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði tækni, raunvísinda eða rekstrargreina
- Reynsla af gæðamálum og úttektum skilyrði
- Þekking á ISO stöðlum og vottun er skilyrði
- Færni í uppsetningu og miðlun efnis og hafi tileinkað sér greiningaraðferðir og tölfræði
- Þekking á reglugerðum er varða flug er kostur

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.



**Maren** hefur starfað við uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli í tvö ár. Hún er hluti af góðu ferðalagi.

STARFSSTÖÐ:
**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR**

UMSÓKNARFRESTUR:
**18. SEPTEMBER 2016**

UMSÓKNIR
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

16-2604 — HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




## Framkvæmdastjóri

ÍSLENSKA SJÁVARKLASANS

**Við leitum að framkvæmdastjóra fyrir Íslenska sjávarklasann ehf; einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á frumkvöðlastarfsemi og fólki.**

Verkefni framkvæmdastjóra eru meðal annars að þróa nýsköpunarverkefni með vaxandi hópi samstarfsfyrirtækja og sjá um daglegan rekstur klasans. Stefnt er að frekari stækkun klasans á næstu misserum og framkvæmdastjóri mun leiða þá uppbyggingu í samvinnu við stjórn.

Íslenski sjávarklasinn ehf er drifkraftur nýrra hugmynda og stuðlar að öflugu samstarfi fyrirtækja og frumkvöðla í haftengdri starfsemi. Klasinn starfrækir Hús sjávarklasans ehf. sem er samfélag tæplega 70 fyrirtækja og frumkvöðla.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ **25.SEPTEMBER**. UMSÓKNUM ÞARF AÐ FYLGJA FERILSKRÁ OG KYNNINGARBRÉF OG SENDAST Á **EVA@SJAVARKLASINN.IS**

## MÁLARAR ÓSKAST!

Óskum eftir lærðum málurum eða mönnum með reynslu.
Nánari upplýsingar í síma **772-1300.**

***- Litalausnir málningarþjónusta ehf. -***

Byggingarfélagið Bestla

## Húsasmiðir

óskum eftir að ráða öfluga og sjálfstæða húsasmiði

## Verkamenn

óskum eftir öflugum verkamönnum með reynslu af byggingariðnaði

Áhugasamir sendi inn umsókn á netfangið:
jon@bestla.is
Upplýsingar í síma: Guðjón 895-7673



# Leitum að öflugu starfsfólki á Orkusvið

Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum sem hafa metnað, sýna frumkvæði í starfi og eiga auðvelt með að vinna með öðrum. Mikilvægt er að umsækjendur hafi gott vald á íslensku og ensku og þekking á Norðurlandamáli er kostur.

### Rafbúnaður

Við erum að leita að öflugum starfsmanni í rafbúnaðarhóp Orkusviðs á Akureyri eða í Reykjavík. Hópurinn, sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu, vinnur að fjölbreyttum verkefnum á sviði framleiðslu og flutnings á raforku hér á landi og erlendis. Verkefnin felast m.a. í kerfisathugunum, greiningum í raforkukerfum og hönnun virkjana, tengivirkja og jarðstrengja ásamt eftirliti, prófunum og gangsetningum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Meistarapróf í rafmagnsverkfræði
- Reynsla af vinnu við raforkukerfi er kostur
- Reynsla í notkun hönnunarforrita fyrir raforkukerfi er kostur

### Mannvirki - Vatnsafl

Mannvirkjahópur vatnsafls á Orkusviði leitar að byggingarverkfræðingi með reynslu eða áhuga á hönnun og byggingu virkjana. Hópurinn vinnur að hönnun vatnsaflsvirkjana frá hugmynd til lokahönnunar. Meðal verkefna hópsins eru frumathuganir og bestun á virkjanakostum, gerð kostnaðar- og verkáætlana og hönnun á stíflumannvirkjum, vatnsvegum, stöðvarhúsum og öðrum tengdum mannvirkjum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Meistarapróf í bygginga- og umhverfisverkfræði
- Reynsla af hönnun eða byggingu virkjana er kostur
- Reynsla í notkun teikniforrita, Autocad, Revit, Civil 3D er kostur

### Stjórnbúnaður

Í stjórnbúnaðarhóp erum við að leita að verk- eða tæknifræðingi með iðnmenntun eða reynslu af vinnu við stjórnkerfi. Vinnan felst einkum í greiningu og hönnun stjórnkerfa, gerð teikninga og forritun stýrivéla og skjámyndakerfa í virkjunum og tengivirkjum. Prófanir og gangsetningar kerfa á verkstað eru einnig hluti af verkefnum hópsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði stjórnkerfa
- Reynsla af vinnu við stjórnkerfi er kostur
- Reynsla af stýringu verkefna er kostur

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um á ráðningarvef Verkís **(umsokn.verkis.is)** til og með 19. september nk.

**Nánari upplýsingar veitir** Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, verkefnastjóri mannauðsmála, aoa@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Hjá Verkís starfa yfir 300 starfsmenn að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | 422 8000 | verkis@verkis.is | www.verkis.is

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

**3Z óskar eftir starfsmanni á rannsóknarstofu.**
Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

**Ábyrgðarsvið:**

- Framkvæmd tilrauna og mælinga
- Gagnavinnsla
- Umsjón með tilraunadýrum

**Hæfniskröfur:**

- Menntun í lífvísindum svo sem, lífeindafræði, líffræði eða lyfjafræði
- Reynsla af störfum í lyfjaiðnaði er kostur
- Auga fyrir smáatriðum, öguð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð eru skilyrði

**Um 3Z:**

Fyrirtækið 3Z er sprotafyrirtæki sem sprettur úr rannsóknarstofu í Háskólanum í Reykjavík. Fyrirtækið, sem er í eigu innlendra og erlendra fjárfesta auk starfsmanna, hefur þróað nýjar aðferðir til lyfjaprófana á þekktum miðtaugakerfisjúkdómum, svo sem flogaveiki, Parkinson´s og MND. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu fyrirtækisins ***www.3z.is***

Umsóknir berist á netfangið ***karlsson@3z.is***
eða ***thorsteinsson@3z.is***

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

# Skjalastjóri

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands.
Safnið er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn auglýsir laust starf skjalastjóra sem heyrir undir rekstrar- og upplýsingatæknisvið safnsins.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Þróun skjalastefnu og mótun verklags við skjalastjórn fyrir stofnunina í heild
- Gerð skjalavistunar- og grisjunaráætlunar ásamt eftirfylgni
- Umsjón með rafrænu skjalastjórnarkerfi safnsins og rafrænum skilum
- Skipulagning og framkvæmd fræðslu til starfsfólks um skjalamál og eftirfylgni með skjalaskráningu
- Póstdreifing, skönnun erinda og skráning í málaskrá
- Útgáfa og utanumhald eyðublaða og upplýsingaskjala
- Almenn skrifstofustörf og þjónusta við stjórnendur og starfsfólk
- Reikningagerð og umsjón með ársskýrslu

## Menntunar– og hæfnikröfur

- BA próf í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg menntun á sviði skjalastjórnunar
- Þekking og reynsla af upplýsingakerfum s.s. GoPro nauðsynleg
- Mjög góð tölvu- og tæknikunnátta nauðsynleg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Um er að ræða 100% starf sem sótt er um rafrænt á heimasíðu Landsbókasafns,
www.landsbokasafn.is undir Bókasafnið > Laus störf
Umsóknarfrestur er til og með 26. september 2016.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins.
Nánari upplýsingar veitir Edda G. Björgvinsdóttir, sviðsstjóri rekstrar-og upplýsingatæknisviðs (edda@landsbokasafn.is).

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is
Þekkingarveita í allra þágu



# Sérfræðingur stjórnkerfa

Veitur óska eftir að ráða jákvæðan og samskiptalipran sérfræðing í faglegt teymi Stjórnstöðvar Veitna sem sameiginlega sinnir vöktun og stjórnun á öllum veitukerfum fyrirtækisins. Sérfræðingur í stjórnkerfum gegnir lykilhlutverki í rekstri stýrivéla og stuðlar að öruggum rekstri þeirra. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem byggir á náinni samvinnu við aðrar deildir Veitna.

## Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón með stjórnkerfum s.s. forritun og reglun kerfa
- Forgangsröðun og utanumhald verkefna
- Samskipti við ráðgjafa og verktaka
- Rýni á hönnun stjórnkerfa
- Þátttaka í stefnumótun stjórnkerfa

## Menntunar- og hæfnikröfur:

- Menntun á sviði rafmagnsverk-, tæknifræði eða sambærilegt
- Reynsla af rekstri stýrivéla æskileg
- Reynsla af hönnun stjórnkerfa kostur
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Eingöngu er tekið á móti umsóknum** á ráðningavef Veitna, **starf.or.is/veitur/** þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. **Nánari upplýsingar** veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi, netfang **starf@veitur.is**. **Umsóknarfrestur** er til og með 19. september 2016.

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um**

Veitur eru fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

JAFNRÉTTISRÁÐ

Veitur eru dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur og sjá um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði fyrirtækisins.

Veitur ohf • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • 516 6000 • veitur.is

VEITUR



# KOMDU Í LIÐ MEÐ OKKUR!

**Ölgerðin leitar að ábyrgðarfullum, hraustum og duglegum einstakling til að sjá um að framstilla vörum fyrir Verslunarsvið fyrirtækisins.**

Viðkomandi einstaklingur er fulltrúi þeirra vörumerkja sem hann annast og ber ábyrgð á að vörurnar séu framsettar á sem söluvænlegastan hátt á öllum tímum í verslunum á höfuðborgarsvæðinu.

Um 80% starf er að ræða.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. september nk.**
Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar:
umsokn.olgerdin.is

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ**

- Að þjónusta viðskiptavini og mæta þörfum þeirra
- Að framstilla drykkjarvöru og sælgæti á faglegan hátt
- Að fylla á hillur, kæla og framstillingar í verslunum
- Að hámarka sölutækifæri og lágmarka rýrnun í samvinnu við sölumenn
- Að tryggja fagleg samskipti við viðskiptavini og samstarfsfólk

**HÆFNISKRÖFUR**

- Bílpróf
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hreint sakavottorð
- Jákvæðni, áreiðanleiki og framsækni

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON



## Fljúgandi færir sölumenn

Brammer leitar að sölumönnum á starfsstöð sína í Hafnarfirði.

**Hæfniskröfur:**

- Ástríða fyrir sölumennsku
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni
- Tölvukunnátta
- Góð þekking á íslensku og ensku
- Kostur ef viðkomandi hefur þekkingu á varahlutaþjónustu
- Kostur ef menntun nýtist í þessu starfi

**Helstu verkefni:**

- Þjónusta og sala til viðskiptavina
- Öflun nýrra viðskiptavina

Áhugasamir sendi ferilskrá til Brynju Vignisdóttur, starfsmannastjóra á netfangið brynja.vignisdottir@brammer.biz sem veitir jafnframt nánari upplýsingar í síma 864 6263.
Umsóknarfrestur er til og með 23. september 2016.

BRAMMER

Brammer er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á iðnaðarrekstarvöru, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæðavörur og sveigjanlega þjónustu. Framúrskarandi þjónustu okkar ber fyrst og síðast að þakka góðu starfsfólki. Brammer á Íslandi starfrækir vöruhús á svæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, verslun og söluskrifstofu í Hafnarfirði og skrifstofu í Reykjavík.
Brammer er ört stækkandi fyrirtæki á Íslandi með um 50 starfsmenn hérlendis.

OPTIMA
Stofnað 1953

# TÆKNIMENN

**Fyrir Akureyri og Reykjavík**

**Optima óskar eftir að ráða öfluga aðila í starf tæknimanna fyrir Reykjavík og Akureyri. Viðkomandi aðilar munu koma inn í sterkan hóp 10 starfsmanna á tæknisviði Optima ehf.**

Í boði er krefjandi og skemmtilegt starf í síbreytilegu umhverfi þar sem tekist er á við flókin tæki og hugbúnað. Starfið felur í sér námskeið bæði hér á landi sem og erlendis.

**Starfssvið:**

- Viðgerðir á tækjum s.s. prenturum, skönnum, ljósritunarvélum og öðrum tækjum sem fyrirtækið er með í sölu og þjónustu
- Önnur tilfallandi verkefni innan tæknisviðs
- Uppsetning og viðhald hugbúnaðar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði rafiðnfræði eða önnur sambærleg tæknimenntun
- Haldgóð starfsreynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla, þekking og áhugi á tæknimálum nauðsynlegur
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð hæfni í samskiptum
- Reglusemi og jákvætt hugarfar

Umsóknarfrestur er til og með 16. september nk. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. **Umsjón með starfinu hefur Þorsteinn G.A.Guðnason, netfang: thag@optima.is**



# VERTU MEÐ Í TEYMINU OKKAR!

Við leitum að hæfileikaríkum förðunarfræðingum, naglafræðingum og snyrtifræðingum.

Vegna aukinna umsvifa þá leitum við hjá Ölgerðinni að öflugum liðsmönnum í teymið okkar.
Um er að ræða hlutastörf sem verktakar í mjög spennandi verkefni á komandi misserum.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Menntun sem förðunar-, nagla- eða snyrtifræðingur.
- Sjálfstæði, frumkvæði og stundvísi.
- Snyrtimennska og geta til að vinna undir álagi.
- Þjónustulund, jákvæðni og samviskusemi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á snyrtivörum, húðumhirðu og tískustraumum.
- Vera tilbúin/n að starfa í öflugri liðsheild.
- Bílpróf.
- Hreint sakavottorð.
- Meðvituð/meðvitaður um samfélagslega ábyrgð.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:**

- Sala og þjónusta til viðskiptavina.
- Þátttaka í verkefnum tengdum snyrtivörum og sokkabuxum.
- Förðun fyrir verkefni tengdum snyrtivörum og tísku.

Umsóknarfrestur er til og með **14. september** nk.
Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: **umsokn.olgerdin.is**

Allar nánari upplýsingar veitir María Jóna Samúelsdóttir markaðsstjóri sérvöru: maria.jona.samuelsdottir@olgerdin.is

NYX PROFESSIONAL MAKEUP

Neutrogena · OROBLÙ · MAYBELLINE NEW YORK · Take care. GARNIER · REAL TECHNIQUES by Sam&Nic · essie · L'ORÉAL MAKEUP DESIGNER/PARIS

Grand HÓTEL REYKJAVÍK



**GRAND HÓTEL RYKJAVÍK STÆRSTA FUNDA- OG RÁÐSTEFNUHÓTEL ÍSLANDS**

Grand Hótel Reykjavík er fjögurra stjörnu ráðstefnuhótel fyrir ferðamenn og ráðstefnugesti sem vilja njóta glæsilegrar aðstöðu og framúrskarandi þjónustu.
Á Grand Hótel Reykjavík eru 311 herbergi og 15 ráðstefnu- og veislusalir. Hótelið er staðsett í rólegu umhverfi rétt við Laugardalinn.

Grand Hótel Reykjavík hefur hlotið Svansvottun Norræna umhverfismerkisins og einnig vottun frá Tún, eftirlits- og vottunarstofu fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Svansvottunin tryggir að hæstu gæðakröfur hvað varðar umhverfis- og heilbrigðismál séu uppfylltar.

# VIÐ GÖNGUM TIL MÓTS VIÐ NÝJA TÍMA, VILTU TAKA ÞÁTT?

## YFIRMATREIÐSLUMEISTARI

Ert þú leiðtogi sem hugsar stórt og vilt ganga til liðs við okkur. Grand Hótel Reykjavík óskar eftir því að ráða öflugan og metnaðarfullan yfirmatreiðslumeistara til þess að stýra einu stærsta ráðstefnu- og veislueldhúsi landsins.

**Hæfniskröfur;**

Meistararéttindi í matreiðslu eru skilyrði
Viðkomandi þarf að hafa viðamikla reynslu af stjórnun í eldhúsi
Leitað er að lausnamiðuðum einstaklingi með mikla skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð

Áhugasamir eru beðnir um að senda inn umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **starf@grand.is fyrir 26. september n.k.** merkt - **Yfirmatreiðslumaður.**

## RÁÐSTEFNUÞJÓNN

Við leitum eftir jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi með ríka þjónustulund.
Unnið er kl. 7.00 - 15.00 aðra vikuna og 8.00 - 16.00 hina vikuna sem og annan hvern laugardag.

## ÞJÓNAR Í MORGUNVERÐARSAL

Við leitum að þjónum til starfa í spennandi og metnaðarfullt starfsumhverfi.
Vaktavinna, 60-70% starfshlutfall.

**Hæfniskröfur**

- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Snyrtimennska og stundvísi

Áhugasamir eru beðnir um að senda inn umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **starf@grand.is** fyrir **26. september**, merkt því starfi sem sótt er um.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtún 38 / 105 Reykjavík / Sími: 514 8000 / grand.is

## Byggingarfélagið Bestla

### Húsasmiðir
óskum eftir að ráða öfluga og sjálfstæða húsasmiði

### Verkamenn
óskum eftir öflugum verkamönnum með reynslu af byggingariðnaði

Áhugasamir sendi inn umsókn á netfangið:
jon@bestla.is
Upplýsingar í síma: Guðjón 895-7673

## Fasteignasali óskast!

**Við á Heimili fasteignasölum leitum að sjálfstæðum fasteignasala til starfa við sölu fasteigna.**

Við leitum að einstaklingi sem er tilbúinn til að leggja sig fram um að ná árangri í starfi þar sem tækifærin eru mörg. Við störfum í skemmtilegu umhverfi þar sem mikið af verkefnum eru framundan á ört rísandi fasteignamarkaði. Umsækjendur þurfa að vera löggiltir fasteignasalar, eða í vera í námi til löggiltingar. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf fljótlega.

**Umsóknum skal skila til Finnbogi Hilmarssonar, fasteignasala, á finnbogi@heimili.is sem jafnframt veitir allar frekari upplýsingar í síma 895-1098.**

heimili
fasteignasala
– á traustum grunni

ALÞINGI

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í mötuneyti í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI ... ÞÚ SKIPTIR MÁLI!

**Iðjuþjálfun**

## IÐJUÞJÁLFI

*Viltu vinna með skemmtilegu fólki þar sem þú færð tækifæri til að öðlast víðtæka þekkingu innan fagsins? Við óskum eftir 4 iðjuþjálfum til starfa við iðjuþjálfun á Landspítala. Á spítalanum starfa um 45 iðjuþjálfar og er iðjuþjálfun með starfsemi í Fossvogi, Grensási, Kleppi, Landakoti, barna- og unglingageðdeild (BUGL), Laugarási, Reynimel og við Hringbraut.*

*Við leggjum áherslu á fagþróun, rannsóknir og kennslu heilbrigðisstétta og þverfaglegt samstarf. Í starfinu felast tækifæri til að öðlast breiða þekkingu innan fagsins. Við leggum ríka áherslu á að taka vel á móti nýjum starfsmönnum.*

**Hjarta- og æðaþræðingastofa**

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Við leitum eftir öflugum hjúkrunarfræðingi sem vill ganga til liðs við okkur. Unnið er í dagvinnu en gert er ráð fyrir að viðkomandi sinni bakvöktum eftir að þjálfun lýkur.*

*Á hjarta- og æðaþræðingastofu á lyflækningasviði starfar um 10 manna samhent teymi reyndra starfsmanna í nánu samstarfi við aðrar deildir spítalans. Þar eru gerðar hjartaþræðingar, kransæðavíkkanir, gangráðsísetningar, raflífeðlisfræðilegar rannsóknir/ aðgerðir og fleira sem tengist hjartasjúkdómum. Í hjartalækningum er mjög hröð framþróun og er vel fylgst með nýjungum á því sviði.*

**Röntgendeild**

## DEILDARLÆKNIR

*Áhugavert starf á röntgendeild. Við leitum eftir jákvæðum og metnaðarfullum deildarlækni í krefjandi starf á röntgendeild Landspítala þar sem viðkomandi verður mikilvægur hlekkur í öflugu starfi deildarinnar.*

*Fyrir þann sem hefur hug á sérfræðinámi í myndgreiningu er boðið upp á allt að tveggja ára starfsnám sem nýtist til sérnáms. Á röntgendeild Landspítala er öllum þáttum á sviði læknisfræðilegrar myndgreiningar sinnt.*

**Útskriftardeild**

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR SJÚKRALIÐI

*Skemmtilegt starf á útskriftardeild Landakoti. Við sækjumst eftir hjúkrunarfræðingi og sjúkraliða sem geisla af lífsgleði og hafa ánægju af samstarfi við aldraða. Ef þú ert lífsglaður og metnaðarfullur hjúkrunarfræðingur/ sjúkraliði og kannt samskipti upp á tíu, þá viljum við fá þig í vinnu.*

*Í boði er skemmtilegt starf fyrir þá sem vilja taka þátt í hvetjandi starfi þar sem stefnan er að útskrifa skjólstæðinga heim innan mánaðar endurhæfingar. Á deildinni starfa um 30 manns í þverfaglegu teymi. Góður starfsandi er ríkjandi og tækifæri eru til að vaxa í starfi. Við tökum vel á móti nýjum starfsmönnum og veitum góða aðlögun.*

**Smitsjúkdómadeild**

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR SJÚKRALIÐI

*Viltu öðlast fjölþætta reynslu? Við óskum eftir áhugasömum hjúkrunarfræðingi og sjúkraliða til starfa á smitsjúkdómadeild A7 á lyflækningasviði. Deildin er 22 rúma sólarhringsdeild, ætluð sjúklingum með bráð lyflæknisvandamál. Deildin sérhæfir sig í smitsjúkdómum en sjúklingahópurinn er fjölbreyttur og gefast því góð tækifæri til starfsþróunar og að öðlast fjölþætta reynslu.*

*Á deildinni starfa um 70 manns í nánu samstarfi við fagfólk í öðrum sérgreinum. Deildin er þekkt fyrir góðan starfsanda og unnið er markvisst að faglegri þróun og fögnum við nýjum hugmyndum. Við tökum vel á móti nýju fólki og veitum góða einstaklingshæfða aðlögun.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;**

WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

# LANDSPÍTALI ... ALLRA HAGUR!

LANDSPÍTALI

**Röntgendeild**

## LÍFEINDAFRÆÐINGUR

*Ertu hugmyndaríkur og tilbúinn að takast á við ný og krefjandi verkefni? Við leitum eftir jákvæðum og metnaðarfullum lífeindafræðingi í krefjandi starf. Um er að ræða nýtt starf í tengslum við nýjan hringhraðal og framleiðslu geislavirkra efna fyrir jáeindaskanna og verður viðkomandi mikilvægur hlekkur í öflugu starfi á þessu sviði.*

*Röntgendeild Landspítala sinnir læknisfræðilegri myndgreiningu og geislavörnum á spítalanum.*

**Lungnadeild**

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR SJÚKRALIÐI

*Við sækjumst eftir hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem og nýútskrifuðum til starfa á lungnadeild. Deildin er bráðadeild með hágæslurýmum og eina sérhæfða lungnadeildin á landinu. Þar fer fram greining og meðferð á sjúklingum með bráða og langvinna lungnasjúkdóma sem og svefnháða öndunartruflana.*

*Á deildinni starfa um 70 manns í þverfaglegu teymi. Góður starfsandi er ríkjandi og tækifæri eru til að vaxa í starfi. Við tökum vel á móti nýju fólki og veitum góða aðlögun.*

**Blóðlækningadeild**

## SJÚKRALIÐI

*Við óskum eftir metnaðarfullum og faglegum sjúkraliðum með framúrskarandi samskiptahæfni til starfa á blóðlækningadeild. Deildin er 14 rúma legudeild þar sem fer fram sjúkdómsgreining og krabbameinsmeðferð sjúklinga með blóðsjúkdóma auk stuðningsmeðferðar í tengslum við aukaverkanir.*

*Á deildinni starfa um 50 manns og leggur starfsfólk deildarinnar áherslu á góð samskipti við sjúklinga og fjölskyldur þeirra. Góður starfsandi er ríkjandi og tækifæri eru til að vaxa í starfi. Við tökum vel á móti nýju fólki og veitum góða einstaklingshæfða aðlögun.*

**Landakot**

## STARFSFÓLK Í BÝTIBÚR

*Vegna skipulagsbreytinga óskar Landspítali eftir að ráða starfsfólk í býtibúr á Landakoti. Við sækjumst eftir liðsmönnum sem hafa góða þjónustulund, eru stundvísir og liprir í samskiptum.*

*Á Landakoti eru endurhæfingardeildir fyrir aldraða þar sem meginmarkmiðið er að auka lífsgæði og færni til athafna daglegs lífs. Lögð er áhersla á góða umönnun og umhyggju í rólegu umhverfi þar sem þjónusta við sjúklinga og fjölskyldu byggir á þekkingu og fjölfaglegri nálgun.*

**Meltingar- og nýrnadeild**

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR SJÚKRALIÐI

*Við sækjumst eftir faglegum hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum til starfa á meltingar- og nýrnadeild 13E við Hringbraut. Deildin er 19 rúma legudeild og þjónar sjúklingum með bráða og langvinna sjúkdóma í meltingarfærum og nýrum. Lögð er áhersla á að skapa uppbyggjandi starfsumhverfi og veita einstaklingshæfða hjúkrun.*

*Á deildinni starfa um 60 manns í þverfaglegu teymi. Mjög góður starfsandi er ríkjandi og ótalmörg tækifæri eru til að vaxa í starfi. Við vinnum markvisst að því að gera deildina okkar betri og fögnum nýjum hugmyndum.*

**Geðsvið**

## HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

*Við sækjumst eftir hjúkrunarfræðingi með framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfileika í starf deildarstjóra á móttökugeðdeild 32A. Á deildinni starfa um 30 manns. Hjúkrunardeildarstjórinn er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar.*

*Á deildinni eru 17 rými fyrir sjúklinga sem þurfa greiningu og meðferð vegna geðrænna vandamála. Sérhæfing deildar er m.a. meðferð vegna átröskunar. Lögð er áhersla á góða samvinnu og endurskoðun á störfum og verkferlum á deildinni með hugmyndafræði geðhjúkrunar og batamiðrar þjónustu að leiðarljósi.*

**Sérhæfð endurhæfingargeðdeild**

## RÁÐGJAFI/ STUÐNINGSFULLTRÚI

*Við óskum eftir stuðningsfulltrúa/ráðgjafa sem hefur áhuga á að starfa með ungu fólki. Á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild (SEG) Kleppi starfa um 28 manns og ríkir þar einstaklega góður starfsandi sem einkennist af vinnugleði, metnaði, skipulagi og sveigjanleika og ótal tækifæri eru til að vaxa í starfi. Vaktabyrðin er hófleg og því óhætt að segja að starfsumhverfið sé fjölskylduvænt.*

*Deildin er 10-11 rúma legudeild og sinnir meðferð ungmenna á aldrinum 18-30 ára sem flest eru greind með geðrofssjúkdóma og fíknivanda. Rík áhersla er lögð á að styðja vel nánustu aðstandendur. Markmið endurhæfingar er að endurhæfa skjólstæðingana aftur út í samfélagið. Mikið er lagt upp úr því að virkja sjúklingana á allan mögulegan hátt á deildinni, úti í samfélaginu og í samstarfi við iðjuþjálfun og Batamiðstöðina á Kleppi.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;**

WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

# VERKEFNASTJÓRI Á TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ

Garðabær auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra á tækni- og umhverfissviði. Um er að ræða fullt starf.

**Helstu verkefni:**

- Vinna við embætti byggingarfulltrúa hvað varðar úttektir og yfirferð uppdrátta
- Verkefnastjórnun vegna viðhalds- og framkvæmdaverka
- Þátttaka í stefnumótun við uppbyggingu og þróun byggðar
- Ýmis stjórnsýsla, samráð og eftirlit vegna reksturs veitna og veituframkvæmda í sveitarfélaginu
- Vinna að almennri umhverfismótun s.s. við verndun náttúru og mannvirkjagerð
- Skráningar og umsjón með vistun gagna í viðeigandi kerfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Reynsla af verkefnastjórn
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá sem greinir frá menntun, fyrri störfum og reynslu umsækjanda ásamt upplýsingum sem varpað geta ljósi á færni viðkomandi til að sinna starfi verkefnastjóra á tækni- og umhverfissviði.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2016.** Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir** Eysteinn Haraldsson í síma 525 8500 eða með tölvupósti á netfangið eysteinn@gardabaer.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru beðnir að sækja um rafrænt á ráðningavef Garðabæjar www.gardabaer.is.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

GARÐABÆR 40

GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS




# Hjúkrunarstjórnandi

**Leitum að metnaðarfullum hjúkrunarstjórnanda með brennandi áhuga á öldrunarhjúkrun og stjórnun.**

Starfs- og ábyrgðarsvið deildarstjóra er að hafa faglega, stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð á daglegum rekstri á deildinni. Um er að ræða 100% starf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Starfsreynsla í hjúkrun og stjórnun
- Viðbótarnám er kostur
- Góð þekking og reynsla af Rai-mælitækinu kostur
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar veitir Árdís Hulda Eiríksdóttir forstöðumaður Hrafnistu í Hafnarfirði í síma 693 9502 eða á netfanginu ardishulda@hrafnista.is

das HRAFNISTA

GRINDAVÍKURBÆR

## Grindavíkurbær auglýsir stöðu launafulltrúa lausa til umsóknar

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Launafærslur og launakeyrslur
- Greiðsla launa og launatengdra gjalda
- Utanumhald viðveruskráningar
- Gerð launaáætlana
- Ráðgjöf til forstöðumanna stofnana sveitarfélagsins um kjarasamninga, gerð ráðningarsamninga og önnur almenn atriði auk leiðbeininga til starfsmanna um kjaramál
- Ráðgjöf og aðstoð við starfsmannastjóra hvað varðar mannauðs- og kjaramál

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af færslu launa og vinnu með kjarasamninga
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi á teymisvinnu

Umsókn ásamt ferilskrá skal berast eigi síðar en **23. september 2016** á bæjarskrifstofur Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62, 240 Grindavík eða á netfangið jont@grindavik.is. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi stéttafélags viðkomandi og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Jafnt konur sem karlar eru hvött til þess að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Þórisson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs (netfang: jont@grindavik.is - sími: 420-1100) eða Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri (netfang robert@grindavik.is)

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Móttökustjóri

Utanríkisráðuneytið óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku og til almennra húsvörslustarfa. Móttökustjóri sinnir fjölbreyttum verkefnum í starfsumhverfi þar sem reynir á ögud vinnubrögð og lipurð í samskiptum.

**Helstu verkefni:**

- Móttaka gesta
- Símsvörun
- Almenn húsvarsla
- Umsjón með ritfangalager

**Kröfur til umsækjanda:**

- Stúdentspróf eða sambærleg menntun sem nýtist í starfi (t.d. iðnmenntun)
- Staðgóð þekking í íslensku og ensku
- Góð tölvufærni
- Þjónustulund, handlagni, frumkvæði, færni til að vinna sjálfstætt og góð framkoma.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags starfsmanna stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. september 2016.**

Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is merkt **„Móttaka 2016“**. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til sækja um starfið. Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Harald Aspelund (harald.aspelund@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is)

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

***Hefur þú áhuga á heilsueflandi skólastarfi?***

## Heilsuleikskólinn Kór, Kópavogi

Auglýsir eftir:

- **Leikskólakennara, þroskaþjálfa og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni til að sinna stuðningi í 100% starfi eða hlutastarfi**
- **Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% starf eða hlutastarf.**

Heilsuleikskólinn Kór er sex deilda heilsuleikskóli með um 120 börn. Leikskólinn starfar eftir **Heilsustefnunni** og viðmiðum **Heilsueflandi leikskóla** og leggur ríka áherslu á heilsueflingu, jákvæðan skólabrag og öflugt lærdómssamfélag þar sem samvinna og gleði ríkir. Skólinn fylgir sameiginlegum matseðli í takti við **Næringarstefnu Skóla ehf.** sem hlaut tilnefningu til Orðsporsins 2014 og Fjöreggs NMÍ 2015. Framundan eru ýmis spennandi tækifæri fyrir áhugasamt fólk í tengslum við þróunarverkefni o.fl.



Nánari upplýsingar veitir
Bjarney K. Hlöðversdóttir skólastjóri í síma 570-4940.
**Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á http://skolar.is/Starf/**
Heimasíða: **www.skolar.is**

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!**

**Heilsuleikskólar Skóla ehf. eru:**
Hamravellir í Hafnarfirði, Háaleiti á Ásbrú í Reykjanesbæ,
Kór í Kópavogi, Krókur í Grindavík og
Ungbarnaleikskólinn Ársól í Reykjavík.

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Mannauðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

**Laus er staða mannauðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.**

Mannauðsstjóri er yfirmaður mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs og heldur utan um starfsmanna- og mannauðsmál á sviðinu.
Mannauðsstjóri heyrir beint undir sviðsstjóra og situr í framkvæmdastjórn sviðsins.
Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur 62 leikskóla, 36 grunnskóla og 5 frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita. Skóla- og frístundasvið veitir um 20 þúsund börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu.

**Starfssvið mannauðsstjóra er m.a.:**

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegri stýringu mannauðsþjónustu sviðsins.
- Áætlunargerð, m.a. í starfsþróunar- og símenntunarmálum.
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði mannauðsmála.
- Starfsmannamál, s.s. ráðgjöf varðandi vinnurétt, handleiðsla og ráðgjöf við stjórnendur og stefnumótun, ráðningar og framkvæmd símenntunar.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun í stjórnun.
- Marktæk reynsla af mannauðsmálum í stórri rekstrareiningu nauðsynleg.
- Þekking á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar æskileg.
- Góð þekking á umhverfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.
- Frumkvæði, stjórnunarhæfni og skipulagshæfileikar.
- Afburða samskiptafærni og hæfni til að starfa í hópi.

Umsókn fylgi starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur á hæfni til þess að gegna starfinu ásamt framtíðarsýn á mannauðsmál skóla- og frístundasviðs.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. október n.k.**

Laun eru skv. ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, ***www.capacent.is***

**Upplýsingar um starfið veitir Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, helgi.grimsson@reykjavik.is og í síma 6637500 og Helga Jónsdóttir, helga.jonsdottir@capacent.is hjá Capacent.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir**

---

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# HLJÓMSVEITIN ÞÍN



## STAÐA LEIÐARA Í SELLÓDEILD

**Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu leiðara í sellódeild frá og með næsta starfsári.**

**Hæfnispróf fer fram 29. nóvember 2016 í Hörpu.**

**EINLEIKSVERK**
**1.** Haydn sellókonsert í D-dúr (1. kafli með kadensu)
**2.** Fyrsti kafli úr rómantískum konsert að eigin vali
**3.** Tveir kaflar úr einleikssvítu eftir J.S. Bach

*Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.*

## STAÐA FIÐLULEIKARA

**Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar almenna stöðu í fiðludeild frá og með 2017.**

**Hæfnispróf fer fram 30. nóvember 2016 í Hörpu.**

**EINLEIKSVERK**
**1.** Mozart fiðlukonsert (1. kafli með kadensu) nr. 3 í G-dúr, nr. 4 í D-dúr eða nr. 5 í A-dúr.
**2.** Rómantískur fiðlukonsert að eigin vali (1. kafli með kadensu).

*Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.*

Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast í tölvupósti á netfangið starf@sinfonia.is
Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði hljómsveitarinnar, sinfonia.is, og hjá Unu Eyþórsdóttur mannauðsstjóra (una@sinfonia.is / sími 898-5017).

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 1. OKTÓBER 2016.**

**SINFONIA.IS**




# Rafeindavirki og laghentur starfsmaður í framleiðslu

Star-Oddi leitar að tveimur öflugum og vandvirkum starfmönnum í fjölbreytt störf í framleiðsludeild fyrirtækisins þar sem vinnur samhentur hópur starfsmanna.

Fyrirtækið er framsækið á sviði mælitækni fyrir rannsóknir á dýra- og náttúrulífi í hafi og á landi. Langflestir viðskiptavinir eru erlendir. Framtíðarsýn okkar er að vera leiðandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu lítilla, áreiðanlegra og harðgerðra mælitækja fyrir rannsóknir viðskiptavina okkar.

Óskað er eftir rafeindavirkja sem getur unnið við samsetningu á rafeindabúnaði. Einnig er óskað eftir laghentum starfsmanni en kostur er ef viðkomandi hafi reynslu af rafeindasamsetningu, lóðavinnu eða fínni handavinnu. Farið er fram á árangursmeðvitund, vandvirkni, samviskusemi og stundvísi.

**Gildi okkar eru áreiðanleiki, metnaður og heiðarleiki og leitumst við við að fylgja þeim í hvívetna í störfum okkar.**

Umsóknir óskast sendar með tölvupósti á jobs@star-oddi.com. Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum **19. september.** Nánari upplýsingar veitir Sigmar Guðbjörnsson í síma 533 6060 eða sigmar@star-oddi.com. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.



HÓTEL BORG
BY KEAHOTELS

APOTEK HOTEL
BY KEAHOTELS

## STARFSFÓLK ÓSKAST Í GESTAMÓTTÖKU

**Keahótel ehf óska eftir að ráða starfsfólk í fullt starf við næturvörslu í gestamóttöku á Hótel Borg og Apótek Hótel. Um er að ræða framtíðarstörf.**

Starfssvið næturvörslu er m.a.: Bókanir, innritun, upplýsingagjöf, reikningagerð, afgreiðsla o.fl.
Unnið er eftir vaktarfyrirkomulagi.

**Við óskum eftir starfskrafti sem hefur:**

- Ríka þjónustulund
- Góða samskiptahæfni
- Mjög góða íslensku- og enskukunnáttu í töluðu og rituðu máli
- Góða almenna tölvukunnáttu
- Þekking á Navision kostur
- Sjálfstæði og metnaður til að skila góðu starfi

Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð, vera reyklaus, 25 ára eða eldri og geta hafið störf sem fyrst.

**Umsækjendur sendi starfsferilskrá á netfangið**
rakel@keahotels.is



Vinnumálastofnun

# Greiðslustofa húsnæðisbóta á Sauðárkróki

VINNUMÁLA STOFNUN

**Vinnumálastofnun** leitar að öflugum starfsmönnum í áhugaverð og fjölbreytt störf á nýrri þjónustuskrifstofu húsnæðisbóta sem mun sjá um afgreiðslu og útborgun húsnæðisbóta í samræmi við ný lög um húsnæðisbætur. Þjónustuskrifstofan verður staðsett á Sauðárkróki og mun hefja starfsemi í nóvember.

Leitað er eftir einstaklingum sem eiga auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunnar: **Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.**

**Fimm stöðugildi fulltrúa:**

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Upplýsingagjöf og samskipti við viðskiptavini
- Vinnsla umsókna um húsnæðisbætur
- Önnur verkefni í starfsemi skrifstofunnar

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Stúdentspróf er æskilegt
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulagshæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Sækja skal um störf fulltrúa á Starfatorgi: **www.starfatorg.is**/ með númerið 201609/1189

**Fimm stöður sérfræðinga:**

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Afgreiðsla og mat á umsóknum um húsnæðisbætur
- Framkvæmd og ábyrgð á afgreiðslufundum
- Formleg samskipti við einstaklinga og opinberar stofnanir
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Góð þekking á húsaleigumarkaði
- Reynsla af greiningarvinnu sem nýtist í starfi
- Reynsla af rafrænni málsmeðferð er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulagshæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Sækja skal um störf sérfræðinga á Starfatorgi: **www.starfatorg.is**/ með númerið 201609/1190

**Fjármálastjóri:**

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Dagleg fjárumsýsla skrifstofunnar
- Sjá um greiðslur til umsækjenda
- Sjá um upplýsingagjöf til fjármálsviðs Vinnumálastofnunar
- Önnur tilfallandi verkefni, samvinna og stuðningur við yfirstjórn

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða hagfræði
- Mjög góð bókhaldskunnátta og farsæl reynsla af bókhaldsstörfum nauðsynleg
- Nákvæmni í vinnubrögðum og tölugleggni
- Mjög góð tölvufærni, þ.m.t. excel
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulagshæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Sækja skal um starf fjármálastjóra á Starfatorgi: **www.starfatorg.is**/ með númerið 201609/1191

**Umsóknarfrestur er til og með 30. september 2016.** Nánari upplýsingar um starfið veita Þór Hauksson Reykdal forstöðumaður (**threykdal@vmst.is**) og Vilmar Pétursson mannauðsstjóri (**vilmar.petursson@vmst.is**) í síma 515 4800.

**Fyrirmyndarþjónusta** | **Virðing** | **Áreiðanleiki**

Vinnumálastofnun Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 4800 **www.vmst.is**

DAGNÝ & CO

FERSKT FRESH FRAIS FRISK · GOTT GOOD BON GOD · HOLLT HEALTHY SAINT SUNDT

# Fjármálastjóri

**Dagný & co leitar að reyndum og öflugum fjármálastjóra í fullt starf, með viðskiptafræðimenntun eða sambærilegt.**

**Viðkomandi þarf að búa yfir:**
- Bókhaldsþekkingu og reynslu
- Reynslu af fjárhagsáætlanagerð
- Getu til að vinna undir álagi
- Frumkvæði
- Jákvæðni

Við bjóðum góð laun og aðstöðu fyrir réttan aðila. Við hvetjum fólk af báðum kynjum og á öllum aldri til að sækja um.

Vinsamlega sendið okkur ferilskrá á dagny@dagnyehf.is þar sem fram kemur menntun og reynsla. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf fyrir 20. september næstkomandi.

*Dagný & co er matvælafyrirtæki í örum vexti. Við framleiðum samlokur, tilbúna rétti, salöt, eftirrétti og fleira. Við erum til húsa að Flatahrauni 27 í Hafnarfirði í húsnæði sem er sérhannað undir vinnslu af þessu tagi. Við hreykjum okkur af góðum vinnuanda og skemmtilegum og fjölþjóðlegum hópi starfsmanna.*

ALVERK
FRAMKVÆMDARÁÐGJÖF

Al-Verk er framsækið stjórnunarfyrirtæki í mannvirkjagerð með megináherslu á framkvæmda- og verkfræðiráðgjöf. Fyrirtækið er í dag stjórnunarráðgjafi við eina stærstu byggingaframkvæmd á höfuðborgarsvæðinu og hefur innan sinna raða kraftmikið, vel menntað og metnaðarfullt starfsfólk með langa reynslu.

Al-verk hefur yfirumsjón með framkvæmdum, og sinnir verkefnis- og byggingastjórn. Fyrirtækið veitir einnig ráðgjöf við undirbúning framkvæmda, virðisgreiningu og hönnun.

# Framkvæmdaeftirlit/Verkefnastjórn

Okkur vantar góðan liðsauka. Umsækjendur þurfa að vera með reynslu af sambærilegum störfum, liprir í mannlegum samskiptum og með ríka þjónustulund.

### Helstu verkefni
- Verkþáttastýring
- Framkvæmdaeftirlit
- Kostnaðargát/eftirlit
- Kostnaðargreiningar
- Þátttaka í hönnunar- og verkfundum
- Gerð verkáætlana
- Þátttaka í rýnifundum tengdum verkefna- og gæðastjórnun

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í byggingatæknifræði, byggingafræði eða byggingaverkfræði
- Iðnmenntun á byggingasviði er kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum
Óska eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu til 1. nóv. Reglusemi hetið. Upplýsingar í s. 6113868

Óska íbúð fyrir starfsfólk, helst miðsvæðis. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 897 1995

## Sumarbústaðir

**LAND Í GRÍMSNESI**
Til sölu sumarbústaðaland 6000fm. ásamt 14 fm sumarhúsi+ 50fm pallur. 20. feta geimslugámur, rotþrá, rafmagn og kalt vatn. Hitaveita á lóðamörkum. Nálægt Kiðabergi og fleiri golfvöllum, sundlaugum að Minniborgum og Hraunborgum. 75 km. frá Reykjavík. Uppl í síma 6601050. Verð 7.milljónir. (get hugsanlega tekið bíl uppí sem hluta greiðslu)

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Óska eftir geymsluhúsnæði á suðvesturhorni fyrir hjólhýsi. Uppl. í s. 898 6401

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 & solbakki311@gmail.com Sólbakki.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

**SPENNANDI VINNA HJÁ BYKO.**
Öryggisvörður óskast til starfa hjá BYKO á Höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða fullt starf við staðbundna öryggisgæslu í verslunum BYKO og aðstoð við öryggisstjóra. Skilyrði, reynsla af öryggisvarðarstörfum, góð tölvukunnátta, vel talandi á íslensku og ensku. Hreint sakavottorð skilyrði.

Umsóknir berist á netfangið, egill@byko.is Upplýsingar um starfið hjá öryggisstjóra í síma 821-4018.

**DÝRARÍKIÐ**
Óskar eftir starfsmönnum í fullt starf.Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf.
**Upplýsingar ásamt ferilskrá sendist á: dyrarikid@dyrarikid.is**

**HLUTASTARF Í SÉRVÖRUVERSLUN Í HAFNARFIRÐI**
Starfsmaður óskast í afgreiðslu í sérvöruverslun í Hafnarfirði. Heiðarleiki, stundvísi, snyrtimennska og íslensku kunnátta skilyrði. Starfið hentar mjög vel með skóla.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á kat3101@gmail.com

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Föst laun og árangurstengd í boði. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt kvöldstarf eða í 770-2277

HAFBERG fiskbúð sælkerans

**FISKBÚÐIN HAFBERG**
óskar eftir að ráða verslunarstjóra

viðkomandi þarf að vera:

ábyrgðarfull/ur

jákvæð/ur

sjálfstæð/ur

góð þjónustulund

söludrifinn

**Áhugasamir sendi fyrirspurn á hafberg@internet.is eða í s 8203413 Geir**

**ATH - ATH - ATH !!**
Gamla smiðjan Lækjargötu 8 og Þrastalundi. Við erum að leita að metnaðarfullu, jákvæðu, kraftmiklu fólki til að veita afburðagóða þjónustu. Fullt starf og hlutastarf.
**Allar nánari upplýsingar í s. 661-7000**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Er vandamál með neysluvatnið?**
Við ástandsskoðun, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR



Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**




**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

**ÞRIF OG AÐSTOÐ Í BAKARÍ**

Röskur, stundvís og heilsuhraustur starfskraftur óskast til vinnu við þrif og aðstoð í bakaríi og önnur tilfallandi störf í Kópavogi. Vinnutími alla virka daga frá kl. 9-16

**Áhugasamir sendi umsókn og/ eða ferilskrá á: kokuhornid@ kokuhornid.is eða s. 861 4545**

**SINNUM**

getur bætt við sig starfsfólki í fjölbreytt verkefni í heimaþjónustu og liðveislu á kvöldin og um helgar á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ, tilvalið með námi.

Umsóknir sendast á sinnum@ sinnum.is.

Nánari upplýsingar í síma 519 1400

Gröfumaður óskast, aðeins vanir menn. Einnig verkamenn vanir jarðvinnu. Uppl. í s. 897 0731

Leitum eftir dugmiklum starfskröftum á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar. 18 ára aldurstakmark. Fyllið út umsókn á dekkjahollin.is

Krakkahöllin Korputorgi óskar eftir duglegu og jákvæðu fólki í vinnu. Frá 16-20 virka daga og 11-19 um helgar. 20 ára eða eldri og hentar vel skólafólki. Umsóknir sendist á krakkahollin@krakkahollin.is

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**

*Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.*

**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**







# FRÉTTABLAÐIÐ

**57,4%**

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

57,4% lesa Fréttablaðið

29,1% lesa Morgunblaðið

Skv. prentmiðlakönnun Gallup, apríl–júní 2016.

Allt sem þú þarft ...

BOLTINN Í BEINNI

# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar:**

**Laugardaginn 10. sept**
11:10 Man.United - Man.City
13:50 Arsenal - Southampton
16:20 Liverpool - Leicester City

**Sunnudaginn 11. sept**
14:50 Swansea City - Chelsea

**Hljómsveitin Klettar**




**Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs, Björgvin Gísla og Siggi Árna spila í kvöld.**

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

*Sala fasteigna frá* **1957**
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

2013 - 2015 Framúrskarandi fyrirtæki

## BAUGANES 16, 101 REYKJAVÍK



Glæsilegt nýlegt 238,4 fm einbýlishús á pöllum við Bauganes í Skerjafirði. Við hönnun hússins var lögð áhersla á að skapa stórt og bjart fjölskyldurými sem nýtur lofthæðar og birtu úr öllum áttum ásamt því að vera með góða tengingu við garð og umhverfi. Lóðin snýr til suðurs og er með opnu svæði handan garðsins í landi borgarinnar. Úr stofu er víðáttumikið útsýni og birtuflæði í húsinu er einstakt. Húsið skiptist m.a. í forstofu, stofu, eldhús, borðstofu, 4-5 herbergi, tvö baðherbergi og þvottahús. Í húsinu er mikið af föstum innréttingum sem eru sérsmiðaðar úr hlyni en sprautulakkaðar á böðum og í anddyri.

## SÓLEYJARGATA 37, 101 REYKJAVÍK



Vorum að fá í einkasölu 330,5 fm einbýlishús með bílskúr við Sóleyjargötu. Húsið er á tveimur hæðum auk kjallara. Á aðalhæð hússins eru m.a. stofur, borðstofa, sólstofa og eldhús. Á efri hæð hússins eru 3-4 herbergi, baðherbergi og snyrting. Stórar svalir eru útaf efri hæðinni. Í kjalllara eru herbergi, geymslur og þvottahús. Sér inngangur er í kjallarann en einnig innangengt. Fallegt útsýni er úr húsinu. Einstök staðsetning við miðbæ Reykjavíkur. Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir fasteignasali í síma 861 8511, magnea@eignamidlun.is

## HAUKANES 6, 210 GARÐABÆ



Einstaklega vandað og vel skipulagt samtals 385 fm einbýlishús með glæsilegu útsýni. Húsið stendur á sjávarlóð sem er eignarlóð. Húsið hefur verið mikið yfirfarið og endurnýjað m.a. þak á húsi og bílskúr og fl. Vandaðar innréttingar. Stór stofa og borðstofurými við útsýnisglugga og rúmgóðu fjölskyldueldhúsi. Föndur/leikherbergi á neðri hæðinni ásamt þremur herbergjum og rúmgóðu hjónaherbergi. Endurnýjuð vönduð baðherbergi. Mjög fallegur garður með gróðri og skjólgóðum veröndum. Góður 43,4 fm bílskúr er framan við húsið og er góð aðkoma að húsinu og talsvert af bílastæðum.

## STÓRAKUR 9, 210 GARÐABÆR



Einstaklega fallegt og vel staðsett 347 fm einbýli á einni hæð í Akrahverfi Garðabæjar. Lofthæð er mikil eða um 4 metrar (stofa, borðstofa, eldhús, sjónvarpsherbergi og anddyri), og gluggar gólfsíðir. Húsið skiptist í anddyri, hol, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu, sjónvarpshol, fjögur svefnherbergi auk baðherbergis og fataherbergis innaf hjónaherbergi. Viðarverönd til suður og vesturs með skjólgirðingum og heitum potti. Húsið stendur á stórri lóð innst í botnlanga neðst í hverfinu, nálægt grunn og framhaldskóla. Húsið er teiknað af Sigurði Hallgrímssyni.

## LÁGHOLTSVEGUR 9, 107 REYKJAVÍK




Fallegt og vel staðsett 177 fm einbýlishús byggt árið 1985 úr timbri á steinkjallara, ásamt 20 fm vönduðu garðhúsi. Rúmgóð hellulögð bílastæði eru á lóð og afgirtur hellulagður garður. Húsið er í góðu ástandi að utan og innan og nýlega var byggt við húsið og stofur stækkaðar. **Verð 79,9 millj.**

**Opið hús mánudaginn 12. sept n.k. milli 17:15 og 17:45.**

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson lögg. fasteignasali í síma 824-9093, kjartan@eignamidlun.is

## SÉRBÝLI Á SELTJARNARNESI ÓSKAST

Höfum kaupana að 250-400 fm einbýlishúsi, parhúsi eða raðhúsi á Seltjarnarnesi.

Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir fasteignasali í síma 861-8511.

## SÉRBÝLI Í FOSSVOGI ÓSKAST

Höfum kaupana að 200-400 fm einbýlishúsi, parhúsi eða raðhúsi í Fossvogi.

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson fasteignasali í síma 824-9093.

## EINBÝLISHÚS Í VESTURB. ÓSKAST

Höfum kaupanda að 200-400 fm einbýlishúsi í Vesturbænum.

Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir fasteignasali í síma 861-8511.

# Spergilkál er grænmeti *ástarinnar*



Spergilkálsbuff með grænmetisturni.

Það er þrungið af járni og bætiefnum, það prýðir matardiskana og það er eitt af því sem auðvelt er að rækta á Íslandi. Spergilkál er gott bæði hrátt og snöggsoðið og hentar sem uppistaða í grænmetisrétti, meðlæti með kjöti og sem millimál.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Spergilkál er í miklu uppáhaldi hjá mér og þegar þetta íslenska kemur í búðirnar á haustin þá hef ég það alltaf á borðum, oftast bara með smjöri og salti en það hentar líka mjög vel í matarmikil salöt,“ segir Valentína Björnsdóttir í Móður náttúru, sem framleiðir grænmetisrétti. Hún segir nauðsynlegt að passa sig að sjóða spergilkál minna en meira, því það haldi áfram að soðna eftir að það komi af hitanum. „Tveggja til fjögurra mínútna suða í gufu, eða mjög litlu vatni, er fín, fer eftir stærð hausanna.“

Valentínu finnst líka skipta máli hvernig kálið er skorið. „Ég fer með lítinn hníf inn í krónuna og liða hana í sundur eftir greinunum. Margir skera stöngulinn alveg frá en ég sker bara allra neðsta partinn af, skef svo utan af stönglinum ef hann er trénaður og nota afganginn. Ég hef ræktað spergilkál, það hefur gengið misvel en mig dreymir um að eiga spergilkálsakra!“

Í lokin kemur ein rómantísk saga. „Þegar við hjónin giftum okkur fyrir 15 árum fórum við í brúðkaupsferð austur fyrir fjall í bústað og komum við á Hæðarenda í Grímsnesi til að kaupa gulrætur. Þegar við spurðum eftir spergilkáli sagði bóndinn: Ég er hættur að tína það, fariði bara út á akurinn og fáið ykkur. Þarna innsigluðum við hjónabandið með fullum poka af þessu himneska káli og fannst við ofsalega rík. Hjónabandið hefur enst þannig að spergilkál er grænmeti ástarinnar!“



Það er ekki sama hvernig grænmeti er skorið, segir Valentína. Spergilkálið sker hún þannig að það líti út eins og lítil tré.



Spergilkál hentar vel í matarmikil salöt, hér er eitt slíkt úr eldhúsi Valentínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Buff með grænmetisturni

**Fyrir 2 til 4**

**400 gr soðin hýðishrísgrjón**
**200 gr soðnar kjúklingabaunir**
**100 gr soðnar kartöflur**
**½ bolli rifið spergilkál**
**3 msk. saxaður graslaukur**
**1/2 msk. salt**
**2 msk. Mexíkókryddblanda**
**Brauðrasp eða haframjöl**

Hnoðið allt saman í hræri- eða matvinnsluvél. Mótið buffin í höndunum og veltið þeim upp úr brauðraspi eða haframjöli og steikið.

**1 vænn haus spergilkál** skorinn í fallega kvisti, léttsoðinn í söltu vatni.
**Olía** til steikingar
**1 rauðlaukur gróft saxaður**
**2 hvítlauksrif fínt söxuð**
**1 kúrbítur skorinn í bita**
**2 lúkur spínat**
**1 lúka ferskt basil**
**½ tsk. rósmarín**
**Salt og pipar**
**1 msk. rúsínur**
**2 msk. sítrónusafi**
**8 msk. rauð pastasósa**
**Rifinn vegan ostur**
**4 litlir tómatar**

Steikið saman á pönnu rauðlauk, hvítlauk og kúrbít. Þegar það er farið að brúnast bætið þá spínati, basil, kryddum og rúsínum út í og látið mýkjast aðeins á pönnunni. Hellið sítrónusafa yfir.

Setjið steikta grænmetið yfir buffin.

Setjið tvær matskeiðar af pastasósu á hvert buff, rifinn ost og einn smátómat.

Setjið réttinn í ofninn og bakið í fimm mínútur á 60°C eða þar til osturinn er bráðinn.

Berið fram með fersku salati.



### Spergilkálssalat með grænmetisbollum og satay-sósu

**Fyrir 2 til 4**

**1 vænn haus spergilkál,** skorinn í fallega kvisti og léttsoðinn í söltu vatni
**Væn lúka strengjabaunir** léttsoðnar
**1 rauðlaukur skorinn í sex báta,** penslaður með olíu og bakaður í ofni í ca. 20 mínútur á 170°C
**1 pakki Dheli koftas,** bakað í ofni í 10 mínútur á 170°C
**½ dl kasjúhnetur,** ristaðar í ofni í 5 mínútur á 170°C
**1 mangó,** frosið eða ferskt, skorið í bita
**1 rauð paprika,** skorin í bita
**2 vorlaukar** sneiddir fínt
**Ferskt salat** að eigin vali

**Kælið brokkolí,** strengjabaunir, Dheli koftas og rauðlauk.

Blandið öllu varlega saman.

### Satay sósa vegan

**30 g engifer afhýtt**
**200 ml eplasafi**
**150 ml kókosmjólk**
**½ lúka ferskt kóriander**
**2 msk. hnetusmjör**
**30 ml sojasósa**
**½ rautt chilli**
**½ tsk. svartur pipar**
**½ tsk. salt**
**2 msk. sítrónusafi**

Allt sett í blender.

## Nú stækkar Kór Seljakirkju

Söngelskir hafi samband hið snarasta við Tómas kórstjóra í síma 866-1823 eða netfangið tomaseggertsson@gmail.com
Skemmtileg haustönn er að hefjast!

Tónleikar Vinátta Samræður Fegurð Aðventa Samvera Kórstjóri Hugmyndir Sópran Tenór Frelsi Latína Tómstund Flygill Hljómar Nótur Eyru Agi Alt Þríund Undirleikur Raddþjálfun Tónlist Hammond-orgel Bassi Sálmar Kátína Kórverk Kaffi Samsöngur Æfingar Þagnir Raddbönd Röddun Pásur Guðsþjónustur Orgel




# UM 1.300 BEINAR ÚTSENDINGAR Á ÁRI

*Sportpakkinn inniheldur:* ***Stöð 2 Sport, hliðarrásir, Eurosport, Extreme Sport, Motors TV, Sky News, NBA TV, MUTV, LFC TV og Chelsea TV.***

2 SPORT

*Sportpakkinn er svo sannarlega einn með öllu fyrir fólk sem hefur áhuga á íþróttum. Fótbolti, körfubolti, ruðningur, bardagaíþróttir, frjálsar og margt annað sem fær hjartað til að slá örar.*
***Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.***

*Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is.

Samsetning sjónvarpspakka getur breyst án fyrirvara.

365.is | Sími 1817

365



Þökkum ættingjum
og vinum auðsýnda samhygð og
stuðning við fráfall

**Ástráðs Karls Guðmundssonar**

sem lést 9. júlí sl.

**Hrefna Guðmundsdóttir**
**Jóhannes Hrefnuson Karlsson**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts og jarðarfarar
elskulegs eiginmanns míns, föður,
tengdaföður, afa og langafa,

**Gunnars S. Hafdal**
Hamratúni 36, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyfjadeildar
og heimahlynningar Sjúkrahússins á Akureyri.

**Þóra Kristín Flosadóttir, synir tengdadætur, barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir hlýhug, samúð
og vináttu við andlát og útför

**Dagnýjar Maríu Sigurðardóttur**
félagsráðgjafa MA og sjúkraliða,
Þrastarási 26, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11E,
Landspítalanum við Hringbraut, fyrir góða
umönnun og virðingu.

**Jón Garðar Hafsteinsson**
**Ragnar Heiðar Jónsson**
**Axel Ingi Jónsson** **Birna Styrmisdóttir**
**Páll Grétar Jónsson**
**Ingibjörg St. Sigurðardóttir** **Jóhann Sigurðsson**
**Sigurður K. Sigurðsson** **Hallfríður G. Blöndal**
**og fjölskylda.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð, vináttu og
hlýhug við andlát og útför móður
okkar, tengdamóður, ömmu og
langömmu,

**Auðar Ásu Benediktsdóttur**

**Hildur Hrönn Hreiðarsdóttir** **Guðmundur Sigurðsson**
**Ingibjörg Hreiðarsdóttir** **Guðmundur Magnússon**
**Bogey Hreiðarsdóttir** **Árni Alfreðsson**
**Logi Snævar Hreiðarsson**
**Hreiðar Hugi Hreiðarsson** **Tove Gulbrandsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum auðsýnda samúð, vináttu
og hlýhug vegna andláts elskulegs
eiginmanns, föður og afa,

**Helmouts Karls Kreidler**
sjónfræðings,

sem lést 19. ágúst við heimili sitt við
Vatnsendablett.

**Steinunn Kristjánsdóttir**
**Einar Victor Karlsson**
**Dagur Freyr Einarsson**
**Eydís Lára Einarsdóttir**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441



**Skúli Gunnar hefur lengst af átt heima í borginni, þó sveitin heilli hann æ meira.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fagnar stórafmæli á afrétti

**Skúli Gunnar Sigfússon, kenndur við Subway, verður fimmtugur á morgun. Hann ætlar að verja deginum í smölun á afréttum Vestur-Skaftfellinga. Það verður hans veisla.**

„Aldurinn leggst ágætlega í mig en ég spái ekki mikið í hann. Þetta er bara eins og það er,“ segir Skúli Gunnar Sigfússon, stundum nefndur Subway-kóngur, og lætur sér fátt um finnast þótt fimmtugsafmælið bresti á á morgun. Hann er staddur á Reynivöllum í Suðursveit þegar ég slæ á þráðinn til hans, þar á hann jörð ásamt frænda sínum og fjögur hús sem áður voru orlofshús Eimskipafélags Íslands. Nú er verið að dytta að þeim.

Skúli Gunnar er hagvanur í Suðursveit, var þar oft á sumrin hjá afa sínum og ömmu á Leiti og hefur á síðustu dögum verið þar í réttum og rifjað upp kynnin við sveitungana. Nú er hann hins vegar á leið í lengri smalamennsku því í Skaftárhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu bíður víðfeðmur og leitóttur afréttur eftir honum. Ef afrekaskrá Frjálsíþróttasambandsins lýgur ekki getur afmælisbarnið látið um sig muna þar, því Skúli Gunnar á nokkur nýleg langhlaup að baki. „Ég hef aldrei farið í göngur þarna áður, en slæst í för með vini mínum, Pálmari, sem var í sveit í Mörtungu,“ upplýsir hann.

Með því að stofna Subway á Íslandi veðjaði Skúli Gunnar á réttan hest. Var einn af fáum fjárfestum sem litlu töpuðu í hruninu því hann skuldaði svo lítið. Nú á hann Leiti, eignarhaldsfélag sem er meðal annars bakhjarl Subway og Hamborgarafabrikkunnar, og líka Sjöstjörnuna, fasteignafélag. „Næsta stórverkefni sem ég tek þátt í er Eldfjallasetur á Hvolsvelli og svo er ég með í verkefni tengdu Raufarhólshelli auk þess að byggja hótel í Hafnarstræti 17-19 sem Icelandair Hotels munu reka,“ lýsir hann.

Skúli Gunnar titlar sig samt bónda í símaskránni enda er hann sestur að austur í Ölfusi. Hann kveðst ekki vera með fasta skrifstofu í bænum, heldur hafa gott fólk sem sjái um daglegan rekstur. „Ég leysi mál í gegnum síma og tölvur, er búinn að svara svona sjö símtölum í morgun,“ segir hann léttur þegar klukkan er 10.30. Hvort hann verður í sambandi á afréttinum er vafasamt en það veldur honum ekki áhyggjum. Hver veit nema hann breyti titlinum í símaskránni í „smala“ eftir helgi.

**gun@frettabladid.is**



Hjartans þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur vináttu og hlýhug vegna
andláts og útfarar ástríks eiginmanns,
föður, sonar og bróður,

**Kristjóns Jónssonar**
rafeindavirkja,
Kríuási 21, Hafnarfirði.

Öllum þeim sem önnuðust Kristjón af alhug
í veikindum hans eru færðar sérstakar þakkir. Einnig
innilegar þakkir til félaga Kristjóns í Hjálparsveit skáta í
Reykjavík fyrir að skapa fallega umgjörð við útförina.

**Steinvör V. Þorleifsdóttir**
**Kristín Jóna Kristjónsdóttir**
**Þórhildur Kristjónsdóttir**
**Kristín Jóna Kristjónsdóttir** **Jón Ingi Sigursteinsson**
**Aðalheiður Jónsdóttir**
**Halldóra Jónsdóttir**



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
vegna andláts og útfarar ástkærrar
eiginkonu, móður, tengdamóður
og ömmu,

**Bryndísar Dóru Þorleifsdóttur**
Mánatúni 2.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Sóltúns fyrir alúðlega
umönnun og góða kveðjustund.

Hinn svarti steinn sorgarinnar mun slípast í skæran
demant minninga sem lifir áfram.

**Jón Þór Jóhannsson**
**Þorleifur Þór Jónsson** **Þórdís H. Pálsdóttir**
**Stefanía Gyða Jónsdóttir** **Benjamín Axel Árnason**
**Jóhann Þór Jónsson** **Þórunn Marinósdóttir**
**Bergrún Svava Jónsdóttir** **Ragnar Baldursson**
**og barnabörn.**




„Í tilefni afmælisins fórum við í miklar endurbætur á hótelinu, veitingastaðurinn var tekinn í gegn og móttakan endurnýjuð,“ segir Jakob.

# Hótel Örk í Hveragerði reis á níu mánuðum

**Það var töfrum líkast hvernig Hótel Örk í Hveragerði spratt upp fyrir 30 árum. Afmælistilboð eru um helgina og í dag er opið hús með ís, köku, leikjum og töfrabrögðum.**

Hótel Örk í Hveragerði á 30 ára sögu að baki og heldur afmælishátíð um helgina. „Það hefur verið góður gangur í rekstrinum síðustu ár en hótelið var mikill pakki á sínum tíma,“ segir Jakob Arnarson sem hefur verið hótelstjóri Hótels Arkar í tólf ár. „Þetta er eina hótelið á Íslandi með eigin útisundlaug og hér eru mikil salarkynni, húsið er 5.200 fermetrar að stærð en herbergin 85. Frá því fyrsta skóflustunga var tekin og þar til starfsemi var hafin í húsinu liðu bara níu mánuðir. Hér var sannarlega byggt af stórhug en meira af kappi en forsjá.“

Raunverulega átti byggingin að vera 1.500 fermetrar í byrjun en svo var endalaust byggt ofan á, að sögn Jakobs „Það var ekkert vesen í þá daga, bara hringt á bæjarskrifstofuna og spurt hvort það væri ekki í lagi að bæta við hæð! Þetta væri ekki hægt í dag. Bara það að fá leyfi fyrir sundlaug er stórmál.“

> **Það var ekkert vesen í þá daga, bara hringt á bæjarskrifstofuna og spurt hvort það væri ekki í lagi að bæta við hæð!**

Það var Helgi Þór Jónsson byggingarverktaki sem reisti Hótel Örk og rak það í byrjun. Jakob segir hann fyrst bara hafa ætlað að byggja veitingastað. „Svo datt honum í hug að það væri kannski snjallt að vera með svona 15 herbergi líka en það endaði svona. Pælingin var að þetta yrði heilsuhótel því Þjóðverjar fóru mikið í heilsuferðalög á þessum tíma. Hér störfuðu sjúkraþjálfarar og læknar í byrjun þannig að ekki skorti metnaðinn. Hins vegar var allt byggt á víxlum og reksturinn var þungur framan af.“

Haldið verður upp á 30 ára afmælið með fjölskylduvænum hætti, fyrir utan tilboð á gistingu og mat er opið hús milli klukkan 15 og 17 í dag. Þar er boðið upp á afmælisköku, ís fyrir krakkana, lasertag og Einar einstaki töframaður ætlar að koma í heimsókn. „Þeir sem vilja geta komið með golfkylfur því það er golfvöllur hér við hliðina á hótelinu,“ bendir Jakob á. „Örkin er eitt af fáum hótelum á landinu sem státar af því.“

gun@frettabladid.is

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Margrétar Katrínar Valdimarsdóttur**

áður til heimilis að Ölduslóð 44, Hafnarfirði,

sem lést 10. júlí sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og hlýju í veikindum hennar.

**Steingrímur Guðjónsson · Sigríður Inga Sævarsdóttir**
**Valdís Birna Guðjónsdóttir · Einar Kristján Jónsson**
**Þórdís Guðjónsdóttir · Sigurður Björgvinsson**
**Ólafía Sigríður Guðjónsdóttir · Jón Auðunn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðmunda Kr. Jónsdóttir**

frá Vorsabæjarhóli, síðar til heimilis að Grænumörk 5, Selfossi,

lést fimmtudaginn 8. september.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Svala H. Steingrímsdóttir**
**Helga Ívarsdóttir**
**Markús Kr. Ívarsson**
**Jón M. Ívarsson**
**Jason Ívarsson · Hulda Sváfnisdóttir**
**Margrét Ó. Ívarsdóttir**
**Áslaug Ívarsdóttir · Pálmi Vilhjálmsson**
**Ingibjörg Ívarsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Frímann Frímannsson**

Brekatúni 30, Akureyri,

andaðist hinn 4. september síðastliðinn í faðmi fjölskyldu sinnar á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. september klukkan 13.30.

**Sigríður Guðrún Árnadóttir**
**Ásdís Frímannsdóttir · Marc Carlson**
**Frímann Frímannsson · Ester Sigurðardóttir**
**Soffía Frímannsdóttir · Elías Kristjánsson**
**Harpa Frímannsdóttir · Davíð Scheving**
**Hulda Frímannsdóttir · Skúli Eyjólfsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, sonar og afa,

**Axels E. Sigurðssonar**

Alúðarþakkir til allra þeirra er stutt hafa okkur með minningargjöfum.
Guð blessi ykkur öll.

**Laufey M. Jóhannesdóttir**
**Linda Rún Axelsdóttir**
**Hrafnhildur María Axelsd. Ledger · Vincent Ledger**
**Sigurður Axel Axelsson · Bryndís Þóra Gylfadóttir**
**Björn Torfi Axelsson · Hafdís Mjöll Lárusdóttir**
**Sigurður Axelsson · Hrafnhildur Kristinsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkæri faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

**Halldór Grétar Gunnarsson**

Karlagötu 10, áður Austurgötu 43, Hf.,

lést á háskólasjúkrahúsi í Cordoba á Spáni 15. ágúst sl. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði 13. sept. kl. 13.00.

**Elías Halldórsson, Hekla Halldórsdóttir,**
**Samúel Halldórsson, Rósa Dögg Ómarsdóttir,**
**Ólöf, Jóhanna, Kristín, Halldóra og Gunnhildur Gunnarsdætur,**
**Ólavía Rós, Emma, Villads, Sigríður Rós**

---



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**María Ingólfsdóttir**

Kveldúlfsgötu 24, Borgarnesi,

andaðist miðvikudaginn 7. september á Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi.

**Helga Ólöf Halldórsdóttir**
**Lilja Guðrún Halldórsdóttir · Guðmundur Jónsson,**
**Garðar Halldórsson · Guðlaug S. Guðlaugsd.**
**Ingólfur Halldórsson · Rut Olsen,**
**Ólöf Halldórsdóttir · Sveinn Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdasonur, tengdafaðir og afi,

**Magnús Þormar Hilmarsson**

frá Siglufirði,

lést á líknardeild Landspítalans 4. september. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 12. september kl. 13.00.

**Hafdís Arnardóttir,**
**Hrönn Magnúsardóttir, Magnea Magnúsardóttir,**
**Hörður Valgarðsson, Harpa Hrund Berndsen,**
**Sesselja Magnúsdóttir,**
**Máni Snær Hafdísarson,**
**tengdaforeldrar og barnabörn.**

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
1 Núll spenna en gott samband við raunveruleikann (11)
11 Það var hér sem þessi deila fór fram (10)
12 Strípaðar tvívængjur safna góðgæti (11)
13 Tek þessa fyrstu skítahrúgu og svo fleiri (10)
14 Um þá sem gerðir voru og svo aftur öðruvísi (9)
15 Vil að þú snoðir Ernu í uppnámi á nyrstu tá (10)
16 Ákveðin frjóvgun verður ekki fyrr en ég ræð orminn (11)
19 Fer eins hratt yfir á tveimur slíkum (11)
25 Á við lepp og lækningu (8)
26 Segir svamp minna á skynfæri fremur en odda (9)
27 Þessi ruglaði að vestan er síðri afi (8)
31 Dregur til sín súrefni sundfugls (5)
32 Sú iðna las um hásin í ruglinu (7)
33 Hertir að þeim, því þeir eru í vanda (10)
34 Það sem er í kortunum á Spáni er ekki í lagi (5)
35 Óvænt stórfrétt drepur (5)
36 Óveðursbjánar og aðrar minni veifur þola betur vind (10)
38 Rennum að keltum (7)
40 Hnusar bæði af og á og dregur af því sinn lærdóm (9)
43 Brúnafljót baðar sára hermenn (7)
44 Legg öfugt raup á gamalt fat (4)
46 Kveð af krafti meðan ég múra (5)
47 Kokkuðu kjöt af fæti í hvelli fyrst þeir höfðu þessa græju (13)
48 Frá bókinni að eftirlíkingunni (8)

**LÓÐRÉTT**
1 Sama tuggan æ oní æ – með ávaxtabragði? (11)
2 Finn rásavölur við göturæsin (11)
3 Ætli þau steli þeim sterka án þess að spyrja? (11)
4 Gerðu að engu svo það verði sem í upphafi (7)
5 Var Ingi með þessum ruglaða hálfnafna sínum? (7)
6 Saur seggja má rekja til fjaðranna (8)
7 Líklegt að víkin sé þröng (8)
8 Að drukkna í dufti enda ölvuð mjög (8)
9 Fara undir feikn af fönn (8)
10 Óbyggð náðir, reyndu nú að verða rík! (8)
17 Læddist þá órói í samstöðuna við kjarnann (10)
18 Gult er augnhár sjávarguðsins sem prýðir garða landsins (10)
20 Keðjukvendi bíður maka bundin mjög (9)
21 Læt undan ósk um að ég stafi rest af rugli (9)
22 Asíuríki risti sínar (9)
23 Í ljósi aðdraganda er rétt að vísa til seinkunar (10)
24 Af heimsins lengstu röðum, skv. ákveðnum mælieiningum (8)
28 Þessi halaði á hlið og þótti mikil bylting (10)
29 Skel vill aur að aftan fyrir þá sem náð hafa langt (10)
30 Fyrst var furðan gerð, svo var hún rugluð og eignuð óskyldum (10)
37 Hér segir af fyrsta riti sem ég afpanta (6)
39 Par í bíl deilir (6)
41 Fyrsta áfall kveikir ástarbál (5)
42 Ílát 50a, segir sú gamla (5)
44 Var þessi Bandaríkjaforseti mikið fyrir gervisilki? (4)
45 Götin voru gleið (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**KARTÖFLUSALAT**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Villibráð** eftir **Lee Child** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Stefán Vilhjálmsson, Akureyri**




**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt upp birtist gamalt orð yfir gamla græju sem fæstir nota í dag (14). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 16. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „10. september".

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.




# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Vond byrjun en góð lok

Ísland er með tvö 6 manna lið á HM í Wroclaw í Póllandi sem spilað er dagana 3.-17. september. Liðið í opnum flokki er skipað Aðalsteini Jörgensen, Birki Jónssyni, Karli Sigurhjartarsyni, Snorra Karlssyni, Sveini Rúnari Eiríkssyni og Þresti Ingimarssyni. Liðið í kvennaflokki er skipað Önnu Ívarsdóttur, Guðrúnu Óskarsdóttur, Önnu Guðlaugu Nielsen, Helgu Helenu Sturlaugsdóttur, Arngunni Jónsdóttur og Svölu K. Pálsdóttur. Liðinu í Opna flokknum gengur ágætlega að loknum 12. umferðum (þegar þessar línur eru skrifaðar) og er í 5. sæti með 140,22 stig en Pólverjar eru efstir með 162,25 stig. Í tólftu umferð var átt við Argentínu í opnum flokki og útlitið ekki bjart eftir fyrsta spilið í leiknum. Í opnum sal enduðu Argentínumennirnir í 6 hjörtum dobluðum í AV eftir hindrunarsagnir NS í spaða. Norður gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ D 10 9 5 4 3
♥ -
♦ 9 7 5
♣ K 9 8 3

**Vestur**
♠ -
♥ D 8 4 2
♦ K 10 8 6
♣ Á D 5 4 2

**Austur**
♠ K 8
♥ Á G 8 5 3
♦ Á D G 4 3
♣ 6

**Suður**
♠ Á G 7 6 2
♥ K 10 9 7
♦ 2
♣ G 10 7

Eftir opnun á 2 spöðum í norður ákvað Sveinn Rúnar að beita sagnvopninu „Leaping Michaels" og stökk í 4 tígla í austur, sem sýnir sterka hönd með rauðu litina (a.m.k. 5-5 skipting). Þröstur ákvað að kýla strax í alslemmu í hjarta og sögnum lauk í 7 hjörtum dobluðum. Þau fóru 2 niður og Argentínumenn græddu 9 impa. Hins vegar bitu okkar menn í skjaldarrendur og unnu leikinn með 46 impum gegn 22.

## Skák Gunnar Björnsson



Poluljakov átti leik gegn Flis í Póllandi árið 1993.

**Svartur á leik**

**1. ... Hxd3+! 2. Kxd3 Kg6.** Hvítur gafst upp. Ekki gekk vel hjá Ólympíuliðunum í gær. Töp gegn Grikkjum og Spánverjum. Tvær umferðir fara fram um helgina.

**www.skak.is**: Áttunda umferð kl. 11.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 1 | 5 | | 3 |
| | 7 | | | 9 | | 6 | | |
| 8 | | 6 | | | 5 | 9 | 7 | |
| | | 4 | | | 6 | 8 | | 9 |
| | | | 2 | | 8 | | | |
| 1 | | | 4 | | | 3 | | |
| | 2 | | 5 | | | | | |
| 6 | | | 1 | | 7 | 4 | 5 | |
| 7 | | 8 | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 5 | | 6 | 1 | | | 4 |
| | | | 8 | | 3 | 2 | | |
| 9 | 1 | | | 2 | 4 | | | |
| 1 | | 2 | | | | | 4 | |
| 5 | | | | 4 | | | | 7 |
| | | 4 | | | | 9 | 3 | |
| 6 | | | | | | | 8 | |
| | 7 | | | 5 | | | 1 | |
| | 5 | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | 6 | | 1 |
| 5 | | | 4 | | 3 | | | |
| 2 | | | | 8 | | | 5 | 9 |
| | | | | | 4 | 8 | 1 | |
| 7 | | 5 | 6 | | | | | |
| | | 6 | | 9 | 2 | | | |
| 6 | | 8 | 9 | | | 1 | | 4 |
| | | | | | 6 | | | |
| 1 | | 4 | 8 | | | | | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 5 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 2 | 1 | 8 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 8 | 7 | 5 | 1 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 8 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 5 | 2 | 6 | 1 | 7 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 8 |
| 4 | 6 | 9 | 8 | 5 | 2 | 3 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 4 | 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 7 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 7 |



Ný sending

# HAUST 2016

Skór fyrir alla fjölskylduna



SIX13681
verð: 16.995



SIX15409
til í svörtu, ljósbrúnu og gráu
verð: 16.995



SIX1753
til í svörtu og ljósbrúnu
verð: 17.995



SIX1711
til í svörtu og ljósbrúnu
verð: 18.995

SIXMIX®



SIX14476
til í svörtu, ljósbrúnu, gráu og lakki
verð: 16.995



SIX1735
verð: 17.995



SIX9916
til í svörtu og ljósbrúnu
verð: 17.995



SIX1058
til í svörtu, ljósbrúnu og gráu
verð: 14.995



skór.is
KRINGLAN ▪ SMÁRALIND

Skór.is
www.skor.is

## Konráð og félagar á ferð og flugi 216

Bragi Halldórsson

Kata var búin að vera svo grimm við Róbert að hann fór í fýlu. „Þetta var nú illa gert Kata,“ sagði Róbert. „Þú leggur Róbert í einelti.“ „Hann byrjaði,“ svaraði Kata ákveðin. „Með öllum þessum stælum um að þykjast kunna og geta allt.“ „Það þarf samt ekki að hrekja hann í burtu fyrir það,“ sagði Konráð. „Nei kanski ekki,“ sagði Kata og virtist sjá svolítið eftir því hvernig hún hafði komið fram við Róbert.

Lísaloppa hlustaði á samtalið en sagði svo: „Hér er ein gáta sem mig langar til að leysa og ég veit að Róbert hefði ekki getað leyst, en getur þú leyst hana Kata?“ „Hver veit! Hvernig er hún?“ spurði Kata. „Við eigum að draga fjögur bein strik án þess að lyfta blýantinum frá blaðinu og strikin verða að fara í gegnum alla níu punktana,“ sagði Lísaloppa. „Þessi er erfið,“ viðurkenndi Kata.

Getur þú leyst þessa gátu?





### Leikur vikunnar

## Gísl

Einn er dómari í þessum leik. Öðrum þátttakendum er skipt í tvo hópa sem koma sér fyrir hvor sínum megin við miðjulínu á afmörkuðu leiksvæði. Leikmaður úr öðru liðinu heldur á bolta og reynir að hitta einn úr hinu liðinu. Takist honum það er sá sem hann hitti orðinn gísl og skiptir um lið. Annars kastar einhver úr hinu liðinu til baka og reynir að hitta andstæðing. Þetta er gert þangað til enginn er eftir í öðru hvoru liðinu. Dómari stendur utan við völlinn og passar að leikmenn skiptist á að kasta og að enginn stígi inn á vallarhelming hins liðsins.


## Leyfishafanámskeið leigubílstjóra

Með vísun til laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, gengst Samgöngustofa fyrir rekstrarleyfisnámskeiði fyrir leigubílstjóra í **Ökuskólanum í Mjódd** dagana **26. – 30. september 2016.**

Þátttaka tilkynnist fyrir **23. september 2016** til Ökuskólans í Mjódd í síma **567 0300**

Samgöngustofa UMFERÐARSTOFA

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD





Mikael Aron, klár á körfuboltaæfinguna hjá KR. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ruglaðist á mömmu og systur hennar

Hann æfir körfubolta og leikur sér í fótbolta og tölvu, er líka alltaf að hlusta á tónlist en dansar ekki mikið. **Mikael Aron Sverrisson** fór í útilegu í sumar og fræddist þar um fjöldamorðingjann Axlar-Björn.

„Ég heiti Mikael Aron og ég er níu ára. Á ensku myndi ég segja; My name is Mikael Aron and I am nine years old.“ Þannig svarar Mikael Aron fyrstu spurningunni. Hann er í Melaskóla og uppáhaldsnámsgreinin hans er stærðfræði. „Mér finnst deiling skemmtilegust. Svo er ég nýbyrjaður í smíði og það er líka mjög skemmtilegt,“ segir hann en hvernig er dagurinn eftir skóla?

Ég fer oftast beint að leika mér við vini mína eða fer á körfuboltaæfingar hjá KR sem eru þrisvar í viku. Við mamma förum líka mikið í sund, á kaffihús og í fótbolta. Ég hef mjög gaman af að leika mér í Playstation 4 og Nerf. Svo er ég alltaf að hlusta á tónlist en dansa ekki mikið.

> **Á VETURNA FER ÉG SVO OFT Á SKÍÐI MEÐ PABBA MÍNUM, ÖMMU OG AFA.**

**Fleiri áhugamál?** Ég les bækur, fékk bókina Vélmennaárásin í afmælisgjöf, Ævar vísindamaður skrifaði hana, mjög góð bók. Á veturna fer ég svo oft á skíði með pabba mínum, ömmu og afa. Við skíðum bæði í Hlíðarfjalli á Akureyri og svo hef ég nokkrum sinnum farið í skíðaferðir til Austurríkis.

**Hvað var það markverðasta sem þú gerðir í sumar?** Ég fór í útilegu á Snæfellsnesið og við tjölduðum á Arnarstapa. Ég fór dagsferð um nesið og sá til dæmis staðinn sem talið er líklegt að Axlar-Björn sé grafinn. Axlar-Björn er talinn vera þekktasti fjöldamorðingi Íslands.

**Hvað er það skrítnasta sem hefur hent þig?** Það var rosalega skrítið þegar ég ruglaðist alveg á mömmu minni og systur hennar. Ég hélt sko að systir hennar mömmu væri mamma mín. En þær eru tvíburasystur og eru alveg nákvæmlega eins, jafn góðar og sætar.

## Listaverkið

**Það eru allir að dansa,** nefnist þessi mynd eftir Fríðu Rakel Valsdóttur.



# BASKIN ROBBINS Í ICELAND




**BASKIN ROBBINS**
Aðeins
**799**
500 ML.

OPIÐ
**24**
TÍMA

Iceland

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Stíf norðanátt og mikil rigning norðantil á landinu á morgun og því má búast við aukinni flóða- og skriðuhættu á þeim slóðum. Sunnantil á landinu má gera ráð fyrir mun hægari vindi með rigningu af og til. Hiti 7 til 12 stig að deginum, mildast sunnantil.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 23° | Oslo 20° | Stokkhólmur 23° | Gautaborg 23° | Helsinki 17° | Þórshöfn 12° | Nuuk 5° |
| London 21° | Amsterdam 25° | Paris 25° | Berlín 26° | Madríd 30° | Brussel 25° | Róm 29° |
| Boston 21° | New York 25° | Orlando 24° | Moskva 16° | Singapúr 28° | Tókýó 24° | Sydney 14° |




## Flóð & fjara

| | Flóð | Fjara |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12:34 | 19:00 |
| | 2,72m | 1,48m |
| Akureyri | 04:06 | 09:58 |
| | 1,10m | 0,61m |
| Ísafjörður | 01:39 | 07:50 |
| | 1,54m | 0,76m |

## Tunglstaða

Vaxandi
51%

Sólarupprás:
06:36

Sólarlag:
20:09

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↓1 | 10° ↓11 | 9° ↘16 | 11° ↖12 | 12° ↖9 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↓8 | 6° ↙5 | 6° ↘12 | 9° ↑10 | 9° ←9 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° →7 | 6° ↘7 | 6° ↗13 | 10° ↗8 | 10° ↖8 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↗8 | 8° ↙6 | 10° ↑14 | 11° ↑7 | 9° ↖11 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↑2 | 11° ↓3 | 9° ↗9 | 9° ←6 | 11° ↖7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Henrik Ibsen og samtíminn

## Sigríður Jónsdóttir fylgist með íslenskri samrunauppfærslu og fleira góðgæti á Ibsen-hátíðinni í Ósló um þessar mundir.

Um þessar mundir er haldin heljarinnar hátíð í höfuðborg Noregs undir nafninu Ibsen Festival en fyrsta hátíðin var haldin árið 1990. Á tuttugu- og sex árum hefur hún vaxið með ári hverju, í þetta skiptið spannar hún átján daga, frá 8. til 25. september, sem innihalda meira en 170 viðburði: Leiksýningar, skoðunarferðir, fyrirlestrar og fjölmargt annað er á boðstólum. Flestar leiksýningarnar koma frá Norðurlöndunum en einnig eru sýningar frá Grikklandi, Ungverjalandi og Zimbabwe svo eitthvað sé nefnt. Allar eiga þær sameiginlegt að tækla verk eftir höfuðleikskáld Noregs: Henrik Ibsen.

Það er því mikill heiður fyrir Ísland og sviðslistamenningu landsins að opnunarsýningin í ár er unnin af Íslendingum og var frumsýnd á stóra sviði Þjóðleikhúss Noregs síðastliðinn fimmtudag við mikinn fögnuð áhorfenda. Þorleifur Örn Arnarsson og Mikael Torfason snúa bökum saman aftur en nú liggur sjálfur Henrik Ibsen undir. Þeirra síðasta samvinnuverkefni var Njála á liðnu leikári en sú sýning gengur enn í Borgarleikhúsinu og sópaði til sín Grímuverðlaunum nú í júní.

Eins og þeirra er von og vísa ráðast þeir ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Þeim nægir ekki að taka fyrir eitt verk eftir Ibsen heldur tvö. Leikverkunum Villiöndinni og Fjandmanni fólksins eftir Henrik Ibsen, sem samin voru af höfundinum með stuttu millibili, er hressilega blandað saman af Þorleifi Erni og Mikael. Sýningin hefur fengið nafnið Vildanden + En folkefiende – Enemy of the Duck og inniheldur spuna, samtímalegar vísanir og dragsýningu undir tónum Páls Óskars. Með þeim í för eru sviðsmyndahönnuðurinn Vytautas Narbutas, búningahönnuðurinn Sunneva Ása Weisshappel og tónlistarmaðurinn Bjarni Frímann.



Kai Remlov dansar í hlutverki Ekdals gamla og bak við hann er Mads Ousdal í hlutverki Gregers Werle. MYND/ØYVIND EIDE

Að sögn leikstjórans er sýningin hugsuð sem vettvangur til að skoða hugmyndina um sannleikann, bæði í persónulegu og samfélagslegu samhengi. Örlög Werle- og Ekdal-fjölskyldnanna eru prædd saman svo úr verður epísk frásögn um ábyrgð, ástir og afdrifaríkar ákvarðanir.

Werle-bræðurna leika Mads Ousdal og Eindride Eidsvold sem báðir eru þjóðþekktir í Noregi. Sumir af reyndustu leikurum hússins taka einnig þátt þar á meðal Kai Remlov og Frøydis Armand, bæði hafa þau verið fastráðin við leikhúsið í áratugi en hlutverk Kai sem Ekdal gamli verður hans síðasta sem fastráðins leikari við húsið.

Sýningin hefur nú þegar vakið mikla lukku gagnrýnenda en bæði Dagbladet og VG gáfu sýningunni fimm stjörnur af sex mögulegum nú á föstudaginn. Áhorfendur risu á fætur í lok sýningar og Hanne Tømte, listrænn stjórnandi Ibsenhátíðarinnar, fór fögrum orðum um hópinn í frumsýningarboði seinna um kvöldið.

En Þorleifur Örn og Mikael eru ekki einu Íslendingarnir að sýna verk á hátíðinni. Þann 18. september verða sex ný leikrit frá Norðurlöndunum lesin í Dramatikkens hus. Íslenska framlagið, valið af sérstakri dómnefnd sem besta leikritið á tímabilinu janúar 2014 til desember 2015, að þessu sinni er Segulsvið eftir Sigurð Pálsson sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu á sínum tíma. Leikararnir Hannes Óli Ágústsson og Margrét Vilhjálmsdóttir munu leiklesa verkið og koma fram ásamt öðrum norrænum leikurum.

Einn af hápunktum hátíðarinnar er afhending alþjóðlegu Ibsen-verðlaunanna sem heiðrar sviðslistafólk sem skarað hefur fram úr á sínu sviði, en þau eru afhent á tveggja ára fresti. Að þessu sinni hlýtur breski sviðslistahópurinn Forced Entertainment verðlaunin og verðlaunafé upp á tæpar 35 milljónir íslenskra króna fylgir í kaupbæti. Þau munu einnig sýna nokkur af sínum bestu verkum á hátíðinni.

Ósló iðar af leikhúslífi þessa dagana og mun gera langt fram í september. Íslendingar sem eiga leið um Ósló eða búa þar í bæ eru hvattir til að láta þessa hátíð til heiðurs Henrik Ibsen ekki fram hjá sér fara.

**Sigríður Jónsdóttir**


KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

LANDSLIÐ KARLA Í KÖRFUBOLTA

UNDANKEPPNI EUROBASKET 2017

MIÐ. 14. SEP. KL. 20:15

ÍSLAND KÝPUR

Ísland og Kýpur eigast við í mikilvægum leik í undankeppni EM, EuroBasket 2017, miðvikudaginn 14. september. Leikurinn hefst kl. 20:15 í Laugardalshöllinni.

Miðaverð er 2.000 kr. fyrir 13 ára og eldri og frítt er fyrir 12 ára og yngri.

Miðasala fer fram á tix.is

Mætum og styðjum strákana til sigurs!

ICELANDAIR DOMINO'S DEILDIN DHL Landflutningar Hertz errea advania 2 SPORT KPMG Lykill SAFFRAN molten Lengjan LAUGAR café CINTAMANI


# Byrjaði með látum

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★★★

Verk eftir Rakmaninoff og Ravel á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einleikari: Nikolai Lugansky. Stjórnandi: Yan Pascal Tortelier.
**Eldborg í Hörpu**
**fimmtudaginn 8. september**

Þegar ég gekk inn í Eldborgina til að hlýða á upphafstónleika vetrarins hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á fimmtudagskvöldið hitti ég Njörð P. Njarðvík. Hann brosti til mín og sagði: „Þetta verður gaman.“

